

# **Forn skriðuföll á Vestfjörðum**

**Halldór G. Pétursson og Höskuldur Búi Jónsson**

Unnið fyrir Ofanflóðasjóð

NÍ-01029

Akureyri, desember 2001



NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS



**NÍ**Reykjavík   
Akureyri 

<b>Skýrsla nr</b> NÍ-01029	<b>Dags, Mán, Ár</b> 29.12.2001	<b>Dreifing</b> <input checked="" type="checkbox"/> Opin <input type="checkbox"/> Lokuð til
<b>Heiti skýrslu / Aðal- og undirtitill</b> Forn skriðuföll á Vestfjörðum		<b>Upplag 50</b>
		<b>Fjöldi síðna</b> 89
<b>Höfundar</b> Halldór G. Pétursson og Höskuldur Búi Jónsson		<b>Verknúmer</b>
<b>Unnið fyrir</b> Ofanflóðasjóð		
<b>Samvinnuaðilar</b>		
<b>Útdráttur</b> Fjallað er um “forn” skriðuföll á Vestfjörðum, þeim lýst og þau staðsett		
<b>Lykilorð</b> Skriðuföll, skriður og grjóthrun, grjóthrun vegna jarðskjálfta, Vestfirðir		<b>Yfirfarið</b>

# Efnisyfirlit

<b>INNGANGUR</b>	3
<b>AUSTUR BARÐASTRANDARSÝSLA</b>	4
<b>VESTUR BARÐASTRANDARSÝSLA</b>	13
<b>VESTUR ÍSAFJARÐARSÝSLA</b>	30
<b>NORÐUR ÍSAFJARÐARSÝSLA</b>	60
<b>STRANDASÝSLA</b>	78

## Inngangur

Hér hefur verið tekið saman á á einn stað allt það efni sem við höfum fundið um forn skriðuföll á Vestfjörðum, þ.e. í báðum Barðastrandar- og Ísafjarðarsýslum og Strandasýslu, að undanskildum Hrútafirði sem við höfum látið fylgja með Norðurlandi. Er þessum upplýsingum raðað upp eftir sýslum, héraðsheitum, jörðum eða örnefnum. Gagnasöfnun þessi fór fram í tengslum við verkefni sem nefnt hefur verið „Skriðuannálar fyrri tíma“ og unnið er fyrir Ofanflóðasjóð.

Aðalheimildir okkar eru Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns sem tekin var saman um svæðið í byrjun 18. aldar og Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags, teknar saman á árunum 1839-1874. Auk þess höfum við leitað fanga í byggða- og jarðalýsingum sem birst hafa í ýmsum tímaritum og bókum, svo sem Árbókum Ferðafélagsins, Árbókum Fornleifafélagsins, fornum annálum, Ársriti Sögufélags Ísfirðinga, Strandapóstinum og ýmsum rit- og þjóðsagnasöfnum af Vestfjörðum. Eflaust finnast fleiri sagnir um forn skriðuföll á Vesturlandi í þeim prentuðum heimildum, sem okkur vannst ekki tími til að kanna innan ramma þessa verkefnis, og án efa eru þær fleiri sem leynast í óbirtum heimildum, svo sem gömlum jarða- og fasteignamötum og örnefnaskrá.

## Austur Barðastrandarsýsla

– **Barðastrandarsýsla (alm.):** ... (Um vegi í Barðastrandarsýslu). Það má þó heita furða, hve víða eru vegnefnur, þegar þess er gætt, hve strjálbyggt þar er, og vegirnir eða vegabæturnar geta á mörgum stöðum eigi staðið lengur en árið, þegar best lætur, því að vegirnir eru víða framan í snarbratta og skriður og grjóthrun eyðileggur þá. (*Hermann Jónasson, Yfirlit yfir búnaðarástandið í Barðastrandarsýslu, Búnaðarrit, 1888*).

### Gilsfjörður

– **Brekka:** ... Engjarnar spillast í einum stað af grjóthruni, en mesti partur þeirra er votunninn. Úthagarnir eru bjarglegir, en spillast af skriðum. Hætt er kvikfé fyrir snjóflóðum og grjóthruni, og svo ógöngum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Geiradalur 1710*).

– **Brekka:** ... Utantúnsslægjur eru þar ekki, að heitið geti, aðrar en mýri þar suður frá bænum, að botni fjarðarins, en það er verulegt gulstararengi, gott að grasvexti og grasgæðum, en ummálslítið og jafnan ærið votlent. Þar er og sumstaðar grýtt, því skriður falla oft á vorum ofan yfir það, þar ofan frá fjallinu (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Garpsdalssókn, 1852*).

– **Gilsfjarðarmúli:** ... Túninu spilla skriður úr fjallinu. Engjarnar spillast af vatni, sem étur úr rótina. Úthagarnir eru bjarglegir, þó þeir spillist stórlega af skriðum all víða. Hætt er húsum og heyjum fyrir stórveðrum, og svo húsum fyrir grjóthruni úr fjallinu. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Geiradalur 1710*).

– **Garpsdalur:** ... Túninu spillir öðruhverju ein skriða úr fjallinu, og bæjarlækurinn með sandsáburði fyrir utan og neðan bæinn. Enginu spillir sumstaðar grjóthrun og leir, sem á það rennur, en sumstaðar étur vatn úr rótina. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Geiradalur 1710*).

– **Garpsdalur:** ... mætir það (túnið) og skemmdum stórum af sandmöl, er á það fýkur ofan af fjallinu með snjó í hörðum norðankaföldum á vetrum, og líka rennur einstöku sinnum á það sandur og möl úr fjallshlíðinni í miklum leysingum á vetrardag. Utantúnsslægjur eru þar, hér og þar um beitalandið, og fá á þann veg talsverðan heyskap, og heyfallið er gott. En mjög eru sjóarbakkarnir upp frá Gilsfirði, úr hverjum til forna hafði fengist mikið og gott hey, orðnir skemmdir af bæði malar- og sandárennsli, úr melaholtum, sem víða eru upp frá þeim, og melahryggjum, sem í þeim eru, og líka af jarðskriðum miklum, orsökunum af brattleik millum hvammana þar í bökkunum (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Garpsdalssókn, 1852*).

## Geiradalur

- **Svarfhóll:** ...Engjarnar spillast, þær sem við sjóinn liggja, af smájarðföllum úr bökkunum þar fyrir ofan, og ein skriða upp með ánni. Úthagarnir eru til fjallsins fordjarfaðir stórlega af skriðum, og gengur peningur öðruhverju í engjunum, sem ekki verður við séð. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Geiradalur 1710*).
- **Brekka:** Úthagar eru uppblásnir og skriðurunnir til fjallsins, og er jörðin af því mjög haglítil. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Geiradalur 1710*).
- **Ingunnarstaðir:** ...Enginu granda jarðföll, sem áður segir um Svarfhól. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Geiradalur 1710*).
- **Tindar í Geiradal:** ...Engjarnar, þær sem hafa verið fyrir neðan bakkana, eru eyðilagðar af jarðföllum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Geiradalur 1710*).

## Króksfjörður

- **Klettur:** ...Engjarnar spillast af smáskriðum úr brattlendi. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Geiradalur 1710*).
- **Hólar:** ...Engjunum spillir aur og sandur, sem að rennur á þær úr melholtum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Reykhólahreppur 1710*).
- **Kambur:** ...Engjar eru þar bæði litlar og snöggar og spillast árlega, eins og túnið, af sandfoki úr fjallskambinum og leirskriðum (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Staðar- og Reykhólasóknir, 1839*).
- **Bær:** ...Engjarnar liggja í hvömmum við sjóinn og ána, og spillast þar af grjóthruni úr bökkunum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Reykhólahreppur 1710*).
- **Bær:** ...en töðugresisslægjur í bökkunum fyrir ofan sjóinn ganga stórlega úr sér af sandfoki, jarðföllum og leirskriðum (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Staðar- og Reykhólasóknir, 1839*).
- **Mýrartunga:** ...Engjarnar þær sem liggja við sjóinn og Laxá. Spillast af grjóthruni og aur, sem rennur á þær úr melunum og sumstaðar spillir Laxá þeim með landbroti og grjótsáburði. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Reykhólahreppur 1710*).
- **Borg:** ...Engjarnar eru litlar, og spillast þar með af grjóti og smáskriðum úr brattlendi. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Reykhólahreppur 1710*).
- **Hafrafell:** ...Túninu hefur áður spillt skriða úr fellinu, og sýnist enn hætt við því. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Reykhólahreppur 1710*).
- **Gillastaðir:** ...Túninu grandar skriða að austanverðu, úr einum bröttum mel, sem liggur þar fyrir ofan. Engjarnar, þær sem bestar voru, eru að mestu leyti eyðilagðar af

grjóts- og sandsáburði úr Laxá, og smáskriðum og grjóthruni úr brattlendismelum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Reykhólahreppur 1710*).

## Reykjanes

– **Reykjanes (alm.):** ...Landinu fer næstum ótrúlega aftur, einkum fjallahlíðum og skógum. T.d. gamlir menn segja, að fyrir rúmum 100 árum hafi frá Stað og að Reykhólum verið ein skriða eftir hlíðinni, en nú er sú hlíð næstum öll í urð og skriðum. Löngu síðar var heyjað kýrfóður í Höllustaðahlíð, en nú verður naumast slegin þar sátu fyrir grjót og urð (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Staðar- og Reykhólasóknir, 1839*).

– **Reykjanes (alm.):** ...(Berufjarðarþinglag) Jorden udi dette Berufiords tinglav er vel fri for sandflugt og flyvesand men der imog bedervis de aarlig mange steder paa tun og enge af de udi regn og vaade væjir overfaldende fiældskræder, som da hver gang bort tage store stykker græslande ned udi brinkerne og paa marken, samt af aaer og bækker, som tit føre sand, leer og steene der paa som ikke er raad at hindre, en og mand søkur alt middel der til (*Sýslulýsingar 1744–1749, Sögurit 28, 1957*).

– **Barmar:** ...Engjarnar eru mjög litlar, og spillast þó af grjóti úr fjallinu. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Reykhólahreppur 1710*).

– **Miðhús:** ...Engjarnar eru bæði litlar og snöggvar í landi, og spillast þar með grjóti og aur úr fjallinu. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Reykhólahreppur 1710*).

– **Höllustaðir:** ...Slægnajörð góð, en árlega spilla fjallsskriður hlíðinni og landinu (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Staðar- og Reykhólasóknir, 1839*).

– **Skerðingsstaðir:** ...Engjarnar spillast sumstaðar af skriðum og snjóflóðum úr fjallinu til stórskaða, og sumstaðar spillir þeim vatn, sem étur úr rótina. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Reykhólahreppur 1710*).

– **Skerðingsstaðir:** ...Áruni úr fjallinu spillir landinu, en hlíðin er öll í skriðum (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Staðar- og Reykhólasóknir, 1839*).

– **Miðjanes:** ...Engjarnar spillast sumstaðar af skriðum úr fjallinu. Hætt er kvikfé fyrir afætudýjnu og grjóthruni úr fjallinu. Hætt sýnist bænum fyrir snjóflóðum og hafa þau einu sinni í manna minnum brotið eldhúsið. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Reykhólahreppur 1710*).

– **Miðjanes:** ...en liggur undir áföllum af skriðum og skemmdum af ánni í vatnavöxtum (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Staðar- og Reykhólasóknir, 1839*).

– **Miðjanes:** ...Skammt innan við Miðjanestún, þar sem Húsahryggur heitir, sér fyrir rústum og virðist þar hafa verið býli að fornu. Skriða mikil er þar nærri, og mætti geta sér til, að hún hafi valdið eyðing kotsins. Hefir það sennilega heitið Hús. (*Kristján Jónsson (ritstj.), Barðstrendingabók, 1942*).



– **Hamarland:** ...Túninu hefur að fornu spillt grjóthrun úr fjallinu og nú af smá leirskriðum. Engjarnar spillast og af skriðum og snjóflóðum úr fjallinu stórlega. Hætt er kvikfé fyrir snjóflóðum, sem oft hefur skaði að orðið. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Reykhólahreppur 1710*).

– **Hamarlandsbær:** ...en túni og engum er hætt við skriðufalli úr fjallinu, sem einlægt spillir hliðinni (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Staðar- og Reykhólasóknir, 1839*).

– **Staður:** ...Úthagarnir eru nægjanlegir, þó þeir spillast víða af skriðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Reykhólahreppur 1710*).

## **Þoskafjörður**

– **Laugaland:** ...Árlega fjölga skriður í hliðinni, svo grashagi minnkar (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Staðar- og Reykhólasóknir, 1839*).

– **Hofstaðir:** ...Í hallendi eyðileggst hann (skógurinn) af skriðum og jarðföllum (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Staðar- og Reykhólasóknir, 1839*).

– **Kollabúðir:** ...Áruni og sandfok spilla árlega landinu (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Staðar- og Reykhólasóknir, 1839*).

– **Hlið:** ...Engjarnar spillast af skriðum úr fjallinu allvíða. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Reykhólahreppur 1710*).

– **Múlakot:** ...Túnið spillist nokkuð lítið af grjóti og aur, sem rennur úr fjallinu í leysingum. ...Úthagarnir eru nægir, þó þeir spillist sumstaðar af skriðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Reykhólahreppur 1710*).

– **Hjallar:** ...Enginu granda smálækir með grjótsáburði og skriður úr fjallinu. Ítem mól og sandur, sem stórveður bera í slægjulandið úr holtamelum, sem þar liggja við. Úthagarnir spillast og mjög af skriðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Gufudalssveit 1710*).

– **Gröf:** ...Túninu grandar bæjarlækurinn með grjóts- og sandsáburði. Engjarnar spillast af smálækjum og skriðum, sem áður segir um Hjalla. Úthagar eru bjarglegir, þó þeir spillist sumstaðar af skriðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Gufudalssveit 1710*).

## **Djúpifjörður**

– **Hallsteinsnes:** ...Túnið spillist af grjóthruni og langvarandi órækt. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Gufudalssveit 1710*).

– **Djúpidalur:** ...Engjarnar fordjarfast stórlega af skriðum úr fjallinu og af sands og grjóts áburði úr Djúpadalsá. (Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Gufudalssveit 1710).

– **Djúpidalur:** ...Bærinn Djúpidalur er nú um 10 mín. gang frá fjarðabotninum. Túnið er grætt upp úr gömlum skriðuföllum (*Arngr. Fr. Bjarnasson, Vestfirskar sagnir III, 1946*).

## Gufufjörður

– **Brekka:** ...Túninu grandar stórlega skriður úr fjallinu og grjóthrun, sem að áeykst árlega. Ekki sýnist bænum óhætt fyrir grjóthruni úr fjallinu, þó það hafi ekki hingað til mein gjört. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Gufudalssveit 1710*).

– **Hjaltastaðir:** ...Fornt eyðibýli í fremra Gufudalslundi. Þar sjást byggingarleifar af tóftarústum, en ekki hefur þar byggt verið um nokkra mannsaldra. Ekki má hér aftur byggð setja fyrir skriðufalli á það forna túnstæði (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Gufudalssveit 1710*).

– **Fremri-Gufudalur, Neðri-Gufudalur:** ...(1682) Vetur mjög góður, en vor kalt og þurrt, hvar fyrir varð lítið grasá, en nýttust mjög vel; kom vetur mjög snemma og haustið með stórviðrum af döggun og vindum, hvar fyrir miklar skriður runnu og margar jarðir fordjörfuðust, svo tók af sumum túnið, sumstaðar engjar. Túnið allt í fremra Gufudal tók skriða af. Ítem ætlaði að taka af Gufudal neðra; og svo víða skemmdust jarðir (*Eyrarannáll*).

– **Fremri-Gufudalur:** ...Túnið er meir en til helminga eyðilaggt af skriðum úr fjallinu. ...Hætt er peningahúsum, sem á vellinum standa, fyrir skriðum, sem að túninu granda, en ekki bænum svo mjög, eftir sem menn meina. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Gufudalssveit 1710*).

– **Fremri-Gufudalur:** ...Fremri-Gufudalur hefir jafnan verið talin vildisjörð, sökum landrýmis, landkosta og mikilla slæгна. Aurskriða eyddi miklum hluta túnsins fyrir síðustu aldamót (fyrir 1900), og lækkað þá jörðin í hundraðatali, en síðan hefir skriðan gróið að mestu, og ekki runnið á túnið að ráði síðustu árin (*Kristján Jónsson, Barðstrendingabók, 1942*).

– **Fremri-Gufudalur:** ...Hlíðarnar beggja megin í Fremri-Gufudalnum voru klettóttar, skriðumiklar og snarbrattar, og sú eystri með ægilegum gljúfragiljum og var Mjallgil einna ljótast þeirra, austan til við vatnið. Sú vestari, þar sem bærinn stóð, var mjög árunahætt og gróðurlítill. Nokkrum árum eftir að við fluttum á Neðri-Gufudal (um 1880), rann svo stórkostlega á túnið í Fremri-Gufudal, að það eyðilagðist meir en hálf og nærri lá við að skriðan félli á bæina, en þeir voru þá þrír talsins (*Ævisaga Hallbjörn Eðvars Oddssonar, Ársrit Sögufélags Ísfirðinga, 1956*).

– **Neðri-Gufudalur:** ...Engjunum spilla sumstaðar skriður úr hlíðinni. Úthagarnir eru mjög fordjarfaðir af skriðum allvíða. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Gufudalssveit 1710*).

– **Neðri-Gufudalur:** ...Gufudalshreppur er að mörgu leyti líkur Múlahreppi, hvað landslag snertir, tún, engjar og haglendi. ...Neðri Gufudalur hefir verið vildisjörð, en er nú í verstu órækt og niðurníðslu. Haglendi er þar allmikið gengið af sér af sandfoki, skriðum og grjóthruni. (*Hermann Jónasson, Yfirlit yfir búnaðarástandið í Barðastrandarsýslu, Búnaðarrit, 1888*).

– **Neðri-Gufudalur:** ...Land Neðra-Gufudals liggur frá Álftadalsá og nokkuð út fyrir fjarðarbotninn. ...Frá fornu fari mun bærinn og kirkjan hafa staðið á vallendisgrundum nálægt ánni. Skömmu fyrir 1840 hljóp Álftadalsá á túnið, í stórrigningu, með aurkasti og ósköpum. Prestur óttaðist þá hættu af ánni framvegis. Tók hann því það ráð að færa bæinn og peningahúsin upp undir hliðina, þangað sem áin gat ekki náð til, þótt túnstæðið væri þar bæði illt og lítið. Kirkjan var þó ekki færð, né kirkjugarðurinn (*Kristján Jónsson, Barðstrendingabók, 1942*).

– **Gufudalur (dalurinn):** ...Frá Hofsstöðum og fram með hliðinni, allt fram eftir Álftadal að vestanverðu, hefur áður verið skógi vaxið, en er nú mjög eyddur orðinn af áruna og skriðum, er úr hálsinum rennur sífellt, því frá brún er hann víðast ekki annað en tómar graslausar melskriður ofan undir láglandi (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Gufudalssókn, 1840*).

## Kollafjörður

– **Skálanes:** ...Túninu spillir grjótsuppgangur allvíða, og svo spillist túnið sumsstaðar af jarðföllum, þar sem þau hlaupa á framan úr bökkum, eður brekkum. Engjarnar eru fordjarfaðar af skriðum og uppblásnar af stórveðrum. Úthagarnir eru graslitlir og víða skriðurunnir en þó heilnæmir. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Gufudalssveit 1710*).

– **Skálanes:** ...Næsti bær fyrir utan Hofsstaði er Skálanes, og er afar löng hlið milli bæjanna, víða grasi gróin upp undir kletta. Fyrir ofan bæinn og innan, er mjög stórgrýtt hraun, sem nær að sjó fram að innanverðu og ofan að bæ. Það ver grjóthruni á býlið, sem annars væri mikið, úr fjallshyrnunni, þverhníptri og hárrí (*Ævisaga Hallbjörns E. Oddsonar eftir sjálfan hann. Ársrit Sögufélags Ísfirðinga, 1957*).

– **Kleifastaðir:** ...Túninu grandar bæjargilið með grjótsáburði stórlega, og hefur bærinn hér um fyrir lx árum verið undan þeim háska færður þangað sem nú er hann, en bæjarstæðið, það eð forna, er yfirfallið af urð og grjóti. Engjarnar spillast af skriðum úr fjallinu. Úthagarnir eru litlir og þar með víða skriðurunnir, og þiggur ábúandi haga af nágrönnum sínum fyrir óákveðinn greiða. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Gufudalssveit 1710*).

– **Galtará:** ...Túnið spillist af aur og sandi sem rennur á það í leysingum úr fjallinu og engjarnar í sama máta af skriðum úr fjallinu. Hætt sýnist bænum nokkuð fyrir snjóflóðum, þó þau hafi honum hingað til ekki grandað. Þessi bær hefur verið tvisvar færður. Fyrst stóð hann hjá Þurra-Kinnargili niður við sjóinn. Hann tók skriðuhlaup úr gilinu og banaði fólkinu. Síðan var hann settur skammt fyrir neðan í túninu frá því sem hann er nú. Þaðan var hann færður fyrir svellalögum þangað sem hann er nú. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Gufudalssveit 1710*).

- **Eyri:** ...Engjarnar spillast af skriðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Gufudalssveit 1710*).
- **Kálfadalur:** ...Túninu grandar gil úr fjallinu með grjótsáburði til stórskaða og eyðileggingar, og hefur bærinn að fornu undan þeim háska fluttur verið þangað sem nú er hann, en túnið þar forna er mestallt eyðilaggt af nefndum grjótsáburði. Engjunum hafa og svo sumsstaðar skriður spillt. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Gufudalssveit 1710*).
- **Múli:** ...Engjarnar spillast sumsstaðar af skriðum en sumsstaðar af vatni, sem étur úr rótina. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Gufudalssveit 1710*).
- **Fjarðarhorn:** ...Engjarnar spillast af skriðum úr fjallinu. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Gufudalssveit 1710*).
- **Klettur:** ...Engjar útfrá og uppfrá bænum eru svo að kalla eyðilagðar af skriðum úr fjallinu. Úthagarnir eru nægir. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Gufudalssveit 1710*).
- **Bær á Bæjarnesi:** ...Túninu grandar grjóthrun og skriður úr fjallinu til stórskaða og engjunum í sama máta, og eru þær mikinn part fyrir því eyðilagðar, sem á eykst meir og meir. ...Hætt er bænum og fjósinu fyrir skriðum og grjóthruni úr fjallinu, og hefur þar mjög að bænum gengið en þó öngvan merkilegan skaða hingað til gjört. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Múlahreppur 1710*).
- **Bær á Bæjarnesi:** ...og hefir allmiklar slægjur, sem þó, eins og á Kirkjubóli, skemmast árlega af skriðuárennsli úr fjallinu. ...Á Bæ á Bæjarnesi er skógur svo gott sem enginn, og hefir hann að vísu eyðst af fjallsskriðum, sem Kollafjarðarmegin eru enn meiri en Kvígindisfjarðar (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Gufudalssókn, 1840*).

## Kvígindisfjörður

- **Kirkjuból á Bæjarnesi:** ...Túninu hafa skriður spillt áður fyrir nokkrum árum, sem að með stórerfiði hefur verið af mokað, en sýnist þó hætt við að þessar skriður muni enn þá á túnið hlaupa. ...Engjunum granda skriður stórlega úr fjallinu. Úthagarnir eru enn þá nægir, þó þeir spillist víða af skriðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Múlahreppur 1710*).
- **Kirkjuból á Bæjarnesi:** ...og hefir allmiklar slægjur, sem ...skemmast árlega af skriðuárennsli úr fjallinu (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Gufudalssókn, 1840*).
- **Kirkjuból:** ...Túnið á Kirkjubóli er slétt og fallett, en liggur undir skemmdum, af áruna úr fjallinu. (*Kristján Jónsson (ritstj.), Barðstrendingabók, 1942*).
- **Kvígindisfjörður:** ...Engjarnar spillast nokkuð lítið af skriðum og aur úr fjallinu. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Múlahreppur 1710*).

– **Kvígindisfjörður:** ...Ofan við bæinn í Kvígindisfirði er „Öxlin“ á Svínanesfjalli, en úr henni hefur fallið allstórt hraun. ...Hraunið skýlir fyrir grjótkasti og áruna úr fjallinu. (*Kristján Jónsson (ritstj.), Barðstrendingabók, 1942*).

– **Svínanes:** ...Engjarnar spillast stórlega af skriðum og grjóthruni úr fjallinu. Úthagarnir eru bjarglegir, þó þeir spillist sumsstaðar af skriðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Múlahreppur 1710*).

– **Svínanes:** ...Hefur það (landslagið) allmjög umbreytt og gengið úr sér frá því sem á landnámstímum, helst af fjallskriðum, veðrum og vatnsaga. ...Vegna snjókomunnar í austanáttum og einnig í útsynningum, á vestursíðu fjarðanna, falla einatt snjóflóð og skriður kringum Múlanesið, Litlanes og Svínanes, hvar af graslendið því gengur til þurrðar, sem og af uppblæstri fyrir vindum. ...Skógurinn má hvarvetna heita í hnignun sökum langvinna snjóþyngsla, vatnsaga og skriðufalla, sem og óréttar brúkunar og yrkingar innbúanna (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Flateyjarprestakall, 1840*).

– **Svínanes:** ...Svínanes er þriðja stærsta jörð hreppsins. ...Engjar eru allmiklar vestur með fjallinu, en skemmast árlega af skriðum (*Kristján Jónsson, Barðstrendingabók, 1942*).

## Skálmarrfjörður

– **Selsker:** ...Engjunum spilla skriður úr fjallinu. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Múlahreppur 1710*).

– **Illugastaðir:** ...Engjar eru að mestuleyti eyðilagðar fyrir skriðum úr fjallinu, nema það lítið sem hent var úr mýrasundum innan um skóginn fram á hálsinum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Múlahreppur 1710*).

– **Fífustaðir í Vattardal:** ...Fornt eyðiból fram á Vattardal í Múlalandi. Þar er nú sel frá Múla og hefur verið langvarnadi. Ekki hefur þetta býli byggt verið í næstu hundrað ár, eður lengur, en byggingarleifar sjást þar, bæði tófta og girðinga. Ekki má þar aftur byggja því túnið er mestallt yfirfallið af skriðu. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Múlahreppur 1710*).

## Múlanes

– **Múlanes (alm.):** ...Hefur það (landslagið) allmjög umbreytt og gengið úr sér frá því sem á landnámstímum, helst af fjallskriðum, veðrum og vatnsaga. ...Vegna snjókomunnar í austanáttum og einnig í útsynningum, á vestursíðu fjarðanna, falla einatt snjóflóð og skriður kringum Múlanesið, Litlanes og Svínanes, hvar af graslendið því gengur til þurrðar, sem og af uppblæstri fyrir vindum. ...Skógurinn má hvarvetna heita í hnignun sökum langvinna snjóþyngsla, vatnsaga og skriðufalla, sem og óréttar brúkunar og yrkingar innbúanna. ...Má það ætla, að sveitargæðum og landsnytjum hafi mjög aftur farið í héraði þessu, eins og víða hvar annars staðar, þar er sögur ganga af því og líkur eru til, að allt Múlanes hafi verið grasi vaxið upp á fjallsbrún í landnámi Ingunnar og að mikla sorg hafi sett að henni, þá hún eitt sinn á

efri árum sínum fann stein fyrir fæti sér í hlíðinni milli Ingunnarstaða og Múla. Nú er það að mestu graslaus hlíð, með stórgrýti og skriðuföllum (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenn tafélagsins – Flatteyjarprestakall, 1840*).

– **Múli:** ...Túninu hafa skriður spillt og grjóthrun stórlega, og er sýnilegt að það muni meir og meir aukast. Einn partur engjanna, sem er inn á hlíðinni, spillist af skriðum. Úthagarnir, sem nálægt staðnum liggja, eru mjög graslitlir, uppblásnir og skriðurunnir, en inn á Vattardal, nærri hálfra þingmannaleið í burtu (sem þó er heimaland) eru nægir hagar, og þangað brúkast sel jafnaðarlega, þó selvegurinn þyki langur og seinfær. ...Hætt er staðnum og kirkjunni fyrir skriðufalli og grjóthruni, og hefur það mjög að staðnum og kirkjunni gengið en þó ekki hingað til merkilegan skaða gjört, nema á einu fjárhúsi, sem grjóthrun úr fjallinu braut fyrir 2 árum (1708). (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Múlahreppur 1710*).

– **Múli:** ...Stendur bæinn sunnan undir Múlatöflu, sem rís brött og svipprúð yfir stórt, slétt tún og víð engi. Við brekkurætur eru mjög stórir staksteinar, sem hrúnið hafa úr brúnahömrum (*Árbók FÍ, 1959*).

– **Múli:** ...Stóristeinn: Vestur á Múlanesi er steinn einn mikill á milli Skálmarnesmúla og Ingunnarstaða. Svo er mælt að einu sinni var prestur nokkur í Múla. Þá bjó Ingunn á Ingunnarstöðum. Hún gat ei goldið presti tekjur sínar, svo var hún fátæk, og er þess getið að hún átti kú eina. Það var hinn helsti bjargarstofn Ingunnar. Prestur vildi ei láta fé sitt því hann var harður í tekjum og er hann sér að hann fær ekkert frá Ingunni fer hann til Inngunnarstaða og tekur kú hennar og fer heimleiðis. En er hann kom á stað þann sem nú er steininn, kom steininn ofan úr Múlanesfjalli og varð prestur undir honum og liggur þar enn í dag. En eigi snerti steininn kúna og fór hún heim aftur að Ingunnarstöðum (*Jón Árnason, Íslenskar Þjóðsögur og ævintýri*).

– **Ingunnarstaðir:** ...Úthagarnir eru bjarglegir, en þó eru þeir skriðurunnir til fjallsins. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Múlahreppur 1710*).

– **Deildará:** ...Túnið hefur spillt af skriðum, og tekur af því nokkurn part, en ekki hefur nýlega á það runnið. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Múlahreppur 1710*).

– **Fjörður:** ...Engjarnar sem á landi eru, eru stórlega af skriðum fordjarfaðar. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Múlahreppur 1710*).

## Kerlingarfjörður

–**Litlanes (alm.):** ...Hefur það (landslagið) allmjög umbreyt og gengið úr sér frá því sem á landnámstímum, helst af fjallskriðum, veðrum og vatnsaga. ...Vegna snjókomunnar í austanáttum og einnig í útsynningum, á vestursíðu fjarðanna, falla einatt snjóflóð og skriður kringum Múlanesið, Litlanes og Svínanes, hvar af graslendið því gengur til þurrðar, sem og af uppblæstri fyrir vindum. ...Skógurinn má hvarvetna heita í hnignun sökum langvinna snjóþyngsla, vatnsaga og skriðufalla, sem og óréttar brúkonar og yrkingar innbúanna (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenn tafélagsins – Flatteyjarprestakall, 1840*).

– **Kirkjuból á Litlanesi:** ...Engjarnar spillast stórlega af skriðum úr fjallinu, og eru mestan part fyrir því eyðilagðar. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Múlahreppur 1710*).

– **Nes á Litlanesi:** ...Engjarnar eru eyðilagðar af skriðum úr fjallinu. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Múlahreppur 1710*).

## Vestur Barðastrandarsýsla

– **Barðastrandasýsla (alm.):** ... (Um vegi í Barðastrandasýslu). Það má þó heita furða, hve víða eru vegnefnur, þegar þess er gætt, hve strjálbyggt þar er, og vegirnir eða vegabæturnar geta á mörgum stöðum eigi staðið lengur en árið, þegar best lætur, því að vegirnir eru víða framan í snarbratta og skriður og grjóthrun eyðileggur þá. (*Hermann Jónasson, Yfirlit yfir búnaðarástandið í Barðastrandarsýslu, Búnaðarrit, 1888*).

## Kjálkafjörður

– **Auðnar:** ...Jörðin er í hættu, og skemmist stundum á túninu af skriðum úr á einni og læk þar hjá. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Barðastrandarhreppur 1703*).

– **Auðshaugur:** ...Jörðin fordjarfast mjög árlega af skriðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Barðastrandarhreppur 1703*).

– **Hamar á Haugsnesi (Hjarðarnesi):** ...Tún engjar og úthagi fordjarfast árlega af skriðum úr fjallinu. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Barðastrandarhreppur 1703*).

## Barðaströnd

– **Þverá:** ...Túnið og þar um kring spillist af skriðum oftlega. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Barðastrandarhreppur 1703*).

– **Arnórsstaðir:** ...Engjar og hagar spillast af skriðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Barðastrandarhreppur 1703*).

– **Arnórsstaðir:** ...Undir skriðuáföllum liggja ...að nokkru leyti Arnórsstaðir (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Brjánslækjar- og Hagasóknir, 1840*).

– **Arnórsstaðir:** ...Arnórsstaðir standa undir háhyrnu fjallsins. Tún er allstórt og sæmilega grasgetið. Hætt er þar við skriðuföllum, er oft hafa gert skaða, einkum á túni. Um 1880 kvað svo mikið að þessu, að bærinn var færður niður á sjávarbakkann, en stóð áður undir fjallinu. Skriða hafði þá hlaupið á bæinn, brotið hann að einhverju

leyti og eitthvað af peningahúsum (*Kristján Jónsson (ritstj.), Barðstrendingabók, 1942*).

– **Rauðsdalur neðri:** ...Jörðin spillist á túni og engjum af Rauðdalsá og skriðum úr fjallinu. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Barðastrandarhreppur 1703*).

– **Rauðsdalur efri:** ...Árhlauð bera skriður á landið, einkum er ein stór ákomin í vetur, sem mikinn skaða gjörði túninu og engjaslitrum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Barðastrandarhreppur 1703*).

– **Hvammur:** ...(1649) Snemma um haustið runnu allvíða skriður og ár sakir votveðráttu á tún og engjar og gjörðu stór spjöll á sumum jörðum . Í Hvammi á Barðaströnd rann skriða meir en yfir hálf tónið heim undir húsagarð, svo jörðin var virt upp aftur og felld úr sínum dýrleik að helmingi, og gekk í mörgum stöðum til, að landskuldir gengu aftur sökum spjalla á jörðunum. Þá hljóp Álftadalsá upp á Staðinn Gufudal, bæði hans tún og engjar, og spilli stóru, svo merki sjást þar til, meðan land byggist (*Sjávarborgarannáll*).

– **Hvammur, Arnórsstaðir, Hlíð:** ...(1672) Hvítasunnu sjálfa (26. maí) kom mikið veður með hrið, og gekk úr alla hátíðina, í hverju veðri að skriður hlupu á margar jarðir til stórra spjalla. Í Meirihlíð í Bolungarvík tók af hálf tónið, Geirastöðum í sömu sveit tók af þriðjung túns, Hvammi á Barðaströnd, 30 hndr. jörð tók af allt tónið, svo sú jörð virtist ei meir en 10 hndr. Arnórsstaðir, 18 hndr., tók og skriða mikið af engjum. Í Hlíð, kirkjujörð frá Læk (Brjánslæg), fleytti burtu veggjum og húsum, svo fólk naumlega undan komst, svo og skemmdust margar jarðir víða og fiskiföng af þessum votviðrum (*Eyrarannáll*). ...(1672) Um hvítasunnu (26. maí) komu veður mikil og vætur í hverjum víða fjöll runnu og gerðu löndum og bæjum mikinn skaða. Undir Meirihlíð í Bolungarvík tók af hálf tónið, ítem Geirastöðum í sömu sveit meir en þriðjung túns, ítem Hvammi á Barðaströnd tók af allt tónið (*Vatnsfjarðarannáll yngsti*).

– **Hvammur:** ...Jörðin fordjarfast jafnlega á túni og engjum af skriðum úr fjallinu, svo mikið af túninu er þar af eytt. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Barðastrandarhreppur 1703*).

– **Hvammur:** ...Skemmst hefir mjög af skriðum í seinni tíð sú ágæta grasjörð Hvammur. ...Undir skriðuáfallum liggur Hvammur einkanlega (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Brjánslægjar– og Hagasóknir, 1840*).

– **Hvammur:** ...Hvammur er þrjár langar bæjarleiðir út frá Brjánsleik. Þessi jörð er falleg og sléttlendi mikið allt til sjávar, allt grasivaxið. Bær stóð áður uppi undir hlíðinni, en hefir nú nýlega verið færður neðar sökum skriðu, sem hljóp á bæinn. Svo sem 2–300 faðma inn frá hinum gamla bæ er tóft nokkur fornleg og niðursokkin, sem enn í dag er kölluð Hoftóft. Hún er kringlótt og snúa dyr í útsuður niður úr sjónum. Ofan í tóftina hafði hlaupið skriða, en þó ekki allmikil, og var því illt að koma hér við nokkurri venjulegri rannsókn. (*Sigurður Vigfússon, Rannsóknir í Breiðafirði 1889, Árbók Fornleifafélagsins, 1888–1892*).



– **Hvammur:** ...Tún er þar stórt. Bærinn var fluttur frá hliðinni um líkt leyti og Arnórsstaðabær (um 1880), vegna skriðufalla (*Kristján Jónsson (ritstj.), Barðstrendingabók, 1942*).

– **Hvammur:** ...Rétt áður en komið er að túninu í Hvammi, er sléttur völlum eða nátthagi neðan vegar og innan girðingar. Þar má, ef vel er að gáð, sjá móta fyrir fornum mannvirkjum. ...Það er fulldjúpt tekið í árinna að kalla þetta tóftir og veggir, því allt er á kafi í jarðvegi og gróið yfir og mótar aðeins fyrir því í sverðinum. Þetta mun vera Hoftóftin í Hvammi sem svo hefur verið kölluð og Sigurður Vigfússon gróf í, þegar hann fór hér um í rannsóknarleiðangri sínum um Breiðafjörð sumarið 1880. Hann segir þunna aurskriðu hafa fallið yfir þetta land og jafnvel yfir mannvirkin og inn í tóftina. ...Frásagnir eru til um að skriða hafi fallið úr fjallshliðinni og niður undir bæinn. Stór steinn í fjallshliðinni hafi hlíft bænum, klofið skriðuna og greinar hennar fallið sín hvorum megin við hann. Bærinn var þá fluttur. Steinninn mun síðan hafa verið kallaður Hvammskirkja. Því miður er ekki unnt að benda á þennan stein lengur. Í „Vestfirskum sögnum“ 1. bindi er lítil örnefnasaga: Út og upp af gamla bæjarstæðinu og nokkuð hátt upp undir hliðinni sést mjög fornleg tóft. ...Hólinn, sem tóftin stendur á og þó einkum stærri hóll eða brysti fyrir ofan, hefur hlíft tóftinni við skriðugangi, og hafa skriður aldrei komið beint ofan á hana. Tóft þessi er kölluð Þorkelsfjós, og eru gömul munnmæli um það, að þar, sem hún er, hafi staðið fjós Þorkels Súrssonar (*Ársrit Útivistar (22), 1996*).

– **Hvammskúr:** ...Eyðihjáleiga frá Hvammi. ...Hafa verið vc af jörðunni. Það kot hafa skriður eyðilaggt. ...Kann ómögulegt að byggjast. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Barðastrandarhreppur 1703*).

– **Tungumúli:** ...Túninu er hætt fyrir grjóti og skriðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Barðastrandarhreppur 1703*).

– **Grænhóll:** ...Skriður spilla engjum stundum, og að nokkru leyti túninu. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Barðastrandarhreppur 1703*).

– **Skjaldvararfoss:** ...Skriður spilla engjum og haga. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Barðastrandarhreppur 1703*).

– **Litlahlíð:** ...Skriður spilla túni og engjum stundum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Barðastrandarhreppur 1703*).

– **Miðhlíð:** ...Jörðin spillist af skriðum úr fjallinu á túnið en sandfoki engjar. ...Þar hafa verið í heimalandinu önnur þrjú kot, kölluð Þúfa, Stekkur og Skriða. Hafa ei byggst um nokkur ár. Eru komin í skriður og blásin upp. Kunna ei að byggjast. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Barðastrandarhreppur 1703*).

– **Miðhlíð:** ...Undir skriðuáfallum liggja ...að nokkru leyti ...Miðhlíð (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Brjánslægjar– og Hagasóknir, 1840*).

– **Haukaberg:** ...Skriður hafa mikið af engjunum aftekið. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Barðastrandarhreppur 1703*).

- **Skriðnafell:** ...Jörðin spillist af skriðum á engjar, blæs upp og grefst undir af vatnsuppgöngum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Barðastrandarhreppur 1703*).
- **Hreggsstaðir:** ...Skriður fordjarfa landið, gjöra og skaða oft á peningi. Sandur fýkur og mjög á túnið, neðan frá sjónum. Snjóflóð skemmdi túnið í vetur. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Barðastrandarhreppur 1703*).
- **Siglunes:** ...Skriður spilla jafnlega úthaganum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Barðastrandarhreppur 1703*).

## Rauðasandur

- **Rauðasandur (alm.):** ...*(Vaðalsþinglag)* De nedheldene brinker udi fiældene ere somme stæder fulde af fiældskræder som aarlig forøges nogle stæder hvor græs er udi tillige med marken opblæste af ydelige storme og stærke væyr (*Sýslulýsingar 1744–1749, Sögurit 28, 1957*).
- **Rauðasandur (alm.):** ...*(breytingar á landslagi):* ekki vita menn aðra umbreyting á landslagi, frá landnáms tíð, en skóganna aftöku, stórskriður, sem hafa aftekið bæi og sandfök (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Sauðlauksdals–, Breiðavíkur–, og Saurbæjarsókn, 1852*).
- **Rauðasandur:** ...*Naustabrekka, Lambavatn, Stakkar, Krókshús, Stórikrókur, Litlikrókur, Gröf, Saurbær, Stakkadalur, Brattahlíð, Skógur, Kirkjuhvammur, Móberg (Máberg), Melanes og Sjöundará.* Þessir allir bæir heyra til Saurbæjarsóknar og eru góðar grasjarðir og allgóðar útigangsjarðir með heygjöf, en Sjöundará er fjörújörð. Allar þessar hafa tapað sér stórum af skriðuföllum og eru undirorpnar mestu háskaskemmdum (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Sauðlauksdals–, Breiðavíkur–, og Saurbæjarsókn, 1852*).
- **Stálfjall:** ...Í Stálfjalli var unnið að surtarbrandsnámi á styrjaldarárunum (fyrri), en til engra nota, þótt með ærnum kostnaði væri. Hafnlaust er þar með öllu og flutningur mjög torveldur. Allmikið mun vera þar af surtarbrandi og mókolum, og voru grafin námugöng inn í fjallið, sem innan fárra ára munu verða lukt aftur af grjóthruni. En inni er enn þá allmikið af vélum og ýmsum áhöldum. (*Kristján Jónsson (ritstj.), Barðstrendingabók, 1942*).
- **Stálfjall:** ...á austurmörkum hreppsins eru surtarbrandslög og brúnkola. Þar var unnið að kolagreftri á fyrri stríðsárunum, en árangur varð lítill, enda hafnlaust og aðstaða örðug. Námabærinn var reistur á svonefndum Völlum, rétt utan við Stálfjall. Var víst aldrei háreistur eða fjölmennur. Námureksturinn féll niður í stríðslokin, húsin voru rifin og flutt burt, en vélarnar voru skildar eftir í námunni, og fjallið hefur nú rennt skriðuhurð fyrir opið og falið allt í skauti sínu (*Árbók FÍ, 1959*).
- **Skor:** ...Þar er flæðihætt, og hefur oft allt féð drepið. Ítem fyrir skriðum og snjóflóðum hætt. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Rauðasandshreppur 1703*).

– **Móberg:** ...Milli Skóga og Bjarngötudals, (sem eru tvær hjáleigur í Saurbæjarlandi, á Rauðasandi), liggur eitt eyðipláss, hvar í sér fyrir túnstæði og bæjartóftum. Heitir Máberg (aðrir kalla þar Móberg), er kóngseign, og fylgir Barðarstr.sýslu, hefur langvaranlega í eyði verið, svo enginn núlifandi veit neitt til nær þar muni í eyði lagst hafa. Er lítilfjörlegt land, og kann ei að byggjast, sökum landþrengsla, liggur og undir skriðu úr einu stóru gili í aðra síðuna. Dýrleika þessa pláss veit enginn. Virðist sumum muni vic verið hafa, áður en af skriðunni fordjarfaðist, hvað eyðileggingunni meinast ollið hafa. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Rauðasandshreppur 1703*).

– **Saurbær:** ...Skriður falla úr fjallinu á landið (tún og engjar eru mest fri). (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Rauðasandshreppur 1703*).

– **Traðir:** ...hjáleiga frá Saurbæ. ...Þar er fyrir skriðum hætt bæði mönnum og fé. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Rauðasandshreppur 1703*).

– **Klúka, Gröf:** ...Eyðiland, kónginum tilheyrandi. Er fyrir svo löngu eyðilagt, að enginn man þar neitt til byggðar. ...Til tófta sér í hvorutveggja plássinu. ...Milli Klúku og Grafar er einn lítill hvammur, sem kallast Grafardalur. Er hann af gömlum og nýjum skriðum skemmdur. Svo er og Grafarland af fjallskriðum fordjarfað. Dýrleika þessa lands veit enginn. Það kann og ei byggjast sökum túnstæðisleysis, því Grafartún er af skriðum fordjarfað, en hjá Klúku sýnist aldrei túnlegt verið hafa. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Rauðasandshreppur 1703*).

– **Stakkar:** ...Engi, sem þessum parti fylgir, er nýlega fordjarfað af skriðu til stórskaða. ... (Eftirfarandi á einnig við um hjáleigur, m.a. Stóra–Krók) Jörðin er meinlega í landþröng, og fjallshlíðin öll í skriður komin, sem sífelldu eru að falla, svo að bæði er hætt mönnum og peningum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Rauðasandshreppur 1703*).

– **Stakkagjá:** ...Stekkadalsgjá, Stakkagjá, Vallargjá og Galnefsgjá eru einstigi, sem ganga má upp á brún ef klakalaust er. Talið er að skriða hlaupi úr Stakkagjá fimmtánda hvert ár (*Kristján Jónsson (ritstj.), Barðstrendingabók, 1942*).

– **Stóri–Krókur:** ...hjáleiga frá Stökkum. ...Landskyld xl álnir, hefur verið l álnir, áður en tún spilltist af skriðu. ...Kúgildi ii fylgja jörðunni, og þriðja í fyrri við aukið fyrir bón leiguliða, voru og þrjú áður skriðan spillti. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Rauðasandshreppur 1703*).

– **Lambavatn:** ...Jörðin hefur verið grasgefin, en landþröng. Nú spillist það af sandfjúki, svo engjar eru mjög svo nær ónýtar. Skriður hafa tekið af grasið úr hlíðinni og hrynur oft grjót á túnið. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Rauðasandshreppur 1703*).

## Látrabjarg

– **Látrabjarg:** ...Þegar farið er á bjarg, er valið til þess þurrt veður. Í regni eða vætu er ekki farið sökum hættu af steinkasti og hálfu í bjarginu. ...Í bjargferðum vofir jafnan yfir hætta úr öllum áttum. Steinn getur fallið í höfuð manns og snösín, sem á er

staðið, hrapað undan fótum hans. ...Árið 1887 hrapaði Magnús Sveinsson frá Lambavatni úr Bæjarbjargi. Hafði hann nýleyst af sér vaðinn, en þá hrundi stallurinn, sem hann stóð á. Var hans leitað mikið en fannst ekki. Árið 1918 féll steinn í höfuð Alberts Engilbertssyni frá Hænuvík, svo að hann rotaðist. Var verið að draga hann upp og mun steinninn hafa losnað undan vaðnum. (*Kristján Jónsson (ritstj.)*, *Barðstrendingabók*, 1942).

– **Látrabjarg:** ...Stór hrun falla stundum úr bjarginu, helst á vorin, þegar klaka leysir. Hlaðast þau upp í fjöruna og mynda urðir. Smá saman sverfur svo brimið framan úr urðunum, þar til eftir verður stórgrýtið eitt, skorðað hvað við annað. ...Stóruurð er stærsta urðin undir bjarginu og af mörgum kölluð Rauðaskriða. Hún mun vera stærsta eða með stærstu álkuverum í heiminum. Munnmæli herma, að þegar þessi stóra urð myndaðist, þá hafi hrunið verið svo mikið, og svo lengi að hrynja, að ekki hafi séð í bjargið af Rauðasandi í tvo sólarhringa fyrir rykmekki. Mikið hefur því gengið á, þegar þessi mikli bústaður álkunnar varð til, of hefur margur fuglinn þá látið lífið, því að þetta gerðist á þeim tíma árs, sem fugl var við bjargið. Brimið hefur nú sorfið mikið framan úr urðinni, en það hefur líka hrunið á hana til viðbótar, úr berginu fyrir ofan (*Þórður Jónsson frá Látrum, Undir Látrabjargi, Heima er best 1958*).

– **Látrabjarg:** ...Geitaskor er allstór gjá og utan hennar er svæði í berginu ofan til kallað Hrun. Þar voru áður grashjallar stórir í brúninni, er hrundu niður, að talið er á 19. öld. Af hruni þessu stækkaði mjög urð sem þarna er undir Bjarginu og kallast nú Stóruurð. (*Magnús Gestsson, Látrabjarg, 1971*).

– **Látrabjarg:** ...Ásgeir bóndi á kastaði máli á eitt fjallstykki, er hann var á gangi undir Bjarginu fyrir rúmum áratug. (~1960). Stykkið hafði þar mjög nýlega klofnað frá, fallið um nokkra metra sem nam skútanum, er áður hafði grafist, og skriðið um leið frá berg veggnum um eina áttatíu metra fram yfir hallandi klöpp sjávarbotnsins. En það stóð á réttum kili, þótt þunnt væri miðað við hæðina. Stærð bergstykksins mældist Ásgeiri vera: lengd með Bjarginu um 150 m, hæðin 120 m og þykkt sneiðarinnar um 20 m að meðaltali. Svo var að sjá að klöppinni við jaðar fallstykksins, að við framskrið á þessu ógnþunga stykki, hefði bergið hvítnað svo mjög við núninginn, að engu var líkara en yfirborð klapparinnar undir hefði hálfbráðnað, og var að sjá sem gjall ofaná. (*Magnús Gestsson, Látrabjarg, 1971*).

– **Látrabjarg:** (við björgun strandmanna, í des 1947). ...Stöðugt voru steinar og klakastykki að hrynja úr berginu og var af þessu nokkur hætta, en með aðgæslu tókst mönnum að komast þetta ósködduðum. ...Aðgæslu varð að hafa vegna steinkast og klaka og vegurinn ógreiðfær.

...Meðan þeir eru að þreifa fyrir sér í myrkrinu segir Hafliði: Hana nú kom einhver andskotinn í hausinn á mér. ...svo hann þreifar á höfði hans, og finnur að blóð rennur niður eftir andlitinu. Þegar hann hyggur nánar að, er skurður ofanvert á höfðinu öðrumegin og dæld í hauskúpuna, sem rúmar fingurgóm. ...Skinnhúfa þykka hafði Hafliði á höfði, og var á hana höggvin stór rifa. Það sem hafði bjargað manningnum frá öðru verra var, að steinninn eða klakastykkið, hvort sem heldur var, hafði ekki fallið beint ofan í höfuðið, heldur snert utanhalt. ...Eftirstöðvar eftir meiðsli þetta komu fram seinna og vöruðu lengi.

...Þegar verið var að draga einn manninn neðan af Flaugarnefinu, losnaði stór steinn í brúninni neðan aðsetunnar, og fór í loftköstum og stefndi beint á átta menn er stóðu nokkuð þétt á Flaugarnefshjallanum. Hann kom niður mitt á milli mannanna án þess

að snerta nokkurn, tók sig á loft aftur og í boga fram yfir brúnina, en snerti um leið öxl á tveimur mönnum, nam rétt við annan svo að viðkoman fannst, en jakkinn rifnaði á hinum manninum og marðist hann töluvert á öxlinni, en þó ekki meira en það, að hann var ferðafær heim. Þetta var nokkur hundruð punda steinn.

...og stöðugt var klaka og grjótkast úr berginu fyrir ofan, sem menn reyndu að víkja sér undan eftir bestu getu. ...þá heyrir Andrés skyndilega hvin yfir höfði sér, og áður en honum gefst nokkuð ráðrúm til viðbragðs, skellur steinn á kassanum á baki honum, og er höggið svo mikið að hann riðar við, og getur með naumindum varist falli. (*Magnús Gestsson, Látrabjarg, 1971*).

– **Látrabjarg:** (Almennt um Látrabjarg) ...Þegar úrkoma er, verður vatnssytringur um bergið, og er þá stórum meira um að steinar og mól losni og falli niður. En það er hrungrjótið sem skapar aðal slyshættuna í Bjarginu. (*Magnús Gestsson, Látrabjarg, 1971*).

– **Látrabjarg:** ...Árið 1912 fór ég í undirbjargsferð með Sumarliða Bjarnasyni í Keflavík, og vorum við sex á fjöggra manna fari. ...Það er gamall vani, að þegar verið er við fuglatekju á þessum stað, að geyma bátinn á svokallaðri Sæluhöfn við Vallarendann, og það niður undan Djúpadal. ...Báturinn teygði í legustrenginn, svo ankerið drógst með botni, og báturinn færðist nær landinu með aðfallinu. Allt í einu heyrðist mikill hvinur í lofti og allur fugl flaug af syllum í nágrenninu. Í sömu andrá fellur steinn niður með skut bátsins, og varð svo mikil hreyfing í sjónum, að báturinn veltist til og tók sjó á bæði borð. Þarna skall hurð nærri hælum, því ekki hefði þurft um að vinda, ef steinninn hefði lent á bátnum og við báðir ósyndir. (*Magnús Gestsson, Látrabjarg, 1971*).

– **Látrabjarg:** ...Stóruð, sem áður mun hafa heitið Rauðaskriða, er neðanvert í sjálfu Látrabjargi innanverðu. Þarna er stærsta veiðisvæðið í öllu Bjarginu til umferðar neðan frá. Urðin er um kílómetra að lengd og töluvert breið víða. Svæðið, sem hægt er að fara um þarna neðan frá nær sums upp í 150 metra hæð. Þarna eru að ofanverðu skriður með smágerðu grjóti, snarbrattar. Neðar, um miðbik, eru hryggir af stórum hrunsteinum, en neðan vert stórgert grjót og aur á milli. Með fjörunni er stórgrýtisurð, sem sjórinn hefur þvegið úr allt það smæsta. ...Það hefur verið í munnmælum í sveitinni, að þegar þessi stóra urð myndaðist, við það að stór spilda féll framan úr Bjarginu ofanverðu, að þá hafi ekki séð í Látrabjarg í tvo sólarhringa fyrir rykmekki, innan frá Melanesi á Rauðasandi, en þaðan blasir Bjargið við í 25 km fjarlægð. Þetta gerðist að vori, er fugl var við Bjargið. Enþá verða mest hrun í Bjarginu, er klaka leysir á vorin. Brimið sverfur stöðugt framan af urðinni og öðru hverju hrynur meira og minna. (*Magnús Gestsson, Látrabjarg, 1971*).

– **Látrabjarg:** (Frásögn Daniels Eggertssonar af hrúni úr Stóruð 1902) ...Þegar við strákarnir tveir vorum orðnir einir eftir á urðinni var klukkan um sex síðdegis. Blíðskapar veður var. ...Upp úr dagdraumum okkar vorum við harkalega vaktir af miklum skruðningum og gauragangi. Við lítum upp og sáu að hrun var að koma úr Bjarginu, beint upp af þeim stað þar sem við vorum. Fátt var hægt að gera sér til bjargar. Ég kastaði mér niður á grúfu, og sá um leið að félagi minn tók til fótanna. Þegar þessum ósköpum linnti, reis ég upp, en þá var moldrykið svo mikið, að ekki sást neitt frá sér. Ég fór að kalla á félagi minn, ef vera skildi að hann væri á lífi. Eftir stutta stund kom hann. Ég spurði hann hvert hann hafði ætlað að hlaupa. Hann svaraði „Ég sá stóran stein, sem stefndi beint á mig og ég var að hlaupa undan honum.“

Steinninn flaug rétt hjá mér og ég fann þyt af honum, en hann snerti mig ekki”. Þegar moldrykið var horfið, var ófögur sjón að líta yfir Stóruurð. Þar var mikið af aur um allt, og innanum svartfugl, sem drepist hafði. Við höfðum verið í miðju hruninu. Það fór í kringum okkur og fram í sjó. En það furðulega hafði skeð að hvorugan okkar sakaði ekki það minnsta. Pabbi og þeir, sem með honum voru uppi í Bjarginu sáu, þegar hrunið kom og þeim datt ekki annað í hug en við værum liðið lík í urðinni. ...En þessum ósköpum var ekki ennþá lokið. Um nóttina klukkan fögur kom annað hrun miklu stærra, úr sama stað og það fyrra. Svo miklar voru hamfarirnar, að bjargið virtist vera að titra við, og var sem allt léki á reiðiskjálfi þarna í grenndinni. ...Eftir þessi ósköp var urðin hvítfleckkótt af fugli, sem drepist hafði. Um morguninn komu þeir sem uppi í Bjarginu höfðu verið í Stóruurð, en erfiðlega gekk að komast niður, því svo mikill aur hafði runnið á leið þeirra frá hruninu, að það var eins og yfir svaðhlaup að fara. (*Magnús Gestsson, Látrabjarg, 1971*).

– **Látrabjarg:** ...Fyrir innan Sléttanef er Hrunið. Niður á Hruninu er stallur Hrunhella, sem kölluð var. En hún er nú mikið eyðilögð, því þarna hrundi úr Bjarginu, svo að það sést lítið fyrir henni eins og er. (*Magnús Gestsson, Látrabjarg, 1971*).

– **Látrabjarg:** (Bjarni Jónsson var bóndi á Hvallátrum, um miðja 18 öld) ...Bjarni kom ofan í urð og fékk þegar bana. Það sagt að litlu síðar félli skriða ofan á lík Bjarna í urðinni. Heitir þar síðar Bjarnabæli. Síðar hugðust menn sækja lík Bjarna á skipi og færa til kirkju. En jafnskjótt og mennirnir leituðu líksins í urðinni, var að þeim grjót kastað í æsingi mestu, svo frá urðu þeir að hverfa, og þótti þeim fótur sinn fegurstur, að komast til baka meiðslalitlir við svo búið. Sagt er að oft væri þess freistast að sækja líkið, en alltaf fór á sömu leið. (*Magnús Gestsson, Látrabjarg, 1971*).

– **Látrabjarg:** ...Árið 1887 voru Rauðsendingar að fuglaveiðum í Bæjarbjargi. Var Magnús Sveinsson ungur maður, sonur Sveins Magnússonar bónda á Lambavatni, við snörun niðri í Hvanngjá. Hafði hann nýleyst af sér vaðinn, er stallurinn hrundi, sem hann stóð á. Hrapaði hann í sjó niður. Var hans leitað mikið en fannst ekki. (*Magnús Gestsson, Látrabjarg, 1971*).

– **Látrabjarg:** ...og um aldamótin 1200 er svo komið, að illvættur einn hefur tekið sér bólstað í Látrabjargi, og fellir grjót á þá, sem í Bjargið síga og sker á vaði þeirra, svo að mannskaðar verða. (*Magnús Gestsson, Látrabjarg, 1971*).

– **Látrabjarg:** ...Árið 1918 var verið að síga úr aðsetu í Djúpadalslækjum. Steinn losnaði undan vaðnum í drætti og féll á sigarann Albert Engilbertsson frá Hænuvík, og varð það hans bani (*Ársrit Útivistar, 1990*).

## Látravík, Breiðavík, Kollsvík

– **Látravík, Breiðavík, Kollsvík (alm.):** ... (breytingar á landslagi): ekki vita menn aðra umbreyting á landslagi, frá landnáms tíð, en skóganna aftöku, stórskriður, sem hafa aftekið bæi og sandfok (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Sauðlauksdals-, Breiðavíkur-, og Saurbæjarsókn, 1852*).

– **Kollsvík:** ...Skriðuhætt mjög, og grjótfall sífellt á vetur. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Rauðasandshreppur 1703*).

## Patreksfjörður

– **Patreksfjörður (alm.):** ... (breytingar á landslagi): ekki vita menn aðra umbreyting á landslagi, frá landnámstíð, en skóganna aftöku, stórskiður, sem hafa aftekið bæi og sandfok (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Sauðlauksdals–, Breiðavíkur–, og Saurbæjarsókn, 1852*).

– **Patreksfjörður:** (ath: sumar þessar jarðir gætu hafa verið á Rauðasandi eða í „Vikum“) ... Eyðijarðir eru frá fornöld margar, nfl. Konungstaðir, Básar, niðurfaltnir í svartadauða eður ca. 1348–1349, Kvennagrund, Hlíðarhvaumur, Hólar í stórubólu 1707, Hesthús, Tóftarvellir, Kot, í harðindunum 1784–1785, og sum þessara býla af skriðuföllum (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Sauðlauksdals–, Breiðavíkur–, og Saurbæjarsókn, 1852*).

– **Sellátranés:** ... hjáleiga frá Hænuvík. ... Sömu kostir og lestir eru hér sem á heimajörðinni (Hænuvík), nema það hér er flæði og skriðuhættara, en ekki svo stór voði af brattlendi. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Rauðasandshreppur 1703*).

– **Hnjótur í Örlygshöfn:** ... Skriða spillti högum fyrir þrem árum (1700). (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Rauðasandshreppur 1703*).

– **Sauðlauksdalur:** ... Efri-Dalshús tók af með öllu í skriðufallinu 1821, og enn hlóðst nokkuð ofan á þá skriðu 1852. Staði bæjarhúsanna stóð þó eftir, en þau voru staðsett rétt ofan við götuna fram dalinn, þar sem nú (1960) er hrútakofi og hesthús staðarins. ... Síðar, einhvern tíma á fyrsta hluta 19. aldar, féll skriða, aur og grjót, niður yfir Dalshúsatúnið og tók af allt Efra-Dalhúsatúnið og fyllt Neðri-Traðirnar að mestu. Síðar, um 1820–30, féll önnur skriða ofan yfir Móatúnið og skemmdi allt gróið land niður að Tjarnarmýri, 1858 féll enn skriða þarna ofan, og var það land ekki grætt upp, fyrr en komið var fram yfir aldamótin 1900. ... Dagmálaskriða hinum megin við vatnið, gegnt bænum. Skriða þessi féll yfir það land, er áður var þingstaður Rauðasandshrepps. ... Einu sinni á árum áður var þarna á eyrunum haldinn þingstaður sveitarinnar, en frá því var horfið, eftir að Dagmálaskriðan féll og sandfokið færði vatnið upp og fram eftir dalnum (ca. 1700). ... Skriðurnar: Hlíðin milli Nautalága og Imbubletts var oft nefnd þessu nafni, stundum líka Aurskriðurnar, því þarna var oft hrun í leysingum á vorin. (*Búi Þorvaldsson, Örnefnaskrá Sauðlauksdals, handrit á Örnefnastofnun Íslands*).

– **Sauðlauksdalur:** ... Nýjaskriða: Þessi skriða féll í lok ágústmánaðar 1896 og var um tíma illfær stórgripum, nema þar sem um hana voru ruddar brautir. Smám saman ýmist sigu ójöfnurnar eða féllu niður í vatnið, svo hún var orðin bæði gróin og greiðfær eftir 30 ár. ... að magn skriðunnar, sem fór úti í Sauðlauksdalsvatn, hafi verið yfir 2000 faðmar<sup>3</sup> auk þess, er síðar féll. ... Askurinn, gamalt nafn á hjalla, neðst í Girðingunni austan við vatnið, rétt upp undir urðarfótum. Hjalli þessi var mjög grasgefinn, en mikill hluti hans fór undir Nýjuskriðuna, þegar hún féll 1896. ... Nýjaskriðan féll í óhemju úrkomu haustið 1896 (*Búi Þorvaldsson, Örnefnaskrá Sauðlauksdals, handrit á Örnefnastofnun Íslands*).

– **Skær:** ... Túnið spillist af aurskriðu. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Rauðasandshreppur 1703*).

– **Skápadalur:** ...Tún er, þar sem jörðin nú stendur, lítilfjörlegt, og ekki til fulls ræktað. Fellur að á það aur úr fjallinu, sem hindrar ræktina. Svo brýtur og sjórinn landið neðan fyrir túninu. Bærinn hefur fluttur verið sökum vatnaáhlaups úr gili þar nálægu, og er þar bæjartún af skriðu fordjarfað, þó ennú að nokkru gagni. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Rauðasandshreppur 1703*).

– **Botn:** ...Tún spillist af leirskriðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Rauðasandshreppur 1703*).

## Tálknafjörður

– **Hvannadalur:** ...Heitir eitt örnefni hér út með sjónum. Þar meina menn að í fyrndinni hafi verstöð verið, og sést þar deili til tóftarústa fáeinna, sem menn huga að verið hafi verbúðir. Skipsuppsátrið er og mjög vont og hættulegt fyrir grjóthruni. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Tálknafjörður 1710*).

– **Suðureyri:** ...Úthagarnir eru mjög af skriðum fordjarfaðir. Hætt er kvikfé fyrir grjóthruni, og svo fyrir foröðum og afætum í landinu. Girðingadeili sjást í landinu, þar sem nú er stekkurinn. Meina menn að þar hafi í fyrndinni byggð verið, en enginn veit það neð sanni. Sést þar og mjög lítið til tóftarústa. Ekki má hér aftur byggja fyrir grjóthruni, þó að túnstæði sé nokkuð. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Tálknafjörður 1710*).

– **Lambeyri:** ...Úthagar eru að sönnu skriðurunnir, en þó bjarglegir. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Tálknafjörður 1710*).

– **Eysteinseyri:** ...Túnið spillist af grjóts og sandsáburði úr Eysteinsá, og svo nokkuð af grjóthruni. Ekki er bænum öldungis óhætt fyrir grjóthruni. Þó hefur það hingað til ekki skaða gjört á húsunum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Tálknafjörður 1710*).

– **Tunga:** ...Túnið spillist nokkuð af landbroti, sem Tunguá gjörir, og svo ber hún á það grjót stundum. Engjarnar spillast af grjótsáburði úr Dagmálagilinu. Úthagarnir eru mjög hrjóstrugir og graslitlir, og víða uppblásnir og skriðurunnir. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Tálknafjörður 1710*).

– **Hóll:** ...Engjarnar spillast af vatni, sem étur úr rótina, og svo af sandi og leir úr fjallinu í leysingum. Úthagarnir eru bæði litlir og uppblásnir, skriðurunnir og í hróstur komnir, og gengur peningurinn mjög uppá eyri vetur og sumar, og gelst hér þó enginn ákveðinn beitartollur. Hætt er kvikfé fyrir skriðum og grjóthruni. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Tálknafjörður 1710*).

– **Sveinseyri:** ...Engjarnar spillast af aur og sandi úr brattlendi. Úthagarnir eru víða skriðurunnir og uppblásnir. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Tálknafjörður 1710*).



– **Litli–Laugardalur:** ...Túnið spillist af aur og möl, sem rennur í það í leysingum úr brattlendi. Engjar eru nær öngvar. Úthagarnir eru mjög af skriðum fordjarfaðir og uppblásnir. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Tálknafjörður 1710*).

– **Stóri–Laugardalur:** ...Túnið spillist af grjótsuppgangi og aur og sandi, sem rennur á það í leysingum. Úthagarnir eru stórlega af skriðum fordjarfaðir, uppblásnir og í hrjóstur komnir. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Tálknafjörður 1710*).

– **Kvígindisfell:** ...Engjarnar spillast af skriðum úr fjallinu, og úthagarnir í sama máta, og blása upp í hrjóstur allvíða. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Tálknafjörður 1710*).

– **Bakki:** ...Torfrista og stunga bjargleg en spillist þó af aur og grjóti sem að árennur. Engjarnar eru mikið til eyðilagðar af skriðum úr fjallinu, en það sem að eftir er, ést upp af búsmalanum á sumrin, því úthagarnir eru litlir, uppblásnir til fjallsins, skriðurunnir og í hrjóstur komnir. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Tálknafjörður 1710*).

– **Bakki:** ...Beint upp af Ytri–Bakkabænum og út af Hólabænum stóð aftur stór steinn. Mun hann hafa vantað lítið í tvo faðma á hvern kant, því hann var að mestu ferstrendur, og um tvo faðma mun hann einnig hafa verið á hæð. Það var auðséð að steinn þessi hafði einhvern tíma endur fyrir löngu oltið niður úr Bakkafjalli og staðnæmst þarna. Steinn þessi hét Grásokkasteinn og var mikil trú á honum sem huldufólksheimkynni. (*Ævisaga Hallbjörns E. Oddsonar eftir sjálfan hann. Ársrit Sögufélags Ísfirðinga, 1963*).

– **Sellátrar:** ...Túnið spillist af sandfoki úr fjörunni. Engið er að mestu eyðilaggt af sama sandfoki og skriðum úr fjallinu. Úthagarnir í sama máta fordjarfaðir af skriðum og í hrjóstur uppblásnir. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Tálknafjörður 1710*).

– **Arnarstapi:** ...Landskuld iii vættir, áður hér um fyrir 20 árum iiii vættir, var þá afturfærð fyrir skriðufalli á túnið (1690). ...Túninu grandar skriða til stórskada og eyðilaggt til þriðjunga fyrir því sem áeykst meir og meir. Engjar hafa öngvar verið, nema litlar í kringum stekkin, sem og eru af skriðum eyðilagðar. Úthagarnir eru mjög af skriðum og grjóthruni fordjarfaðir og í hrjóstur komnir. Hætt er kvikfé stórlega fyrir grjóthruni, sem oft hefur mein að orðið. Ekki er bænum óhætt fyrir skriðum, og hafa þær áður mjög að hönum gengið, en þó ekki hingað til húsum grandað. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Tálknafjörður 1710*).

– **Arnarstapi:** ...Jörðin liggur undir skemmdum af skriðum úr fjallinu (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Selárdals– og Stóra–Laugardalssóknir, 1873*).

– **Krossadalur:** ...Engjarnar eru að mestu eyðilagðar af skriðum að ofanverðu, en sandfoki frá sjónum að neðan. Úthagarnir eru og svo mjög skriðurunnir og uppblásnir, og því verða ábúendur að beita Selárdalshlíðar í prestsins leyfi ut supra. Hætt er kvikfé fyrir snjóflóðum á Selárdalshlíðum, og svo smalanum, en ekki í heimalandi, nema nokkuð á Rúnahlíðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Tálknafjörður 1710*).

– **Selárdalshlíðar:** ...Sagt er, að prestur nokkur hér í Selárdal hafi riðið fyrir Kópanes, suður Selárdalshlíðar til Tálknafjarðar, og á þeirri leið sinni ei fengið handstein að hnykkja með hesthófsnagla, en þenna sama veg komast nú ekki nema fáir menn (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Selárdalssókn, um 1840*).

– **Selárdalshlíðar:** ...Þegar séra Bjarni var prestur að Selárdal (1582–1636), voru Selárdalshlíðar, sem oft eru kallaðar Kópahlíðar, svo grösugar, að gamlar sagnir herma, að þegar séra Bjarni fór ríðandi um hlíðar þessar, hafi hann sagt, að hann hafi hvergi á þeim getað fundið stein til þess að hnykkja nagla í hófnum á hesti þeim, sem hann reið. Hafa Selárdalshlíðar þá verið ólíkt grösugri en þær eru nú, enda síðan liðnar rúmlega þrjár aldir (*Einar Borgason frá Hringsdal, Faðir þilskipaútgerðar á Íslandi, í Gils Guðmundsson, Frá ystu nesjum, 1949*).

## Arnarfjörður

– **Arnarfjörður (alm.):** ... (breytingar á landslagi): Mikil breyting hefur víðast orðið á landslagi síðan á landnámstíð hér, því árlega gjöra hér skriður og jarðföll stórar skemmdir. (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Selárdalssókn, um 1840*).

– **Arnarfjörður (alm.):** ... (breytingar á landslagi): Þær breytingar að grösugar fjallahlíðar eru nú framhlaupnar í giljafarvegi og grjótskriður (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Selárdals–, og Stóra–Laugardalssóknir, 1873*).

## Ketildalir

– **Ketildalir (alm.):** ...Alle disse dahle ere som bemeldt enhver fra hinanden adskilt med fælde og klipper i mellem sig og paa begge sider, neden udj meget steenrige og græsliden, af ydelig steenkaste og skræder overdækkede untangen nogen stæder nedst udi dahlene, hvor der er nogen blød jord og moradser til høeslæt og foering (*Sýslulýsingar 1744–1749, Sögurit 28, 1957*).

– **Ketildalir (alm.):** ...Við veljum okkur vordag til ferðarinnar, skömmu eftir að vegurinn hefur verið ruddur. Skriður vilja falla á veginn í votviðrum og í hafrót sleikir aldan tær hans og glefsar af honum neglurnar, að minnsta kosti, en ekki er víst, að hún geri það sér að góðu. En nú er hann góður, aðeins varhugaverðir staksteinar á stöku stað, sem hafa fundið þar notalega hvíld eftir loftköstin ofan úr hömrnunum (*Árbók FÍ, 1959*).

– **Selárdalur:** ...Túninu spillir Selárdalsá að neðan með landbroti. Engjunum spillir og Selárdalsá með grjóts áburði og skriðum að ofanverðu úr fjallinu til stórskaða. Úthagarnir eru stórlega af sér gengnir, skriðurunnir og uppblásnir. Hætt er kvikfé fyrir sjávarflæðum, snjóflóðum, grjóthruni og fornum torfgröfum, sem oft verður mein að. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Arnarfjarðardalir 1710*).

– **Selárdalur:** ...Engjar í lakara lagi og undirornar árennsli úr Bæjarfjallinu og aur úr ánni (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Selárdalssókn, um 1840*).

– **Selárdalur:** ...Landið er yfirhöfuð þurrt og hrjóstrugt og sætir árlegum afföllum af grjóthruni. Í Selárdal er beiti- og slægjuland votlent og lítið og undir áföllum af aur og grjóti (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Selárdals- og Stóra-Laugardalssóknir, 1873*).

– **Rimi í Selárdal:** ...hjáleiga frá Selárdal. ...Engjarnar spillast árlega af skriðum úr fjallinu, svo sem á heimastaðnum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Arnarfjarðardalir 1710*).

– **Hús:** ...hjáleiga frá Selárdal, talið 6 hndr. kot. Stendur hæst uppi í hlíðinni undir Bæjarfjallinu, svo sem 50 faðma fyrir ofan Rima. Hér er skriðuhætt mjög á túnið, engar engjar (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Selárdalssókn, um 1840*).

– **Ytrihús í Selárdal:** ...hjáleiga frá Selárdal. ...Kostir og ókostir sem segir um Rima. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Arnarfjarðardalir 1710*).

– **Fremrihús í Selárdal:** ...hjáleiga frá Selárdal. ...Kostir og ókostir sem áður segir um Rima, nema túnið spillist hér stórlega af skriðum, sem áeykst árlega. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Arnarfjarðardalir 1710*).

– **Uppsalir í Selárdal:** ...Túnið spillist stórlega af skriðum, einkanlega sá parturinn sem Jón býr á (tvískipt). Engjarnar í sama máta spillast stórlega af skriðum og snjóflóðum úr fjallinu. ...Hætt er nýja bænum fyrir skriðum, en sá eldri bærinn hefur verið færður hér um fyrir 30 árum undan skriðum, af tóftarústum þeim sem eru fyrir ofan bæinn þar í vellinum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Arnarfjarðardalir 1710*).

– **Uppsalir:** ...Hér eru tvö býli, og svo sem 20 faðm. Milli bæjanna. Annað túnið er grasgefið, en hitt liggur undir áföllum af skriðum (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Selárdalssókn, um 1840*).

– **Uppsalir:** ...Er þar tún og engjar mjög eytt af skriðum, en landkostir til beitar allgóðir (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Selárdals- og Stóra-Laugardalssóknir, 1873*).

– **Neðribær:** ...Tún jarðarinnar er harðlent, engjar litlar og mjög eyddar af skriðum úr Núpnum (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Selárdals- og Stóra-Laugardalssóknir, 1873*).

– **Fífustaðir:** ...Túnið er sæmilega grasgefið, en liggur undir áföllum af skriðum (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Selárdalssókn, um 1840*).

– **Fífustaðir:** ...Tún og engjar jarðarinnar liggur undir stórskemmdum af skriðum og aurárennsli úr fjallinu (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Selárdals- og Stóra-Laugardalssóknir, 1873*).

– **Holtastaðir í Fífustaðadal:** ...hjáleiga frá Fífustaðum. ...Túninu spilla skriður úr brattlendi, sem sýnilegt er að áaukast muni. Engjarnar spillast og stórlega af skriðum, og af yfirgangi búfjárins, því úthagarnir eru að mestu eyðilagðir af skriðum,

hafa og aldrei miklir verið. Ekki sýnist bænum öldungis óhætt fyrir grjóthruni. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Arnarfjarðardalir 1710*).

– **Öskubrekka í Fífusstaðadal:** ...Engjar spillast af skriðum úr fjallinu til stórskaða. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Arnarfjarðardalir 1710*).

– **Öskubrekka:** ...Þar raklent tún og vott slægjuland og undir skriðuskemmdum (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Selárdals– og Stóra–Laugardalssóknir, 1873*).

– **Klúka í Fífusstaðadal:** ...Enginu spilla skriður úr fjallinu til stórskaða. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Arnarfjarðardalir 1710*).

– **Klúka:** ...sæmileg grasjörð, en skriðuskemmdum undirorpin (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Selárdals– og Stóra–Laugardalssóknir, 1873*).

– **Kirkjuból í Fífusstaðadal:** ...Engjarnar eru öngvar síðan úthagarnir eyðilögðust af skriðum, því búféð gengur á sumrin í engjunum sem áður voru. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Arnarfjarðardalir 1710*).

– **Austmannsdalur:** ...Engjarnar spillast af skriðum úr fjallinu og vatni, sem grefur út rótina. Úthagarnir eru bæði litlir og skriðurunnir. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Arnarfjarðardalir 1710*).

– **Bakki í Bakkadal:** ...Túnið spillist stórlega af skriðum úr fjallinu, og svo sandfoki neðan úr fjörunni. Engjarnar spillast og í sama máta af skriðum til stórskaða. Úthagarnir eru mjög hrjóstrugir og skriðurunnir. Hætt er kvikfé fyrir sjávarflóðum, og svo nokkuð fyrir snjóflóðum. Ekki sýnist bænum öldungis óhætt fyrir skriðum, þó hafa þær ekki húsunum grandað til þessa. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Arnarfjarðardalir 1710*).

– **Bakki:** ...Tún og engjar undirorpið skriðum úr fjallinu (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Selárdalssókn, um 1840*).

– **Bakki:** ...með hjáleigu Gróhólum: Tún og engjar bíða nær árlega tjón af aur- og grjótskriðum (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Selárdals– og Stóra–Laugardalssóknir, 1873*).

– **Feitsdalur í Bakkadal:** ...Engjarnar eru af skriðum meir en til helminga eyðilagðar. Úthagarnir eru af skriðum stórlega fordjarfaðir, uppblásnir og í hrjóstur komnir. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Arnarfjarðardalir 1710*).

– **Feigsdalur/Feitsdalur:** ...Túnið er undirorpið skemmdum af ánni, en engjar af skriðum úr Bakkafjallinu (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Selárdalssókn, um 1840*).

– **Feigsdalur:** ...engjar liggja undir skemmdum af skriðum úr fjallinu (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Selárdals– og Stóra–Laugardalssóknir, 1873*).

- **Grandi í Bakkadal:** ...Engjarnar eru og svo af skriðum fordjarfaðar, og af grjóts áburði úr áður sögðum ám. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Arnarfjarðardalir 1710*).
  
- **Grandi:** ...Graskot sæmilegt, en land undir skemmdum af vatns- og skriðuágangi (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Selárdals- og Stóra-Laugardalssóknir, 1873*).
  
- **Hóll í Bakkadal:** ...Engjarnar spillast af skriðum úr fjallinu. Úthagarnir eru litlir um sig, og þar með skriðurunnir og uppblásnir mjög. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Arnarfjarðardalir 1710*).
  
- **Hringsdalur** (Hrísdalur): ...Engjarnar spillast af skriðum úr fjallinu. Úthagarnir eru ennþá bjarglegir, þó þeir séu víða skriðurunnir. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Arnarfjarðardalir 1710*).
  
- **Neðrihvesta í Hvestudal:** ...Enginu í sama máta grandar stórlega þetta sandfok og svo skriður úr fjallinu, og svo yfirgangur búfjárins, því úthagarnir eru uppblásnir, skriðurunnir og í hrjóstur komnir. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Arnarfjarðardalir 1710*).
  
- **Efrihvesta í Hvestudal:** ...Engjarnar spillast stórlega að neðan verðu af sandfoki, en að ofan verðu af skriðum úr fjallinu. Úthagarnir eru og svo mjög hrjóstrugir og af sér gengnir. Hætt er kvikfé fyrir grjóthruni og ógönguklettum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Arnarfjarðardalir 1710*).
  
- **Svarthamrar:** ...Svarthamrar heita hrikalegir klettar, litlu utar (en Hvestuvaðall) og er sem þeir skagi útfyrir veginn, þegar ekið er undir þeim. Þar er oft hrun smáhnúllunga í þíðviðri, en ekki hafa hlotist slys af því. (*Haflíði Magnússon, Arnarfjörður, 1992*).
  
- **Galtarfjörur:** ...taka þar við Galtarfjörur, draga nafn af kletti við sjóinn, er Göltur heitir, og Auðahringsdalsland, sem heyrir til sóknar í Otrardal, og er skammt fyrir utan Bildudal. Galtarfjörur er torfær hættuleið sökum grjóthruns og skriðufalla í sjó fram (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Selárdals- og Stóra-Laugardalssóknir, 1873*).
  
- **Auðihrísdalur:** ...Fornt eyðiból á milli Hvestu og Hóls í Bildudal í Hólslandi. Þar sjást ljós byggingarmerki af tófta og girðingaleifum, en ekki hefur hér byggð staðið í manna minni eða þeirra feðra, og veit enginn að segja af dýrleika eða byggingarkostum á þessu eyðibóli. Ekki má hér aftur byggja, því túnið er uppblásið og í hrjóstur komið. Heyskapurinn er og mjög lítill, og landið skriðurunnið og uppblásið. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Arnarfjarðardalir 1710*).

## Suðurfirðir

– **Suðurfirðir (alm.):** ...I fornete fiorder ere ingen mærkelige søestrømme, for uten naturlig floed og ebbe. Græsgangen udi fiældenens brinker, backer og marke bedervis aarligen hist og her af fiældskreeder og steenekast neder til søen (*Sýslulýsingar 1744–1749, Sögurit 28, 1957*).

– **Hóll í Bíldudal:** ... (Fremrihús Hjallhólar, Litlaeyri, Litlueyrarhús) Engjarnar bæði á heimajörðinni og á Litlueyri fordjarfast stórlega af skriðum úr fjallinu. Úthagarnir eru og svo fordjarfaðir af skriðum, uppblásnir og í hrjóstur komnir allvíða. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Arnarfjarðardalir 1710*).

– **Hóll í Bíldudal:** ...Á Haganesi bjó eitt sinn karl einn er kallaður var Skagalín, seint á 18 öld. Tóftir af bæ hans áttu að hafa sést til skamms tíma. Eitt sinn bað hann Hólsbónda að hjálpa sér um kjöt, en var synjað. Sagði karl þá að verið gæti að fé hans fari fyrir minna. Skriða hljóp úr fjallinu við Hól og rann yfir fjárhúsin og missti bóndi þar allt fé sitt. Það er svonefnd Stóraskriða upp af bænum á Hóli. (*Haflíði Magnússon, Arnarfjörður, 1992*).

– **Bíldudalur:** ...gengur Bíldudalsvogur inn í ströndina milli Banakletta að utan en Haganess að innan. Vogur þessi er 1 km á breidd fyrir mynnið, en fer mjókkandi inn eftir og er um 1½ km á lengd. Há fjöll (yfir 400 m) með bröttum hlíðum eru báðumegin og er þar varla um neitt undirlendi að ræða. Meðalhalli ytri (vestur) hlíðarinnar erum 30°. Þó er innri (austur) hlíðin enn brattari og er hallinn þar um 40°, enda hrynja þar oft skriður í sjó fram (*Ingivaldur Nikulásson, Sagnir frá Bíldudal (ritað 1942), Mannlíf og saga fyrir vestan (9), 2001*).

– **Otradalur:** ...Túninu spillir bæjargilið til stórskaða og eyðilegginga með grjóts og sands áburði, og hefur eyðilagt af því undir þriðjung. Hætt er staðnum og kirkjunni fyrir skriðuhlaupi úr bæjargilinu, sem að túninu hefur grandað, og hefur þetta skriðufall fyrir 12 árum hlaupið á fjósið, brotið það niður og drepit peninginn (rétt 1699, telst snjóflóð). Var það (fjósið) þá allnærri staðnum. Var síðan flutt heim að staðnum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Arnarfjarðardalir 1710*).

– **Otrardalur:** ...Fra bemte Bajarfield rinder en bækk, Bæjargil som i forige tild ved nedløbende fiældskreed og steene dræpte nød og studer uti huset, se vare indeluckendende, toeg bort en deel af tunet, som det endnu aarligen gior, besynderlig om foraaet, da vand med blöd sand og steene falder der paa neder fra fiældet som umuelig er at hindre (*Sýslulýsingar 1744–1749, Sögurit 28, 1957*).

– **Otrardalur:** ...Bærinn stendur að vestanverðu í dalnum, skammt frá sjónum, en hinn forni bær hefir staðið ofar eða nær hlíðinni, en verið fluttur sökum skriðna úr fjallinu. (*Sigurður Vigfússon, Rannsókn um Vestfirði 1882, einkanlega í samanburði við Gísla Súrssonar sögu, Árbók Fornleifafélagsins, 1883*).

– **Dufansdalur:** ...Landskuld af allri jörðunni xiii vættir iicj vætt af hverjum xiic nema í næstu 5 ár hafa fallið niður v fjórðungar, nú seinast, en fyrst ij vætt og þar í milli, fyrir skriðufall á einum xiic. ...Túninu á einum xiic granda skriður til stórskaða, svo þar fyrir voru skuldir aftur færðar ut supra, og svo spillir bæjaráin hinum pörtunum nokkuð með grjóts og sands áburði. Engjarnar eru stórlega

fordjarfaðar af skriðum úr fjallinu. Úthagarnir eru ennþá bjarglegir, þó þeir séu víða skriðurunnir. ...Hætt er efsta bænum stórlega fyrir skriðum, og hefur hér fyrir 10 árum skriða á bæinn hlaupið, þegar að túnið tók af, og braut baðstofuna, svo mönnum var naumlega sjálfborgið (rétt 1699, telst snjóflóð). Í sama sinn tók fjósið svo nautin dóu. Þá gekk og þessi skriða mjög að heimabænum, þó honum grandaði ei. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Arnarfjarðardalir 1710*).

– **Foss í Fossfirði:** ...Engjarnar á allri jörðinni spillast stórlega af skriðum úr fjallinu. Úthagarnir eru og svo mjög skriðurunnir. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Arnarfjarðardalir 1710*).

– **Reykjafjörður:** ...Tún eru þar aurrunnin. ...skriðurunninn er úthagi þar, sem víðast hvar í fjörðunum (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Otradalssókn, 1851*).

– **Trostansfjörður:** ...Engjarnar eru af skriðum spilltar, og af grjóts áburði og landbroti af Trostansdalsá. Úthagarnir eru bjarglegir, þó þeir spillist af skriðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Arnarfjarðardalir 1710*).

– **Sperðlahlíð í Geirþjófsfirði:** ...Engjarnar, þær litlar sem að eru nálægt jörðunni, spillast af skriðum. Hinar fram á fjallinu, ganga af sér og spretta lítt fyrir fannlögum, sem liggja á þeim allt fram á sumar. Úthagarnir eru enn þá bjarglegir, þó þeir spillist sumsstaðar af skriðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Arnarfjarðardalir 1710*).

– **Botn:** ...Utar og sunnar í hlíðinni gnæfir klettur einn mikill upp úr skógar þykkni. Er það Einhamar, sem frægur er af vörn Gísla Súrssonar. En hann mun vera 16 m á hæð og þverhniptur að norðanverðu, en allmikið mun þó hafa hrunið úr honum, sérstaklega efstu brún hans, síðan Gísli Súrsson háði þar hina hinstu vörn sína gegn ofurefli fjandmanna (*Jón G. Jónsson, Í landnámi Geirþjófs Valþjófsssonar, Árbók Barðastrandarsýslu (4), 1951*).

– **Krosseyri í Geirþjófsfirði:** ...Engjunum spilla skriður úr fjallinu stórlega, og hafa mikið af þeim eyðilagð. Úthagarnir eru og svo stórlega skriðurunnir og uppblásnir. Hætt er kvikfé fyrir snjóflóðum og grjóthruni. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Arnarfjarðardalir 1710*).

– **Krosseyri í Geirþjófsfirði:** ...Yst í mynni Geirþjófsfjarðar að austanverðu er jörðin Krosseyri. ...Hlíðin milli Krosseyrar og Botns hefur fyrr á tímum verið þakin skógi og kjarngresi. Sjást þess enn víða merki, en grjóthrun og skriðuhlaup hafa nú eytt gróðri hennar að verulegu leyti (*Jón G. Jónsson, Krosseyri í Suðurfjarðarhreppi, Árbók Barðastrandarsýslu (4), 1951*).

– **Steinanes:** ...Úthagarnir eru stórlega fordjarfaðir af skriðum og mikinn part í hrjóstur komið. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Arnarfjarðardalir 1710*).

## Vestur Ísafjarðarsýsla

– **Ísafjarðarsýsla (alm.):** ...hvilket og faraarsager dend stedze varende steenkast oven fra fiældene eller fiældskreder, som fører altid steen og gruus neder paa denne lille sletta jord hvor af græset forderves aarligen saa dette Isefjordssyssel maa kaldes foeni inopia seu locus jejunos, macer et sterilis (*Sýslulýsingar 1744–1749, Sögurit 28, 1957*).

– **Ísafjarðarsýsla (alm.):** ...(1797). Engu að síður hefur vetur sá víða eftir sig látið stórar skemmdir bæði túna og engja fyrir óskaplegum ofsastormum, regnum, sjávar- og vatnagangi, sem orsakað hafa drjúgum grjótburð og skriðuhrun. Mér er sagt, að á nokkrum bæjum Ísafjarðars. hvar brattar voru fjallahlíðar, hafi vel helmingur túna undirorpist grjótskriðum. (*Benedikt Pálsson, Fréttir af vesturlandi IV, Ársrit Sögufélags Ísfirðinga, 1986*).

## Arnarfjörður

– **Arnarfjörður (alm.):** ...Breyting frá landnámstíð er ekki önnur að merkja en sú, hvað löndin hér ganga af sér af árennsli úr þessum háu fjöllum og aurhlíðum. ...Hafi hér einhver ómerkileg kot lagst í eyði frá fyrri tíð, sem vel má vera, er það af skriðuföllum, þar á móti eru hér engin nýbýli upptekin,, svo lengi ég man til, eða hef skírteini fyrir (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Rafnseyrarkirkjusókn, 1839*).

– **Arnarfjörður (alm.):** ...Fjöllin yfir sókninni er mest klettafjöll, frá miðjum hlíðum eður neðar, en einberar grjóthlíðar að undirlendi, en þó sumstaðar litlir grasteigar uppeftir, helst í dölunum, sem þó eru alltaf að minnka, og ár frá ári að aftakast af aurskriðum og grjótkasti, sem sérdeilis renna og falla í stórrigningum og snjóaleysingum (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Álftamýrarsókn, um 1840*).

– **Langanes:** ...Þá byrja ég á þessu Langanesi að lýsa fjöllum og landi ...Fyrir það er vel gangandi. En við sjómálið eru drangar stórir og klettaberg. Í þessum dröngum ungar fuglakóngurinn assa árlega út ungum sínum, án þess að nokkur geti haft hönd á hreiðri hennar. Að öðrum dranginum liggur þunnt klettbarð, aldrei meir en hálf alin þykkt, sem enginn treystist fram eftir að komast. Það er um 6 faðma hátt. Og sögur segja, að prestur nokkur á Rafseyri hafi reynt til að fara það, til að glettast við örninn, og þá hafi sprungið út skarðið, sem úr berginu er dottið, en hann hrapað í sjóinn og beðið dauða af. Og þessi prestur skal hafa verið Guðmundur Skúlason (dó 1623) (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Rafnseyrarkirkjusókn, 1839*).

– **Hokinsdalur:** ...Hagarnir eru uppblásnir og víða skriðurunnir. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Arnarfjarðarströnd 1710*).

– **Hokinsdalur:** ...affallsjörð af skriðum, þó á úthaga, en ekki slægjur. ...Norðan til við dalinn liggur strandlendis, hátt fjall í útnorður, sem að vestanverðu má komast upp á, þar það eru aurhlíðar og gil stór, sem heita Lambagil, nú öll graslaus. Úr



Þessum aurlíðum renna sífelldlega skriður á grasbeitarlöndin í dalnum (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Rafnseyrarkirkjusókn, 1839*).

– **Laugaból í Mosdal:** ...Engjar eru votsóttar og mjög slitróttar í mýrum, og spillast þar með af yfirgangi búfjárins, því úthagarnir eru mjög hrjóstrugir, uppblásnir og skriðurunnir. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Arnarfjarðarströnd 1710*).

– **Horn í Mosdal:** ...Úthagar eru mjög graslitlir, skriðurunnir og hrjóstrugir. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Arnarfjarðarströnd 1710*).

– **Skógar í Mosdal:** ...Úthagarnir eru mjög litlir um sig og þar með skriðurunnir til fjallsins. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Arnarfjarðarströnd 1710*).

– **Kirkjuból í Mosdal:** ...Úthagarnir eru mjög skriðurunnir og uppblásnir. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Arnarfjarðarströnd 1710*).

– **Kirkjuból í Mosdal:** ...Þar kemur ein hlið inn eftir, sem heitir Urðarhlíð, ...Á henni er mikið lítið gras, einkum um allt miðbikið, því sífelldlega er steinn og skriður á lofti, einkum í regnum (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Rafnseyrarkirkjusókn, 1839*).

– **Dynjandi:** ...Landskuldahæðin er ekki svo dýrlega ákveðin, að hún kunnir hér að skrifast, en eftir jörðina hefur goldist í næstu 60 eða 70 ár eða lengur 8 rígsdalir, in specie í leigur (og ) landskuld, nema um 13 eða 14 ár fyrir bóluna guldust hér 7 rígsdalir, en einum var afslegið fyrir skriðu, sem féll á túnið. ...Engjunum spillir snjóflóð og skriður til stórskada. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Arnarfjarðarströnd 1710*).

– **Dynjandi:** ...en ágangsjörð af skriðum á fjárbeitarlöndin (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Rafnseyrarkirkjusókn, 1839*).

– **Meðalnes:** ...Norðan til við dal þennan (Dynjandisvog) liggur eitt hátt fjall, sem byrjar frá aðalfjöllum Glámu, og gengur út í fjörðinn eins og múli, allstaðar ófært upp á að komast, nema fram í áður nefndum Sviðningsdal. Það heitir Meðalnes (fjallið). Úr því renna miklar skriður á litlar grasnytjar á undirlendinu (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Rafnseyrarkirkjusókn, 1839*).

– **Skjaldfannarkot í Borgarfirði:** ...Kallast nú almennilega fornt eyðiból í Rauðstaða landi, sem ekki hefur byggt verið í gamalli tíð, en sjást svo ljós byggingamerki bæði af tófta og túngarðaleifum. Ekki má hér aftur byggja, því skriða er fallin yfir allt þetta pláss. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Arnarfjarðarströnd 1710*).

– **Skjaldfönn:** ...Fjallið fyrir ofan Rauðstaði og fram að svonefndu Rauðahorni heitir Rauðstaðafjall. Töluvert fyrir framan bæinn eru tóftir gamals eyðibýlis, sem hét Skjaldfönn. Upp af því er gil í fjallinu, kallað Skjaldfannargil. Býlið tók af, er skriða féll úr gilinu. Braut hún bæinn og fórst þar allt fólk (*Árbók FÍ, 1951*).

– **Rauðstaðir í Borgarfirði:** ...Túninu hafa skriður spillt stórlega, og er því enn nú mjög hætt. Engjarnar spillast og nokkuð sumsstaðar af skriðum. Hætt sýnist bænum fyrir skriðum, sem á túnið hefur gengið, þó hefur það hingað til ekki stórum að meini orðið. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Arnarfjarðarströnd 1710*).

– **Rauðstaðir:** ...Tún er þar lítið, á hvert árlega rennur aurskriður, rétt í kring um bæinn. Engjar eru líka töluvert minnkaðar af sömu orsök. ... Undirlendið, norðan fram Arnarfjarðar, er allstaðar lítið, því skaða skriðurnar svo mikið graslendið, því ei stöðvast þær fyrr en í fjöru eður sjó. Svo eru t.d. jörðin Rauðstaðir orðin tvísýn af skriðum og árennsli, að menn eru farnir að taka í eftirþanka að búa þar og meir en hálfpartur engja ónýtur. (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Rafnseyrarkirkjusókn, 1839*).

– **Hjallkárseyri, Óskasel:** ...Á miðri Hjallkárseyrarhlíð eru gamlar tóftir og vottar fyrir túngarðspotta. Á 16 eða snemma á 17 öld var þar reist býli, sem nefndist Óskasel. Munnmæli segja, að skriða hafi tekið bæinn. Fornar heimildir telja byggð hafa verið þar aðeins tvö ár (*Árbók FÍ, 1951*).

– **Hjallkárseyri:** ...Túninu grandar sandfok stórlega til stórskaða og sjávangangur, sem gjörir landbrot, ítem hefur fyrir 13 árum skriða runnið úr fjallinu á túnið (1697). Engjarnar spillast og stórlega af skriðum og yfirgangi búfjárins, því úthagarnir eru uppblásnir og skriðurunnir. Ekki sýnist bænum öldungis óhætt fyrir grjóthrúni úr fjallinu. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Arnarfjarðarströnd 1710*).

– **Hjallkárseyri:** ...Hún er slægnalítill orðin vegna árennslis og líka veðrajörð af flestum áttum ... Undirlendið, norðan fram Arnarfjarðar, er allstaðar lítið, því skaða skriðurnar svo mikið graslendið, því ei stöðvast þær fyrr en í fjöru eður sjó. ...Eins sá næsti bær fyrir utan, sem heitir Hjallkárseyri, yfir hverjum að vofir klettahöfði, úr hverjum stór björg hafa voltið að bænum. (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Rafnseyrarkirkjusókn, 1839*).

– **Hjallkárseyri:** ...Hér er lítið um slægjur en gott sauðland. Sandfok og sjávangangur ollu stundum skaða á túninu og landsþjöll af völdum skriðufalla voru tíð. Skriðurnar ógnuðu líka bænum. Guðmundur Halldór, sem fyrr var nefndur, segir frá því að haustið 1899 hafi fallið hér 30 skriður og ein þeirra rétt við bæinn. Mikið af túninu fór þá undir aur og grjót (*Árbók FÍ, 1999*).

– **Gljúfurá:** ...Túnið spillist af skriðum og grjóthrúni og engjarnar að mestu eyðilagðar fyrir skriðum. Úthagarnir og svo mjög fordjarfaðir af skriðum, uppblásnir og í hrjóstur komnir. Hætt er bænum fyrir skriðuhlaupum úr fjallinu, þó það hafi hingað til ekki að meini orðið. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Arnarfjarðarströnd 1710*).

– **Gljúfurá:** ...Undirlendið, norðan fram Arnarfjarðar, er allstaðar lítið, því skaða skriðurnar svo mikið graslendið, því ei stöðvast þær fyrr en í fjöru eður sjó. ... Utan við þennan Gljúfurárdal ...tekur fjallgarðurinn aftur til út með firðinum og er einlægur 2/3 parta sjóar, með hliðum undir og grasteigum, en ógengum klettahillum yfir og stórum giljum, sem sýnast hafa fram sprungið, frá ómínnilegum tíðum, því hryggir stórir eru fyrir neðan með grasi sumstaðar, sem þó er alltaf minnkandi af

vatns- og aurskriðum (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Rafnseyrarkirkjusókn, 1839*).

– **Karlsstaðir:** ...Túninu grandar grjótsuppgangur. Engjarnar eru að kalla eyðilagðar af skriðum. Úthagarnir eru og svo mjög skriðurunnir. Ekki sýnist bænum öldungis óhætt fyrir grjóthruni úr fjallinu. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Arnarfjarðarströnd 1710*).

– **Hrafseyri:** ...Engjarnar eru mjög á dreif og stórlega spilltar af skriðum, sem áeykst meir og meir. Úthagarnir eru og svo af skriðum fordjarfaðir og víða uppblásnir. (Sama á við um hjáleigurnar: Rana, Bæli, Efrihús og Neðrihús). (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Arnarfjarðarströnd 1710*).

– **Rafnseyri:** ...nú er jörðin staklega mikið af sér gengin að engjaslægjum. Þær er varla að tekja nema lengst frá á dal, sem bágt er að nota í regnatíðum. Hún fóðrar ei heldur meir pening nú en þá þær voru allar standandi, og vegna svoddan árennsla (skriður) þeir undanverandi prestar fengið, með biskupa leyfi, að afmá þær (hjálegurnar) ...Fram af staðnum í landnorður liggur stór dalur, sem kallaður er Rafneyrardalur. ...þar kemur enn dalur, sem heitir Heiðardalur. Fyrir neðan þennan dal, í aðaldalnum, er staðarins slægnaland, að mestu leyti, því hin slægjulönd heim betur í dalnum, eru orðin ónýtt vegna aurskriða ofan úr fjallahlíðunum. ...Í fyrri daga var þessi aðaldalur mikið grösugur og kostagóður að slægjum, en nú staklega mikið af sér genginn vegna skriðna, er árlega taka haglendi og slægjupláss. ...Rafnseyrarheiði (snjóflóð): Liggur leiðin upp bratt horn, milli tveggja dala fram úr aðaldalnum. ...er sá vegur ekki góður í hörkum á vetur, ellegar á í snjókomu. Verða snjóhengi og skriðuhætt í heiðar horninu, svo manntjón hefur þar skeð og heitir í heiðardalnum Manntapagil (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Rafnseyrarkirkjusókn, 1839*).

– **Rafnseyri:** ...en að engja slægjum er hún örðug mjög og mögur, því það, sem eigi þegar er eytt af skriðum og aurfalli, liggur til fjalla. (*Johnsens Jarðatal, 1847*).

– **Auðkúla:** ...Enginu spillir vatn, sem étur rótina til stórskaða. Úthagarnir eru mjög litlir og til fjallsins uppblásnir og skriðurunnir, og gengur kvikfé mjög uppá nágrönnum, en ekki geldst hér þó viss beitartollur. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Arnarfjarðarströnd 1710*).

– **Auðkúla:** ...Næst er þá að telja örnefni í hlíðinni á Auðkúlufjalli. ...Teigur heita grasgeirar heiman til við Heimri- og Fremrihvilt. Litlaskriða heitir skriða, sem nú er orðin allmjög grasigróin, og sem fallið hefur rétt fyrir heiman Heimrihviltina, en Stóraskriða er rétt framar í hlíðinni. Báðar þessar skriður höfðu fallið niður fyrir götu, er lá fram hlíðina (*Jón Á, Jóhannsson, Auðkúla í Arnarfirði, Ársrit Sögufélags Ísfirðinga, 1957*).

– **Tjaldanes:** ...Úthagarnir eru mjög af skriðum fordjarfaðir og í hrjóstur komnir. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Arnarfjarðarströnd 1710*).

– **Bauluhús:** ...Engjarnar hafa fordjarfast af skriðum og er sýnilegt að það muni áaukast. Úthagarnir í sama máta af skriðum stórlega fordjarfaðir. Hætt er kvikfé á

vetur fyrir sjávarflóðum undir mósköflum og svo fyrir snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Arnarfjarðarströnd 1710*).

– **Álftamýri:** ...Túninu hafa skriður spillt, og er hætt mjög að aukast muni meir og meir. Enginu granda skriður úr fjallinu að ofan og sandfok frá sjónum að neðan, og hafa skriðurnar meir en helming engjanna eyðilagð. Úthagarnir eru og merkilega af skriðum fordjarfaðir og í hrjóstur komnir, sem að orsakar nytbrest í búfénu. Hætt er kvikfé fyrir snjóflóðum á vetur og svo fyrir sjávarflóðum undir mósköflum. Hætt sýnist kirkjunni fyrir skriðuhlaupi úr fjallinu, og hefur það eitt sinn mjög að henni gengið, en gjörði þó ei mekilegan skaða í það sinn. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Arnarfjarðarströnd 1710*).

– **Álftamýri:** ...Jörð þessi er stórlega mikið af sér gengin að engjagrasnytjum, eins og að hagabeit, því hún er undirköstuð aurskriðuföllum meir en hver önnur jörð, og eru þó flestar norðan fram fjarðar þessa það. Engjapláss er hér fyrir utan og neðan bæinn, lítið að sönnu ummáls, en þó fyrrum vel ávaxtarsamt. Það er kallað Álar. Voru þar tjarnir í fyrri tíð sem álfir settust á, og því mun staðurinn heldur heita Álftamýri, en Álamýri. Þetta engjapláss er nú næstum því aftekið með sinni álfafegurð af aur úr fjalli fyrir ofan og lækjum, sem frá fjallinu renna, og hafa fleytt aurnum yfir engjaplássið mest allt. Að sönnu sekkur aurinn nokkuð á 2–3 ára fresti, en aftur og aftur bætist við. Fram af bænum (staðnum) liggur einn dalur. Upp í hann eru brattar brekkur, rétt ofan við túnið. Renna lækir og vötn mikil úr dal þessum í leysingum og færa aurinn ákaft á túnið (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Álftamýrarsókn, um 1840*).

– **Álftamýri:** ...þarabeit allgóða fyrir sauðfé á vetrum og kemur hún sér því betur, sem eð sárlitla beitarland staðarins fljótt leggur undir og þar hjá gengur af sér af aur- og grjótskriðum. (*Johnsens Jarðatal, 1847*).

– **Álftamýri:** ...Jörðin Álftamýri var ýmist talin 32 eða 22 hundruð að dýrleika. Engi og hagar urðu hér snemma fyrir verulegum spjöllum af völdum skriðufalla (*Árbók FÍ, 1999*).

– **Álftamýrarhúshjáleiga:** ...Kostir og ókostir sem segir um heimastaðinn. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Arnarfjarðarströnd 1710*).

– **Stapadalur:** ...Engjar eru að mestu eyðilagðar fyrir skriðum. Úthagarnir í sama máta fordjarfaðir af skriðum og haglítið fyrir búfé. Hætt er kvikfé fyrir sjávarflóðum og svo fyrir snjóflóðum. ...Heimræði er hér árið um kring, nema á vorin um vertíð ut supra, og gengur hér eitt skip á búanda, stundum tvö. Inntökuskip er hér eitt í landinu, þar sem heitir Afgangshlein, og liggja menn þar við tjald í nokkur ár, en áður hefur verbúð verið ein, sem niður er fallin fyrir grjóthruni. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Arnarfjarðarströnd 1710*).

– **Stapadalur:** ...Innan við það (merkin á milli Hrafnabjarga og Stapadals) eru snarbrattir klettur við sjóinn, og hefur brimið sorfið þá svo að neðan, að þeir slúta fram á nokkru bili. Kallast þeir Skútadjörg. Viðsjált getur verið að fara þar sökum niðurfalls úr brattri hliðinni (*Árbók FÍ, 1951*).

– **Stapadalur:** ... (skriða/flóð?) Nálægt miðri nítjándu öld gerði áin mikil spjöll á jörðinni. Mun hún hafa stíflast í þröngum árdal. Þegar áin braut stífluna, ruddist hún með feiknakrafti yfir ytri hluta túnsins og bar með sér mikið af grjóti. Fjárhús tók hún á túninu og bát, sem var á hvoftum við sjóinn. Mikið hefur verið gert til að bæta spjöllin, en enn sér þeirra merki (*Árbók FÍ, 1951*).

– **Hrafnabjörg í Lokinhamradal:** ...Hvannatekja hefur verið í Lokinhamrató, sem að nú er öldungis eydd og í skriðu fallin ... Engjarnar eru að mestu leyti eyðilagðar fyrir skriðum, og úthagarnir í sama máta af skriðum stórlega fordjarfaðir. ... Heimræði er hér árið um kring og lending góð en skipsuppsátrið ekki óhætt fyrir grjótfalli úr fjalli, og hefur af því eitt skip brotnað. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Arnarfjarðarströnd 1710*).

– **Lokinhamrar í Lokinhamradal:** ...Hvannatekja hefur verið í björgum, sem nú er að kalla eydd af skriðufalli, voru og til hvannanna stórar ógöngur og brúkaðist því lítt. Túnið hefur spillst stundum af skriðu og sprottið upp þess á milli. Hætt er útigangspeningi fyrir snjóflóðum og sjávarflæðum, og hefur oft að því stór skaði orðið. ... Heimræði er hér árið um kring og lending góð og ganga hér 2 skip á búanda. Skipsuppsátrið er vont undir háa bakka með klettum, og er mjög hætt við að snjóflóð og grjóthrun grandi skipunum og hafa hér brotnað 4 skip í manna minni. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Arnarfjarðarströnd 1710*).

– **Lokinhamrar:** ...Frá þessum stapa liggur vegurinn rétt með sjónum út yfir þær svokölluðu Loðkinnhamrafjörur, hver vegur að er bæði illur yfirferðar og ofboðslegur, því að þétt með stálbergi mikið háu er farið, fram af hverju er sífelldlega steinn á flugi eður aur fall. ... Loðkinnhamrar: Það er allgóð jörð að grasnytjum og flutningsjörð með fénað, en undirorpin skemmdum og afnámi af skriðum (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Álftamýrarsókn, um 1840*).

– **Lokinhamrar:** ...Lendingin var talin góð í Lokinhömrum en skipsuppsátur ótryggt því ofan við fjöruna eru háir klettabakkar. Grjóthrun og snjóhengjur sem féllu úr bökkunum ollu stundum skaða á bátunum (*Árbók FÍ, 1999*).

– **Lokinhamradalur:** ...Stuttu eftir að þeir félagarar voru aftur komnir inn, hvessti á ný og nú af suðvestri. Var vindurinn enn hlýrri en áður og rigningin meiri en nokkurn tíma fyrr á deginum. ...Veður var orðið gott, lygnt og milt og úrkoma engin, en frá ánni heyrðust dynkir miklir og skruðningur. ...uns hann átti stuttan spöl ófarinn fram í Votuhvamma. ...í sama mund heyrast dynkir ógurlegir, er brátt urðu að samfelldum gný, sem svo varð hávær, að menn fengu hellu fyrir eyru. Brátt fyllti mökkur dalinn, og á skammri stundu varð slíkt haf af móðu, að hvergi sá til fjalla eða himins. Áin vall fram sem fljót væri og bar til sjávar björg stór og víðáttumiklar jarðvegsspildur, og varð allur fjörðurinn ein mórilla, svo langt sem augað eygði. ...Hávaðinn varaði með fullum styrkleik í þriðjung stundar, en úr því rénaði hann fljótt. ...Nú rofnaði til, og sást fyrst, að áin var enn sem fljót og hafði fram af ósi hennar myndast rif, eitt mikið af aur og grassverði, með stórum staksteinum hér og þar. ...Sást þá, að í fjallið, þar upp af, sem Indriði hafði staðnæmst, var komin skál ein geipivíð, og gapti hún við sýn eins og brúnrautt gin með grásvörtum jöxlum. En yfir láglendið hafði fallið skriða svo breið og mikil, að enn sjást ekki aðrar slíkar nærlendis. ...Vel hefur enst nafngift Sólrúnar, því enn er til hvort tveggja í Lokinhömrum, Indriðaskál og Indriðaskriða

(*Guðmundur Gíslason Hagalín, Indriðaskriða (eftir sögn Guðbjarts Jónssonar frá Svalvogum), Úr blámóðu aldanna – fimmtán sagnaþættir, 1952*).

– **Svalvogar:** ...Engjarnar eru að mestu eyðilagðar af skriðum, grjóthruni og sandfoki. Úthagarnir eru og mjög skriðurunnir og uppblásnir allvíða. Hætt er kvikfé fyrir snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Dýrafjarðarhreppur 1710*).

– **Svalvogar:** ...Um 1800 var talið að hjáleigukot hefði staðið í Hlaðnesvík í fyrndinni og um 1900 lifðu í munnmælum sagnir um skriðu er grandað hefði koti þessu (*Árbók FÍ, 1999*).

– **Höfn:** ...Túninu hafa grandað skriður og grjóthrun til stórskaða, sem jafnlega áeykst meir og meir. Engjar eru gjörsamlega eyðilagðar fyrir skriðum og grjóthruni. Úthagarnir eru og svo mjög forspiltir af skriðum og því þarf ábúandi að þiggja haga af Svalvogum, helst á vetur og kemur þar á mót óákveðinn góðvilji, en enginn viss beitarskattur. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Dýrafjarðarhreppur 1710*).

## Dýrafjörður

– **Dýrafjörður (alm.):** ... (breytingar á landslagi): Eftirtakanlegar breytingar á landslagi fyrir lengri eða skemmri tíma vita menn hér fátt af segja, utan hvað lönd til fjalla færast árlega stórum til hrörnunar af aurum og skriðum, en við sjóa af brimum og sandfoki. ...Yfirhöfuð fara jarðir í þessum sóknum fremur til hrörnunar en bötnunar hvað eð orsakast þar af, að undirlendið er víða sáralítið heima við bæina, en aðal slægjulönd og hagar liggja fram til fjalla og dala, yfir hver að árlega ganga meira og minna skriður og snjóflóð (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Sanda- og Hraunssóknir, um 1840*).

– **Dýrafjörður (alm.):** ...Það er langur og leiðinlegur vegur að fara inn fyrir Dýrafjörð. Ströndin, fjöllin og dalskvompurnar beggja megin eru alls staðar eins, fjöllin eru öll grafin í sundur, og standa fram múlar og fell milli kvosanna. ...Því innar sem dregur, því minna eru fjöllin sundurskorin, hvíltfirnar eru grynnri og brúnirnar oft óslitnar langa leið. Víða hafa skriður fallið í sjó fram (*Þorvaldur Thoroddsen, Ferðasögur frá Vestfjörðum sumarið 1887, Ferðabók II, 2. útg. 1958–60*).

– **Þorgerðarstaðir í Keldudal:** ...Land heitir svæði yst í Keldudal í Dýrafirði. Þar var áður fagurt graslendi, en nú orðið skriðurunnið nokkuð. Fyrir um 50 árum (um 1880) sá fyrir gömlum tóftum í miðju landssvæði þessu. Það er gömul sögn, að þarna hafi bær staðið og heitið Þorgerðarbær eða Þorgerðarstaðir (*Guðbr. Guðmundss. bókafr. Þingeyri, Gömul eyðibýli í Dýrafirði. Í Arngr. Fr. Bjarnason, Vestfirskar sagnir III, 1946*).

– **Hraun í Keldudal:** ...Engjarnar eru sumsstaðar eyðilagðar af skriðum, en sumsstaðar uppbornaðar og í hrjóstur komnar, ítem spillir þeim þverá með grjóts og sandsáburði. Hagarnir eru og svo mjög fordjarfaðir af skriðum, bæði heimalandið og selhagarnir, og orsakar þessi grasbrestur stóra nytþurrð á búsamalanum. Hætt er kvikfé

fyrir jarðgryfjum og lækjum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Dýrafjarðarhreppur 1710*).

– **Saurar í Keldudal:** ...Enginu hefur spillt Hraunsá með landbroti og svo nokkuð skriður úr brattlendi. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Dýrafjarðarhreppur 1710*).

– **Arnarnúpur:** ...Engjarnar spillast stórlega af skriðum og eru víða fyrir því eyðilagðar. Úthagarnir og svo mjög uppblásnir og víða skriðurunnir. Ekki sýnist bænum eða túninu óhætt fyrir snjóflóðum eður grjóthruni, þó hefur það hingað til ekki að meini orðið. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Dýrafjarðarhreppur 1710*).

– **Sveinseyri:** ...Túnið fordjarfast af sandfoki og af skriðum úr fjallinu, og hefur fyrir nokkrum árum þetta skriðufall tekið 4 hús með fé og hestum, sem á túninu stóðu. Engjarnar spillast og af skriðum og blása upp sumsstaðar og spretta lítt. Úthagarnir og svo mjög fordjarfaðir af skriðum. Hætt er kvikfé fyrir snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Dýrafjarðarhreppur 1710*).

– **Haukadalur:** ...Túninu hafa skriður spillt til stórskaða og eyðileggingar, sem að sýnilegt er að áukist meir og meir. Engjarnar í sama máta fordjarfast stórlega af skriðum, og hafa eyðilagð þær til helminga. Úthagar eru enn nú bjarglegir, þó að þeir séu allvíðast skriðurunnir og mjög svo fordjarfaðir. Hætt sýnist bænum fyrir skriðum úr fjallinu, og hafa fjósir 2 undan þessu skriðuhlaupi færð verið, sem þó stóðu allnærri bænum. ...Gíslaholt, Annmarkastaðir, Skammfótarmýri, Nefstaðir, Orrastaðir/Koltur, heita fimm eyðiból sem hér liggja öll í Haukadal og Haukadalslandi, fram frá Haukadalsbænum kring um dalinn eftir þeirri röð, sem hér eru þau skrifuð, og sést á sérhverju þessu eyðibýli ljós byggingarmerki af tóftarústum og sumsstaðar af túngarðsleifum, nema Annmarkastöðum, þar er stórt jarðhlaup yfir runnið, og er sagt að það hafi eyðilagð byggðina og drepið mennina. Ekki hafa þessi eyðiból frá gamalli tíð byggð verið, og má ekkert þeirra aftur byggja fyrir heyskaparleysi, því dalurinn er allur af skriðum fordjarfaður. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Dýrafjarðarhreppur 1710*).

– **Haukadalur, Lambadalur:** ...Nokkru ofar en í miðjum Haukadal gengur lítill dalur út úr til vesturs, sem liggur þó nokkuð hærra, og heitir Lambadalur. ...Hér er landslagið skólegast, og sést undir orpið skriðum. Haukadalur er líka enn svo frjósamur, þó hann sé orðinn mjög eyðilagður af skriðum hið efra. (*Sigurður Vigfússon, Rannsókn um Vestfirði 1882, einkanlega í samanburði við Gísla Súrssonar sögu, Árbók Fornleifafélagsins, 1883*).

– **Skammfótarmýri í Haukadal:** ...Fyrir austan ána, nokkru ofar í dalnum en seltóftirnar, er stórt svæði mýrlent, sem nú er kallað Skammfótarengi. Ég hygg það víst, að hér hafi verið Skammfótarmýri, þar sem þetta nafn hefir haldist þar við. ...Hjá Skammfótarengi sést nú ekki nema gömul tóft ofan til við mýrina í mounum við ána. Heimán til við mýrina er gömul skriða stór, sem fallið hefir niður úr hlíðinni og myndar hrygg allt niður að á. Getur þessi verið jarðfall það, sem sagan talar um að sjáist fyrir þegar hún var rituð. Er það víst, að þessi skriða hefir getað tekið af lítilfjörlegan bæ. En það sem sýnist stríða á móti þessu er, að báðar sögurnar segja, að Skammfótarmýri hafi verið vestan á. (*Sigurður Vigfússon, Rannsókn um Vestfirði*

1882, einkanlega í samanburði við Gísla Súrssonar sögu, *Árbók Fornleifafélagsins*, 1883).

– **Skammfótarmýri í Haukadal:** ...Í Gísla sögu eru nefndir fjórir bæir frammi í dalnum. Segir sagan að einn þeirra hafi farið af skriðu, sem huldi hann algjörlega. Sá bær hét Skammfótarmýri. Nafnið Skammfótarmýri er nú ekki til, en innan árinna, móts við Kolturshorn, er engi kallað Skammfótarengi. Er talið, að Skammfótarmýri hafi verið upp af því, en þar eru miklar skriður (*Árbók FÍ*, 1951).

– **Skammfótarmýri í Haukadal:** ...Enn utar í dalnum sömu megin árinna, á móts við minni Lambadal er til örnefnið Skammfótarengi og þar er talið að Skammfótarmýri hafi verið. Þar sjást engar rústir því hrúnið hefur úr fjallinu og ná grjótskriður langt fram í dalinn (*Guðmundur J. Guðmundsson, Á slóðum Gísla Súrssonar, Áfangar* (38), 1990).

– **Annmarkastaðir í Haukadal:** ...Það er lítil ástæða til að ætla, eins og sumir hafa haldið, að Skammtóftarmýri hafi verið rétt fyrir heiman Annmarkastaði að vestanverðu, þar sem nú eru kölluð Jarðföll, því þar sést ekki hið minnsta fyrir að bær hafi nokkurn tíma verið, og ekki glöggvari merki til jarðfalla en í hinni skriðunni hjá Skammfótarengi, sem ég áður nefndi, enda er dalurinn allur fullur af skriðum beggja megin, og hvergi neitt sérlega einkennilegt jarðfall fremur en á öðrum stað. (*Sigurður Vigfússon, Rannsókn um Vestfirði 1882, einkanlega í samanburði við Gísla Súrssonar sögu, Árbók Fornleifafélagsins*, 1883).

– **Meðaldalur:** ...Engjarnar eru svo að kalla eyðilagðar af skriðum og grjótburði úr Meðaldalsá. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Dýrafjarðarhreppur 1710*).

– **Gata í Meðaldal:** ...Kostir og ókostir sem segir á heimajörðinni, nema vatnsbólið er erfitt á vetur fyrir fannlögum í Meðaldalsá. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Dýrafjarðarhreppur 1710*).

– **Þingeyri:** ...Inn frá eyrinni eru bakkar og liggur hlíðarhallinn niður á þá. Inn eftir þeim liggur önnur aðalgata kaupþúnsins, og er vegurinn inn í fjörðinn framhald hennar. Mikil byggð er með þeirri götu. Nær hún inn fyrir land kaupþúnsins, og eru nokkur húsin í Hvammslandi. Innst eru húsin strjálí, og eru stórir ræktarblettir kringum sum þeirra. Nokkur hús standa einnig uppi í hlíðinni, fyrir ofan götuna. Aurskriður hafa stundum fallið úr hlíðinni og þá spillt gördum og túnblettum, en sjaldgæft er það (*Árbók FÍ*, 1951).

– **Hólar í Kirkjubólsdal:** ...Úthagar eru mjög skriðurunnir og þar með litlir. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Dýrafjarðarhreppur 1710*).

– **Kirkjuból í Kirkjubólsdal:** ...Túnið hefur spilst stórlega af skriðum, og er af því að vísu eyðilagður fjórði partur, og er þó sýnilegast að þar muni ennþá áaukast. Engjarnar þær sem venjulega hafa slegnar verið eru að mestu eyðilagðar fyrir skriðum, og er síðan slegið fram á Kirkjubólsdal í úthögum, sem þó er mjög langt til að sækja. Úthagar eru bjarglegir, þó að fjallið sé víða skriðurunnið og vindblásið. ...Vatnsbólið það sem verið hefur er yfirfallið af einni skriðu, og er síðan stórlega erfiður vatnsvegur í Kirkjubólsá, strax þegar aðskerpir á vetur. Ekki sýnist bænum óhætt fyrir skriðum,



sem á túnið ganga, þó hefur þar ekki merkilegan skaða gjört allt til þessa, en færð hafa verið undan þessum skriðum peningahús og sett utangarðs. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Dýrafjarðarhreppur 1710*).

– **Kirkjuból:** ...Þar er góður heyskapur og mikið landrými, en árlega skriðum og snjóflóðum undirorpið (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Sanda- og Hraunssóknir, um 1840*).

– **Hof í Kirkjubólsdal:** ...Engjar spillast og af skriðum allvíða, sem að áeykst meir og meir, svo og spillir Kirkjubólsá engin með landbroti og grjóts áburði. ...Hætt er bænum fyrir skriðufalli og snjóflóðum og hefur hér einu sinni snjóflóð á bæinn hlaupið, þó það yrði ekki að stóru meini. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Dýrafjarðarhreppur 1710*).

– **Múli í Kirkjubólsdal:** ...Landskuld ij vætt og svo hefur verið í næstu 12 ár, þar fyrir um nokkur ár var landskuld óviss sökum skriðu, sem á jörðina féll, en hér um fyrir 20 árum var tveggja vætta landskuld. ...Túnið hefur af skriðum stórlega fordjarfast, og mikill partur af því eyðilagst og sýnist að aukast muni. Engjarnar eru og svo stórkostlega fordjarfaðar af skriðum. Úthagarnir eru litlir og víða skriðurunnir og í hrjóstur komnir. Hætt er bænum fyrir snjóflóðum og hafa þau mjög á hann gengið, þó þau hafi ei hingað til hús brotið né burt tekið. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Dýrafjarðarhreppur 1710*).

– **Múli:** ...Þar er heyskapur, en rennur oft árlega á tún aur og mól úr fjalli (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Sanda- og Hraunssóknir, um 1840*).

– **Múli:** ...Stundum féllu hér skriður á tún eða engjar og bærinn var talinn í hættu fyrir snjóflóðum (*Árbók FÍ, 1999*).

– **Bakki í Brekkudal:** ...Engjarnar eru að mestu leyti eyðilagðar fyrir skriðum úr fjallinu og svo grjóts og sands áburði úr Sandá. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Dýrafjarðarhreppur 1710*).

– **Brekka í Brekkudal:** ...Túninu grandar skriða til forna, sem nú er nokkuð aftur uppvaxin. Engjunum spilla skriður til stórskaða og eyðileggingar. Úthagarnir eru enn nú bjarglegir, þó að fjallið sé mjög uppblásið og skriðurunnið. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Dýrafjarðarhreppur 1710*).

– **Sólheimar í Brekkudal:** ...Forn eyðihjáleiga í úthögum fram á Brekkudal, en ekki hefur hún byggð verið í manna minni eður þeirra fedra. Ekki má hér aftur byggja fyrir skriðufalli á túnstæðið, sem sagt er og líklegt sýnist að eyðilagð hafi byggðina. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Dýrafjarðarhreppur 1710*).

– **Sandar:** ...Engjar spillast sumsstaðar af skriðum úr fjallinu og sumsstaðar af grjóts og sands áburði úr Sandá, hvorutveggja til stórskaða. Úthagarnir eru mjög uppblásnir, snöggir og skriðurunnir. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Dýrafjarðarhreppur 1710*).

– **Hvammur í Hvammsdal:** ...(Hvammshús neðri, Innrihús, Ytrihús, hjáleigur) Engjarnar eru af skriðum stórlega fordjarfaðar, sem að áeykst meir og meir. Úthagarnir

eru og svo mekrilega skriðurunnir og uppblásnir og í hrjóstur komnir, og því verður búsmalinn jafnlega annað mál að ganga í slægjulandið og spillir það heyskapnum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Dýrafjarðarhreppur 1710*).

– **Ausukot í Hvammsdal:** ...Heita tvennar rústir hér á landinu innfrá bænum, og er skammt á milli þeirra, og eru girðingar í kringum hvorutveggja tóftaleifarnar og er það sýnilegt að þar hefi einhvern tíma byggð verið, en hvort að það hafi verið hjáleigur af Hvammi eður ein jörð eður tvær, vita menn ekki. Ekki má hér byggð setja, því annað girðið er yfirrunnið af skriðu en annað uppblásið í hrjóstur. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Dýrafjarðarhreppur 1710*).

– **Ketilseyri:** ...Engjarnar eru af skriðum stórlega fordjarfaðar, sem að áeykst meir og meir. Úthagar eru og svo bjarglegir ennþá, en þó árlega af sér að ganga af skriðuföllum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Dýrafjarðarhreppur 1710*).

– **Kjaransstaðir:** ...Túnið spillist af skriðu. Engjarnar í sama máta fordjarfaðar og að mestu eyðilagðar fyrir skriðum. Úthagarnir eru og svo mjög af sér gengnir af skriðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Dýrafjarðarhreppur 1710*).

– **Kjaransstaðakot:** ...Heitir hér eitt örnefni fyrir innan ána, þar sjást tóftarústir og girðingar, og því er sýnilegt, að þar hafi að fornu byggð verið, en hvort það hafi verið hjáleiga af Kjaransstöðum eður jörð fyrir sig, vita menn ekki. Ekki má hér byggja aftur, því þetta pláss er yfirrunnið af aur og grjóti og uppblásið þar með í óberjumosamóa. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Dýrafjarðarhreppur 1710*).

– **Drangur:** ...Engjarnar spillast sumsstaðar af skriðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Dýrafjarðarhreppur 1710*).

– **Haugar:** Fornt eyðibýli hér í landinu (Drangur), þar eru sýnileg byggingarmerki af tóftarústum og girðingarleifum. ...Á þessu eyðibóli hefur einn maður byggt hér upp hús fyrir 20 árum og verið þar við búhokur í 3 ár, og galt hann þá í landsskuldarnafni xx álnir. Ekkert var þar kúgildi, en grasnautnin, sem þá var, er nú talin heimajörðinni og mun fordjörfuð af skriðum. Ekki má hér aftur byggja, nema til meins og skaða heimajörðinni, sem hvörki má missa hér beit né slægju. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Dýrafjarðarhreppur 1710*).

– **Drangaskógar:** ...kallast inn í Dýrafjarðarbotni, þó vestanvert við fjörðinn, pláss eitt mjög víðlent. Þar hefur fyrrum tilverið einhver með besta skógi, en er nú sökum árlegra skriðufalla og usla sveitarmanna, sem ekki eiga annarstaðar tiltölu til skógar, mjög eyddur og upprættur orðinn (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Sanda- og Hraunssóknir, um 1840*).

– **Botn:** ...Engjar eru fordjarfaðar af skriðum úr brattlendi. Snjóflóð er sagt að hlaupið hafi á bæinn og tekið bústofna, en ekki hefur það skeð í manna minni. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Mýrabingsókn 1710*).

– **Hústún:** ...Kallast nú almennilega Hústún. Fornt eyðiból á milli Botns og Innra-Lambadalsslands. Þar sjást ljós byggingarmerki af tóftarústum og byggingarleifum, en

ekki hefur hér búið verið í langan tíma. Þar er nú stekkur frá Innri–Lambadal. Ekki má hér byggja, því þetta eyðiból er mjög svo eyðilagt af skriðum. Heyskapur og nærri enginn. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Mýrabingsókn 1710*).

– **Lambadalshlíð, Háhöfði:** ...Norðan megin fjarðarins gengur fjallgarður hár og mikill, að ágiskun míla að lengd, hið efra hrjóstrugur og klettum girtur, en nokkrum skógi, sem töluvert minnkar, og grasi vaxinn hið lægra. Fjallskriður hafa mjög skemmt þar land sem víðar, þar er brattlendi mikið, en ekkert undirlendi að innanverðu (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Múlaþingaprestakall, 1840*).

– **Valseyri:** ...Þar er sagt, að hafi verið höndlunarstaður og skipalega, og sjást þar enn nú nokkrar húsatóftir. Líklega hafa þar höndlað á fyrri tímum kaupmenn þeir, er hér versluðu áður Danir hófu hér stöðuga kaupverslun og vanir voru að byggja húskorn á landi og þekja borðvið, en rífa burt að hausti. Skriða hefur fallið úr fjallinu ofan gil það, er þar liggur, og yfir meginpart eyrinnar (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Múlaþingaprestakall, 1840*).

– **Valseyri:** ...Sunnudaginn 16 júlí fór ég inn á Hvalseyri (Valseyri) sjóveg. ...Valseyri er að norðanverðu í Dýrafirði og er þaðan svo sem ½ vika inn í fjarðarbotninn. Hún er mjög stór, framt að því sem Þingeyri bæði að breidd og lengd, en nokkuð öðruvísi löguð. Úr fjallinu fyrir ofan eyrina gengur niður ákaflega djúpt og mikið gljúfra gil. Fram úr því gili hefir hlaupið ákaflega mikil grjótskriða, sem hefur breiðst um mestan hluta eyrarinnar í mörgum kvíslum og eyðilagt að mestu öll mannaverk, sem þar kynni að hafa verið. ...Austan til á eyrinni er töluvert svæði sem ekki er enn eyðilagt. Sjást þar enn leifar af nokkrum fornum búðum. ...En kringum tóftina eru eggsléttar grundir, eins og sumstaðar á eyrinni, þar sem skriðan hefur ekki grandað. ...Þá var komið að þeirri stóru skriðu, sem fellur niður miðja eyrina úr gilinu að ofan. Hefir sú skriða bæði rífið sig niður og umrótað öllum jarðvegi, og er fallin allt að sjó niður. ...Vestan til í miðri eyrinni beint niður undan dalverpinu, er gilið rennur úr, er djúpur farvegur, grasi vaxin, er niður að sjónum dregur, sem er auðsjáanlega hinn gamli farvegur, er gilið hefir áður runnið. En nú fellur það í allt öðrum farvegi í grjótskriðunni, ausan til á eyrinni. ...Á neðanverðri eyrinni með fram sjónum eru víða þeir upprunalegu grasfletirnir, en þó eru skriðurnar sumstaðar fallnar til sjóar. ...Í Dýrafirði eru einhver munnmæli um, að á Valseyri hafi verið höfð verslun af útlendum. ...En hvað sem þessu líður, og þar er til tóftanna kemur, þá sýna kennimerki, að þær eru ekki seinni tíma verslunarbúðir. Þar hefði þá hlotið að vera stórkostleg verslun, þar sem enn er eftir nær hálfur annar tugur búða húsgerð og þangað upp um eyrina, fyrir utan þær, sem brotnað hafa af að framan, og svo allar þær, sem undir skriðunum kunna að vera, en hún er víst alltaf að smá aukast. Þetta hefði þá meir líkst bæjarþorpi. (*Sigurður Vigfússon, Rannsókn um Vestfirði 1882, einkanlega í samanburði við Gísla Súrssonar sögu, Árbók Fornleifafélagsins, 1883*).

– **Valseyri:** ...Fyrst rannsakaði hann (Sigurður Vigfússon) Valseyri, sem er innarlega í Dýrafirði, og fann þar 15 búdatóftir mjög fornlegar, og hafa sjálfsagt verið fleiri, því skriða mikil hafði fallið ofan á eyrina hjá tóttunum (*Fréttir frá Íslandi 1882*).

– **Valseyri:** ...mun Valseyrarþing hafa verið aðalþingið á Vestfjörðum, enda er það næsta sennilegt, að þótt ég hafi eigi fundið þar nema 18 tóftir eða mannvirki, þá hafi

þau verið þar miklu fleiri, sökum þess að hin ákaflega breiða skriða hefir eigi aðeins sópað burt sumum hliðarveggjum og göflum þeirra tófta, er enn sjást, heldur og jarðvegi öllum bæði fyrir utan og innan tóftirnar, allt ofan í sjó, en fyllt allt upp aftur með stórgrýti, og eigi myndi vera sennilegt, að náttúran hefði í öndverðu sett þau takmörk, en skriðan enga tóft af brotið, enda er í munnmælum, að skriðan hafi margar búðartóftir af tekið í efri skriðunni. (*Sigurður Vigfússon, Rannsókn á Vestfjörðum 1888, Arbók Fornleifafélagsins, 1888–1892*).

– **Valseyri:** ...Innanvert á eyrinni eru tóftir, sem taldar eru fornar búðartóftir. Eyrin er nú gjörbreytt frá því, sem áður var. Er hún að mestu hulin aur og grjóti, bæði af framburði árinna og skriðum úr gljúfrinu (*Árbók FÍ, 1951*).

– **Valseyri:** ...Lambadalur innri nær frá Langaskeri út með firðinum að Lambadalsá og fram að Hólum á Lambadal innanverðan við Selá. Hlíðin út með firðinum var og er enn að mestu vaxin birkiskógi, en mjög runnin á seinni árum. Inni á Lambadalshlíðum er merkilegur sögustaður, Valseyri. ...og var þar lengi þingstaður, og sér þar enn fyrir búðartóftum utan til við eyrina. ...Á sjálfri Valseyrinni var fram 1920 fjárrétt fyrir innfjörðinn. Þá var eyrin öll gróin að sögn Björns Guðmundssonar frá Næfranesi, skólastjóra á Núpi, um og eftir síðustu aldamót. Nú er hún gróðurlaus og grjótrunnin úr Valseyrargili. Þjóðvegurinn liggur kringum eyrina með sjónum. (*Jóhannes Davíðsson, Um jarða og afbýli í Mýrarhrepps, Ágrip, Ársrit Sögufélags Ísfirðinga, 1968*).

– **Valseyri:** ...Undir lok síðustu aldar voru enn miklar búðarústir hér á Valseyri. Sigurður Vigfússon fornfræðingur taldi þær vera 18 en hann skoðaði rústirnar sumarið 1882 og aftur sex árum síðar. ...Lítið sést nú af hinum fornu tóttum, vatn, aur og grjót berst tíðum fram úr gilinu ofan við eyrina (*Árbók FÍ, 1999*).

– **Lambadalur, Borgir:** ...Borgir hjáleiga frá Lambadal, (eyðibýli) yfirgefin vegna skriðuhlaupa (*Ólafur Olavius, Ferðabók 1775–1777*).

– **Innri-Lambadalur:** ...Engjarnar eru litlar og spillast þar meir af skriðum úr brattlendi. Úthagar í betra lagi. Hætt er kvikfé fyrir sjávarflæðum undir snjósköflum á vetur og svo fyrir snjóflóðum, bæði smalanum og svo kvikfénu. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Mýrabingsókn 1710*).

– **Ytri-Lambadalur:** ...Túnið hefur spillt á næstliðnu hausti af einu jarðfalli (1709), sem sig hefur tekið upp í einni brekku í vellingum og hlaupið svo ofan í veituna þar fyrir neðan. Engjar hér um til fjórðaparts eyðilagðar fyrir skriðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Mýrabingsókn 1710*).

– **Næfranes:** ...Engjar spillast af skriðum úr brattlendi til stórskaða. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Mýrabingsókn 1710*).

– **Næfranes:** ...Túnið er undirorpið skriðufalli og snjóflóðum, og fyrir 3 árum (1837) mjög skemmt þar af (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Múlaþingaprestakall, 1840*).

– **Næfraneshlíð:** ...Sagt er, að seinast hafi búið þar (Hrafnabjörgum, fornbyli á Næfraneshlíð) kona ein fjölkunnug mjög með smala sínum, ungum pilti.

...Húsfreyja átti bróður. Þjó hann á Glóru (Hjarðardal) og var fjölkunnugur sem og systir hans. ...En er hún sá, að hann sveik, vildi hún í hefndarskyni gjöra honum skráveifu. Gekk hún þá upp á Höfðann og veifaði kofra sínum og þuldi forn fræði fyrir munni sér. Hjóp þá úr Glórugili skriða sú hin mikla er enn sést glögglega. Glórubóndinn sá til systur sinnar og herti róðurinn allt hvað hann mátti, því að hann vildi fyrir hvern mun sjá sem fyrst á bæ sinn. En er hann kom út fyrir Höfðaoddann, var skriðan að hlaupa fram. En þá gat hann séð svo um að rennsli hennar varð út á við, og frelsaði hann svo bæ sinn. Þetta er talið fyrsta hlaup úr Glórugili. Glórugil er hið sama og Landnáma nefnir Jarðfallsgil. ...Á Næfraneshlíð sést og enn fyrir byggðarleifum af Hrafnabjörgum. Mjög er nú Næfraneshlíðin orðin árunnin við það sem áður var og hagi þar ekki nema svipur hjá sjón (*Einar Guðmundsson, Þjóðsögur og þættir, 2. útg. 1982*).

– **Birnustaðir:** ...Fornt eyðiból eður hjáleiga hér í landinu (Næfranesi), og sjást hér byggingarleifar af tóftarústum en ekki af túngarði. Er þetta pláss mjög yfirrunnið af skriðum og má því ekki aftur byggja. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Mýrabingsókn 1710*).

– **Múlar:** ...Fyrir utan Birnustaði í Dýrafirði, sem nú er eyðijörð, heita Múlar. Rétt utan við svonefnt Stóragil, sem er utarlega í Múlum þessum, eru fornar bæjahúsatóftir, og sér enn fyrir þeim á stöku stað. ...Líklega hefir Stóragil ekki verið hlaupið, þegar byggð var í Múluunum, og þá verið þar gott túnstæði og allstórt graslendi umhverfis bæinn (*Guðbr. Guðmundss. bókav. Þingeyri, Gömul eyðibýli í Dýrafirði. Í Arngr. Fr. Bjarnason, Vestfirskar sagnir III, 1946*).

– **Höfði:** ...Túnið spillist af aur og smáskriðum úr brattlendi. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Mýrabingsókn 1710*).

– **Hjarðardalur, Hvammur í Hvammsdal:** ... (1695) Var vetrarfar víðast um allt Ísland mjög gott með snjóleysum og góðri veðuráttu upp á landið, en þó með stórfrostum á milli, svo fjörðu víða lagði, en fiskirí hindraðist og neysluvötn víðast heimantóku, mönnum og fénaði til бага. Einninn kom hafis fyrir allt Norður- og Vesturland og inn á firði um þorra og lá þar fram að sumri, ... Þessa ísa fraus svo saman, að ríða mátti nes af nesi yfir allar fjörður, einninn yfir flóann milli Flateyjar og meginlandsins, og langt þar út eftir, svo menn í mannaminnum mundu ei því lík ísalög, og ei af sér eldri mönnum heyrt hefðu, af hverjum stórfrostum jörðin víða í sundur sprakk með stórsprungum svo sem gjár, hverjar dög og vatn í sig drukku, nær daggir og votviðri um sumarið og haustið oft á dundu, því haustið varð mjög votviðrasamt með miklum hríðum, hvar ofan á um veturnætur og fram yfir allraheilagramessu komu frostleysu drifsnjóar, svo allt upp fyllti; þar ofan í komu stóreflisvatnshríðar, hverjar fram hleyptu mörgum og miklum skriðum víða um landið í brattlendi og hlíðum með skógum og landi í stórspildum í sjó ofan, svo margar jarðir hér í sýslu, sem og víðar, misstu mikið land, bæði af tünnum, engjum, skógum og beititeigum, á meðal hverra var: Hattardalir báðir í Álftafirði, kóngsjarðir, Hestfjörður og aðrar fleiri. Í Önundarfirði: Hestur, Tunga, Kirkjuból, Eyri hvar tún mestallt af tók, Veðrarár báðar. Í Dýrafirði: Hvammur og Hjarðardalur stóri, hvar tún öll að mestu aftók með öllum engjum, svo sú jörð fæst nú ei byggð. - Þessa árs sumar var þurr og graslítið, því ei spratt sökum klaka, sem í jörðunni var, því ei var meir þétt en alin, 3 kvartil og hálf alin niður frá grasrót ofan að klaka um haustið snemma, þá lík grafin

voru í kirkjugarð, og ei varð harðatorf (mór) til eldiviðar í torfgröfum skorið það sumar, sökum klaka (*Eyrarannáll*).

– **Hjarðardalur:** ...Í annálum segir, að rétt fyrir aldamótin 1700 hafi komið mjög harður vetur, svo að ekki þiðnaði nema alin ofan af klakanum sumarið eftir, en þá um haustið gerði miklar rigningar, svo að stórtjón varð af skriðuföllum á mörgum jörðum í Önundarfirði og í Hjarðadal stóra og Hvammi í Dýrafirði. Rann þá mjög í tún og engjar í Hjarðardal, að því er annálar herma. Beint upp af túninu ofanverðu er gil, sem nær upp á fjallsbrún, nú kallað Glórugil. Ýmsir fræðimenn hafa talið að þetta gil muni vera Jarðfallsgil það er Landnáma segir, að skipt hafi löndum. ...Annað gil er í fjallinu upp af engjum Neðra–Hjarðardal og nær niður að á, og er það mjög djúpt. Þessi gil hafa bæði hlaupið fram umrætt haust, samanber frásögn annálana. Hjarðardalsgilið hefur borið aur niður yfir engjarnar beggja megin gilsins, einkum yfir svokallaðan Skemmupart, þar sem jarðvegur var mjög grunnur ofan á aur og möl. Það sannaðist, þegar þar var grafið til túnreктar fyrir 14 árum, að þessi möl undir grasrótinni lá ofan á þykku moldarlagi. ...Þarna hefur auðsjáanlega verið aðalbýli jarðarinnar og heitir skemma, hvernig sem á þeirri nafngift stendur, enda heita tóftir þessar Skemmutóftir og túnpartinn í kring Skemmupartur enn í dag. Rétt hjá tóftum þessum eru djúpar lautir, sem ná niður fyrir tún og langt upp í hrygginn niður af gilinu. Þarna hefur vatnið úr gilinu runnið, er byggð var þarna, þó þar sé nú ekki dropi vatns, og gilið renni nú spöl fyrir utan tún. Þegar túnið var sléttað sannaðist það, að þarna hafði gilið einhvern tíma runnið, en að öllum líkindum stíflast í skriðuföllum umrætt haust, hrygghausinn myndast og hrakið vatnið út fyrir tún. Svo hefur byggðin þarna lagst af, vegna þess að of langt varð í vatnsbólið, og byggðin þá færst í kotin í kring, sem stóðu í innri jaðri túnsins, þar sem lækur er nærri. (*Jóhannes Davíðsson, Um jarða og afbýli í Mýrarhrepps, Ágrip, Ársrit Sögufélags Ísafirðinga, 1968*).

– **Hjarðardalur:** ...Þórður Víkingsson nam land milli Þúfu á Hjallanesi og Jarðfallsgils (Glórugils) í Dýrafirði, en bjó í Alviðru. ...Jarðfallsgil, sem var innri mörk landnáms Þórðar Víkingssonar, er beit upp af bænum Gili í Dýrafirði. Voru þar áður beitarhús eða býli sem hét Glóra, og var gilið þá nefnt Glórugil, en hið upprunalega nafn á gilinu týnt. Gamlar sagnir herma, að Gemla tröllkona hafi orsakað jarðfall þetta, því henni hafi þótt byggðarmenn ódrengilega að sér vinna, en trúlega eru þessar síðari tíma tilbúningur. ...en Hjallanesnafnið er nú týnt. Hafa auðvita orðið þarna miklar breytingar á landslagi síðan Landnáma var rituð. Bæði sjór brotið landið og eytt nesinu, og grjót hrunið á það úr fjallinu fyrir ofan (*Guðbr. Guðmundss. bókav. Þingeyri, Gömul eyðibýli í Dýrafirði. Í Arngr. Fr. Bjarnason, Vestfirskar sagnir III, 1946*).

– **Hjarðardalur fremri:** ...Enginu granda skriður og lækir að ofan, og Hjarðardalsá með landbroti að neðan, allt til stórskaða. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Mýrabingsókn 1710*).

– **Húnatún:** ...Fornt eyðiból í Fremra Hjarðardals landi. Eru hér ljós byggingarmerki bæði tóftarústa og svo girðinga, og eru munnmæli að þetta hafi verið vi c jörð, og vi c Hjarðardalur fremri, og hafi jarðirnar verið saman lagðar þegar þessi jörð lagðist í eyði. Ekki má hér aftur byggja, því túnstæði er í skriðu og hrjóstur komið. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Mýrabingsókn 1710*).

– **Hjarðardalur stóri eða neðri:** ...skipt í 5 bæi. ...Túninu spilla skriður stórlega, einkanlega parti Páls, og Bjarna og Þórunnar, og fyrir þessu skriðufalli telst byggðin fallin af heimabænum, þó að ekki tæki hún bæinn, þá var þar ekki óhætt mönnum inni. Enginu spilla og stórlega skriður á öllum pörtunum nema Þorleifs eins. ...Úthagar nálægt jörðunni eru stórlega fordjarfaðir af skriðum, uppblásnir og í hrjóstur komnir. Hætt er þessum bæjum fyrir snjóflóðum og jafnvel fyrir skriðum sumum af þeim, þó hefir þar ekki að meini orðið til þessa. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Mýrabingsókn 1710*).

– **Gemlufall:** ...Túninu hefur grandað skriða til stórskaða, einkanlega parti þeirra bræðra og barna Þórðar, svo að þriðjungur túnsins þeirrar hálfleudu er gjörsamlega eyðilagður. Engjar eru og stórlega foreyddar af skriðum og meir en til helminga eyðilagðar. Úthagar eru mjög af sér gengnir og í hrjóstur komnir. ...Þessari jörðu er sundur skift í 2 bæi og hafa skriður gengið svo að öðrum þeirra (Gemlufallshús), að hann varð að flytja þaðan á eyðiholt utangarðs og síðan sýnist honum óhætt fyrir skriðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Mýrabingsókn 1710*).

– **Gemlufall:** ...Fjall það, er gengur út með sveitinni og áfast er við það, er liggur norðanfram Hjarðardals, er ekki mjög hátt, með nokkrum klettum og skriðurunnið. Það beygist nú meir til n.n.v. Undirlendi er nokkuð grasi vaxið, og er það slægjuland frá næsta bæ fyrir utan (Gemlufall), mjög skemmt af fjallskriðum. Stutttri bæjaleið utar stendur spölkorn frá sjó, nærri upp undir fjallinu, bær sá, er Gemlufall heitir. Þar hafa fyrir skömmu verið tveir bæir. Hét sá innri Gemlufallshús. Þar er stórt gil yfir innanverðu túninu. Þar féll mikið snjóflóð með stórgrýti út yfir þriðjung túnsins, og tók með sér fjárhús og hey, fyrir sex árum (1834). Var það með miklu erfiði og kostnaði að mestu bætt aftur og hreinsað (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenn tafélagsins – Múlapingaprestakall, 1840*).

– **Gemlufall:** ...Jafnan var tvíbýli á Gemlufalli fram um 1950, en á árunum eftir 1880 hljóp Gemlufallsgilið á innri hluta túnsins og stórskemmdi það (snjóflóð eða skriða?). Var þá efri bærinn fluttur út fyrir tún á slétt malarholt, en neðri bærinn var og er nokkru neðar en nýi bærinn var byggður (*Jóhannes Davíðsson, Um jarðir og afbýli í Mýrahrepp í Dýrafirði, Ársrit Sögufélags Ísfirðinga, 1968*).

– **Gemlufall:** ...Um 1700 eða skömmu fyrr varð fólk að yfirgefa annan bæinn á Gemlufalli vegna skriðufalla og var þá reistur nýr bær á eyðiholti innan við gamla túngarðinn og nefndur Gemlufallshús. ...Á síðara hluta 19. aldar var hér oft tvíbýli og um 1870 mun bæjarstæðið enn hafa verið neðarlega á Bæjarhrygg sem myndaður er af framburði úr Bæjargili en það er einnig nefnt Gemlufallsgil. Skömmu eftir 1880 fór hlaup úr gilinu svo nærri bæjarhúsunum að óhjákvæmilegt var talið að yfirgefa þau og voru þá reistir nokkru utar og fjær gilinu tvær nýir bæir (*Árbók FÍ, 1999*).

– **Lækjarós:** ...Flæðihætta er hér fyrir sauðfé á vetur undir sköflum, sem leggur við sjóinn. Snjóskriður hafa og sauðfé grandað. engjarnar eru stórum spilltar af skriðum og aurfalli úr fjallinu. Hagarnir eru stórlega skemdir af skriðuföllum úr fjallinu. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Mýrabingsókn 1710*).

– **Lækjarós:** ...Norðan fram árinna gengur hátt fjall með klettum að ofan en aurskriðum að neðan, og við dalmynnið beygist það til n.n.v. Þar stendur spöl frá ánni, víðlíka langt og Gemlufall hins vegar, bær sá við sjó er Lækjarós heitir. Við

ósmynnið þar, er slægjuland lítið og mjög skemmt af skriðum. ...Í hlíðinni fyrir ofan er nokkuð hris, sem brúka hefur mátt til kolagerða, en nú fer minnkandi mest vegna fjallsskriðna (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Múlaþingaprestakall, 1840*).

– **Mýrar:** ...Engjum staðarins hafa skriður að nokkrum hluta spillt, svo er og nú uppblásið og í grjót komið, þar sem áður hafa engjar verið. Sandur spillir landinu að neðanverðu, og er sýnilegt, að sú spilling aukast muni og með tíðinni á túnið ganga. Hagar jarðarinnar eru ærið uppblásnir (Mýrarhús/hjáleiga). (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Mýraþingsókn 1710*).

– **Mýrar:** ...Þar sem Kýrá kom niður úr brattlendinu, flutti hún með sér aur og grjót. Það var nefnt Kýrárskriða. (*Gísli Vagnsson. Örnefni í landi Mýra í Dýrafirði, Ársrit Sögufélags Ísfirðinga, 1973*).

– **Klukkuland í Núpsdal:** ...Enginu spillir Núpsá með grjótsáburði að neðan, en skriður að ofan, hvorutveggja til stórskaða og eyðileggingar. Uthagar eru og svo mjög skriðurunnir allvíða. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Mýraþingsókn 1710*).

– **Kotnúpur:** ...Gömul hjáleiga frá Núpi. ...Á túnið rann í vorleysingum aur úr holti einu, þó ekki til stórskemmda. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Mýraþingsókn 1710*).

– **Núpur:** ...Hagarnir eru stórum af skriðum spiltir. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Mýraþingsókn 1710*).

– **Núpur:** ...Dalur þessi kallast Núpsdalur. Þar er vel grösugt og slægjuland mikið, en þó mjög skemmt af fjallskriðum. ...Utan og neðan til við hann stendur kirkjustaðurinn Núpur 20 hndr. að dýrleika. Þar er þorp, sem allt kallast Núpur og er þá talið 50 hndr. að dýrleika. ...(Innríhús, Ytríhús, Rani): ...Þessir tveir síðar nefndu bæir eru byggðir enn nú, en Innríhús er lögð í eyði fyrir nokkrum árum af skemmdum á túninu af snjóskriðu, þó á ný notið til slægna. ...í því (fjallinu ofan við Núp) eru víðast stuttar og einfaldar klettaraðir og mjög skriðurunnið. ...Núpur hefur oftast en einu sinni fengið skemmdir af skriðuföllum. Þar er hlaðið fyrir ofan túnið lítið garðpetti til varnar skriðufalli. ...Skriðugarður er einn á Núpi, gamall og stuttur (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Múlaþingaprestakall, 1840*).

– **Innri Hús:** ...hjáleiga frá Núpi. ...Túninu hefur nýlega aurskriða spillt. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Mýraþingsókn 1710*).

– **Alviðra:** ...Túninu hefur skriða spillt fyrir nokkrum árum, hún er nú sumsstaðar sokkin en sumsstaðar ei. Engjarnar hafa stórlega spillt af skriðum, sem að áeykst meir og meir. Landið er þar með allvíða og í hrjóstur komið, og er því hér stór hagabrestur fyrir kvikfé. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Mýraþingsókn 1710*).

– **Alviðra, Hlaðsnes:** ...Hlaðsnes eða Hlaðsmór (eyðibýli) hjá Alviðru, eyddist af vatnsgangi og skriðuhlaupum (*Ólafur Olavíus, Ferðabók 1775–1777*).



– **Gerðhamrar:** ...Túninu granda lækir með aurs áburði. Engjar eru að mestum parti eyðilagðar af skriðum. Úthagarinn í sama máta mjög fordjarfaðir af skriðum. Hætt er kvikfé fyrir sjávarflæðum og snjóflóðum og hefur oft að því mein og skaði orðið. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Mýrabingsókn 1710*).

– **Gerðhamrar:** ...Tún er ekki grasgefið og útslægjur litlar. Þær eru mjög skemmdar af skriðum, en útigangur og vetrararbeit er þar góð. ...Fjallið yfir Gerðhömrum er mjög skriðurunnið, sem árlega skemmir slægjuland (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Múlapingaprestakall, 1840*).

– **Arnarnes í Gerðhamradal:** ...Túnið hefur spillst til forna af snjóflóðum með grjóts áburði, en ekki svo stórlega í nokkur ár, en þó grandar því nú grjóthrun nokkuð lítið. Engjarnar eru að mestu leyti eyðilagðar fyrir skriðum og grjóthruni, sem að áeykst árlega meir og meir. Úthagar eru og mjög af sér gengnir, skriðurunnir uppblásnir og í hrjóstur komnir. Hætt er kvikfé fyrir snjóflóðum, þó ekki verði jafnaðarlega að því stór skaði. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Mýrabingsókn 1710*).

– **Birnustaðir:** ...Túninu hafa grandað skriður sem að áeykst, og engjar öngvar. Úthagar eru litlir um sig, skriðurunnir og mjög hrjóstrugir, og þarf því ábúandi jafnan að þiggja haga af nágrönnum sínum, og kemur þar fyrir óákveðinn góðvilji en enginn viss tollur. Hætt er kvikfé fyrir snjóflóðum og grjóthruni. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Mýrabingsókn 1710*).

– **Lambamúli:** ...Fornt eyðiból hér í landinu út við Stertugil, sem nú eru haldin landamerki milli Skaga og Birnustaða, og er sagt að landið, sem þessi eyðijörð hafi átt, skuli hafa lagst til beggja jarðanna þá byggðin féll af. Ekki má hér aftur byggja, því skriða er fallin yfir bæjarstæðið og landið í hrjóstur komið. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Mýrabingsókn 1710*).

– **Fjallaskagi:** ...Leigukúgildi hafa verið við í margt ár, að fornu er sagt, að þau hafi verið 4. Nú eru 4 síðan næstu fardaga, því þá var tveimur fækkað sökum skriðunnar sem á túnið féll (1709). ...Túninu hafa langvaranlega skriður grandað og enn í haustið var (1709), hljóp þar heim stóreflis skriða úr fjallinu og tók af nærri hálf tónið og engjarnar í sama máta, sem fyrir neðan túnið voru, og svo spilla skriður öðru slægjulandi, sem út frá bænum liggur, til stórskada og eyðileggingar. ...Úthagarinn eru og svo mjög af skriðum fordjarfaðir. Hætt er kvikfé stórlega fyrir snjóflóðum á vetur og svo manningum sem það geymir. ...Hætt er bænum stórlega fyrir skriðum, og gekk svo skriðan mjög að bænum og jafnvel fyrir bæjardyrnar, sem túnið tók í haust. Hefur og bærinn undan skriðum færður verið af tóftarústum þeim sem í túninu eru inn frá bænum, og í annan tíma í fyrndinni (eftir því sem sagt er) af tóftarústum þeim, sem hér sjást í úthögum norður með sjónum á Krossavíkurbökkum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Mýrabingsókn 1710*).

– **Fjallaskagi:** ...Á innanverðum skaganum var bærinn Fjallaskagi eða Fjall á Skaga, ysti bær í Dýrafirði, venjulega nefndur Skagi. Er hlíðin fyrir ofan hann brött og hrjóstrug. Það kom fyrir, að skriður skemmdu þar tún og engi (*Árbók FÍ, 1951*).

– **Fjallaskagi:** ...Menn kunnu þá einnig frá því að segja að fyrir ekki ýkja löngu hefði bærinn verið innar í túninu en verið færður vegna skriðufalla. ...Skriðuföll og

snjóflóð ógnuðu líka fólkinu á Skaga. Haustið 1709 fór nær hálf tónið undir skriðu og náði hún alveg að bæjardyrnum (*Árbók FÍ, 1999*).

## Ingjaldssandur

– **Nesdalur:** ...Áður er mælt, að þar hafi meiri byggð verið, en sé í eyði lögð, bæði af skriðum og öðru. ...Fyrir neðan vatnið hefur fallið úr vestara fjallinu ...yfrið stór skriða með miklu stórgrýti og þvert yfir dalinn og ána og hulið hennar farveg þar. ...Þessi skriða meina menn að hafi eyðilaggt byggðina að nokkru. ...Neðst í dalnum er lítil hvilft, norðan fram, sem kölluð er Loðnahvilft. Þar hefur verið mikið gras, en er nú skriðurunnið (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Múlaþingaprestakall, 1840*).

– **Nesdalur:** ...Nokkurn spöl fyrir framan Stórvatn er annað miklu minna, sem heitir Litlavatn. ...Þetta vatn er frekar grunnt, en óvætt þó. Hefur það grynnt og gengið saman á síðari árum, enda hafa aurskriður runnið í það að vestan. ...Uppi á bökkinum, uppi af lengingunni, er grasflöt nokkur. ...Þar upp af er hallandi graslendi er kallað er Nestún. ...Á þessu graslendi, sem er jarðdjúpt, en ekki ýkja stórt um sig, var byggður bær árið 1840. Hliðin er allbrött austan við tónið og nær upp undir háa og ógenga kletthamra, heitir Búðahlíð. Það er vel grasi gróið og skjól gott í norðan- og austanátt, nýtur vel sólar á útmánuðum, en mjög er þar nú steinótt, er hrúnið hafa úr hömrunum upp yfir. (*Jóhannes Davíðsson, Nesdalur, Ársrit Sögufélags Ísfirðinga, 1981*).

– **Sæból:** ...Hætt er útigangspeningi á vetur fyrir snjóflóðum. Engjunum spilla skriður og hafa mikinn skaða gjört. Engjar litlar, mjög graslitlar, af skriðum og sandi mjög skemmdar. ...Sumarheit (á Nesdal) fyrir pening lítil að víðáttu og grasi, því í hrjóstur og grjótt er komið af skriðum, þetta er lítill dalur, á honum mjög lítið lyngsnap. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Mýraþingsókn 1710*).

– **Efrihús:** ... (hjáleiga frá Sæbóli) Á tónið fýkur sandur og spillir því. Engjunum spillir og sandur og skriður. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Mýraþingsókn 1710*).

– **Álfadalur:** ...Úthagarnir heima á jörðunni eru mjög fordjarfaðir af skriðum, og fyrir því brúkast selförin jafnlega. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Mýraþingsókn 1710*).

– **Álfadalur:** ...Þá eru skammt frá Réttarsteinunum tveir mjög stórir steinar, er komu úr fjallinu 1910. Annar þeirra er mun stærri og stendur eins og á gæti, líkt og staup. Hann er 2–4 mannhæðir og ókleifar með öllu. (*Jóhannes Davíðsson, Landdísasteinn á Álfadal, Ársrit Sögufélags Ísfirðinga, 1975–76*).

– **Háls:** ...Engjarnar sem jörðin á heimum sig eru stórlega fordjarfaðar af skriðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Mýraþingsókn 1710*).

– **Hólakot:** ...Heitir eitt örnefni í úthögum fram á Hálsdal, þar sjást tóftarústir litlar og eru munnmæli, að þar hafi að fornu hjáleiga verið frá Hálsi, en enginn kann þar um neitt víst framar að segja. Ekki má hér aftur byggja, því heyskapur er enginn og

túnstæðin nýlega fordjarfað af skriðu. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Mýrabingsókn 1710*).

– **Brekka:** ...Engjarnar spillast stórlega af skriðum úr brattlendi, sem áeykst meir og meir. Hætt er kvikfé fyrir snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Mýrabingsókn 1710*).

– **Villingadalur:** ...Túnið hefur spillst af skriðum og sýnist enn nú hætt fyrir því. Úthagarnir eru mjög fordjarfaðir af skriðum og í hrjóstur komnir. Hætt er útigangspeningi á vetur fyrir snjóflóðum og svo fyrir harðfenni og svellalögum í snarbrattri fjallshlíð. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Mýrabingsókn 1710*).

– **Villingadalur:** ...útislægjur eru þar góðar, en þó skriðurunnar og votlendar með ánni (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Múlaþingaprestakall, 1840*).

– **Villingadalur:** ...Árið 1935 féll aurskriða mikil úr fjallinu. Munaði minnstu að hún næði að granda bænum og flýjandi fólkinu. Það þótti mönnum einkennilegt, að flögin í fjallinu glitruðu öll, á meðan sárin voru ný, og töldu að málmar hlytu að valda (upptök skriðunnar voru við surtarbrandslag ofarlega í fjallinu – HGP) (*Árbók FÍ, 1951*).

– **Villingadalur:** ...Fyrsta daginn í Þorra árið 1935 féll mikil aurskriða yfir allan ytri hluta túnsins og munaði minnstu að hún grandaði bænum og „flýjandi fólkinu“ (*Árbók FÍ, 1999*).

– **Villingadalur:** ...Önnur mikil skriða, aurskriða, féll á Villingadal á fyrsta þorradag árið 1935. Tók hún af mikið beutiland og talsvert af túninu, en er nú uppgróin (*Ársrit Útivistar, 1976*).

## Önundarfjörður

– **Önundarfjörður (alm.):** ...Greftir til vatnsafleiðinga hvergi, og skriðugarða hleðsla ekki heldur, standast og ekki þau ofbeldissömu skriðuhlaup, sem hér víða hafa stað (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Holtssókn, 1840*).

– **Hrafnaskálanúpur:** ...utan við Mosdal er Hrafnaskálanúpur, sem er að mestu þverhniptir klettur niður í fjöru. Fara má fjöruna undir honum út á Ingjaldssand, en er sú leið hættalaus, því að grjót hrynur úr fjallinu, en fjaran er stórgrýtt og ill yfirferðar (*Árbók FÍ, 1951*).

– **Hrafnaskálanúpur:** ...Hrafnaskálanúpur, er svo heitir fjallið innan Ingjaldssands. ...Innan til í Núpnum er svo að líta sem rauðleit svunta klæði björgin. Þar er sífellt grjótflug niður í sjó, en klettasárin og leirinn eru rauðleit af jarnsteini og mýrarrauða (*Óskar Einarsson, Aldarfar og örnefni í Önundarfirði, 1951*).

– **Mosdalur:** ...Hér er hætt fyrir snjóflóðum, ef ekki er vel vaktadur peningur. Skriður falla á túnið og spilla því. Heimaengjum (ef svo skal kalla) spilla og skriður,

en fjallaslægjur eru nokkrar þar fyrir utan, og fellur í sama máta á þær þess á milli. (*Jarðabók Arna Magnússonar og Páls Vídalíns, Öfundarfjörður 1710*).

– **Kirkjuból í Valþjófsdal:** ...Útigangur á vetur hefur í betra lagi verið á Sporhamarshlíð milli Valþjófsdals og Mosdals, en nú er sú beit af skriðum fordjörfuð. Hætt er hér kvikfé bæi fyrir skriðufalli, kletta ógöngum og flæðum undir Sporhamri. Engjunum spilla til stórskemmda á og lækir sem á renna og bera á grjót og aur. Annars vegar spilla engjunum skriður sem renna úr fjalli. Haganna einum hluta hafa skriður spillt, svo er og vegur þangað svo tæpur orðinn, að nautpeningur ekki þangað gengið getur. (*Jarðabók Arna Magnússonar og Páls Vídalíns, Öfundarfjörður 1710*).

– **Miðhús í Valþjófsdal:** ...Heitir í Kirkjubólslandi. eru sagnir þar hafi hjáleiga staðið, og sér til byggingarleifa vallgröinna, en óbyggt hefur þetta pláss verið yfir hundrað ár. Ekki verður hér byggð sett, því skriða er fallin á túnstæðið og tóftirnar, svo eru og kirkjubóls slægjur miklu minni en svo að aflagt verði. (*Jarðabók Arna Magnússonar og Páls Vídalíns, Öfundarfjörður 1710*).

– **Tunga í Valþjófsdal:** ...Hætt er hér kvikfé fyrir holgryfjulækjum, ítem skriðuföllum. Túninu spillir á og ber þar á grjót. Útheyis bakkaslægjum spillir minna á. Högunum hafa skriður spillt til stórs skaða. (*Jarðabók Arna Magnússonar og Páls Vídalíns, Öfundarfjörður 1710*).

– **Grafargil í Valþjófsdal:** ...Engjunum spilla skriður, ítem gil, sem ber á þar grjót. Högunum spilla hér og skriður eins og annarsstaðar. (*Jarðabók Arna Magnússonar og Páls Vídalíns, Öfundarfjörður 1710*).

– **Þorfinnsstaðir í Valþjófsdal:** ...Hætt er bænum fyrir snjóflóði, og hefur einu sinni háskalega áhlaupið, en ekki verður bærinn vel færður. Snjóskriður með aur og grjóti falla á túnið. Engjunum spilla grjótskriður og snjóflóð, sem bera á aur, og eru engjarnar hér að stórum spilltar. Hagarnir þeir litlu sem voru, spilltust árlega af skriðum, og er mjög lítið eftir orðið. (*Jarðabók Arna Magnússonar og Páls Vídalíns, Öfundarfjörður 1710*).

– **Þorfinnsstaðir í Valþjófsdal:** ...Slægnalítill, og sem aðrar, skaða undirorpin af grjóthruni (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenn tafélagsins – Holtssókn, 1840*).

– **Dalshús í Valþjófsdal:** ...Á engjarnar rennur á og ber þar á grjót og aur. Á annan hlut engjanna falla skriður úr fjalli. Hagar eru sömu sem á heimajörðunni (Kirkjuból). (*Jarðabók Arna Magnússonar og Páls Vídalíns, Öfundarfjörður 1710*).

– **Dalsófæra/Ófæruhlíð:** ...Þess utan er um þennan annexúveg sífelld steinkast, þegar rigningar ganga og framúrskarandi skriðuhrun (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenn tafélagsins – Holtssókn, 1840*).

– **Valþjófsdalsófæra:** ...Haust eitt í náttmyrkri þurfti kona í Dalnum á ljósmóður að halda. ...Þegar kom að Ófærunni stoppaði hesturinn sem Finnur reið og vildi ekki fara lengra. Fór hann þá af baki til að aðgæta hverju þetta sætti og sá þá að Ófæran var hrunin. (barnið fæddist 22 ágúst 1892). (*Jóhannes Davíðsson, Sögubrot af Finni Eirikssyni og Guðnýju Guðnadóttur í Dal, Ársrit Sögufélags Ísfirðinga, 1975–76*).

– **Valþjófsdalsófæra:** ...Jóhannes Davíðsson minnst þess í síðasta Ársriti í þætti sínum af Finni Eiríkssyni að Ófæran hrundi 1891 (rétt 1892). Ófæra heitir á Vestfjörðum þar sem sjór gengur upp að hamri svo að sæta verður sjávarföllum til að komast fyrir. ...Götuslóðinn um hlíðina var tengdur saman með trjám sem lögð voru framan við þverhníptan hamarinn. Hefur það fláleitt verið breiður vegur. Trén dugðu þangað til kletturinn hrundi með þau. (*Halldór Kristjánsson, Úr dagbókum séra Sigurðar Tómassonar, Ársrit Sögufélags Ísfirðinga, 1977*).

– **Ytri–Hjarðardalur:** ...Landskuld hefur fyrir 80 árum verið iic í fríðu, sem tveir trúverðugir menn, Gils Þorleifsson og Jón Lifgjarnsson, segja eftir sögu foreldra sinna. Eftir þann tíma hljóp stórskiða á túnið, hveirrar merki enn nú sér ljóslega. Eru sagnir að þá hafi landskuldin verið aftur færð, en ekki vita menn grannt um hvaða tíð þetta hafi verið. ...Túninu hefur í gamalli tíð stór skiða merkilega spillt sem áður er sagt, og fellur enn nú jafnlega í sama stað og hefur eyðilaggt nærri þriðjung túnsins. Hjarðardalsá hefur og stórum spillt einum hluta túnsins. Sama á rennur á engjarnar og hefur brotið þar og borið á grjót og aur. Skriður falla og á engjarnar annarsvegar. Hagarnir spillast og árlega af skriðum og fara stórum til þurrðar. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Öfundarfjörður 1710*).

– **Ytri–Hjarðardalur:** ...Heyskaparlítill, skaða undirköstuð bæði tún og engi fordjarfað af skriðum úr fjallinu, ánni og flugsandi, beitarlítill orðin af vaxandi skriðum (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Holtssókn, 1840*).

– **Innri–Hjarðardalur:** ...Túninu hafa skriður spillt, og er sýnilegt að muni áaukast. Enginu grandar Hjarðardalsá með grjótsáburði, ítem sandfok úr Holtsmelum, hvorttveggja til stórskaða. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Öfundarfjörður 1710*).

– **Innri–Hjarðardalur:** ...Heyskaparlítið og skaða undirlögð af skriðum (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Holtssókn, 1840*).

– **Innri–Hjarðardalur:** ...Á 17. 18. og 19. öld var Innri–Hjarðardalur talinn 18 hundraða jörð en um miðbik fimmtánda aldar mun jörðin hafa verið metin til 30 hundruða og svo virðist enn hafa verið árið 1524. Vera má að á sextánda öld hafi skriðuföll og landbrot af völdum árinna fellt jörðina í verði og matið því verið lækkað (*Árbók FÍ, 1999*).

– **Þórustaðir:** ...Enginu spilla skriður og hafa mikinn part eyðilaggt. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Öfundarfjörður 1710*).

– **Holt:** ...Högum staðarins hafa skriður spillt, bæði heima um sig og frammi á Bjarnardal. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Öfundarfjörður 1710*).

– **Holt:** ...Engjar fordjarfast mjög af sandinum og eins hlíðin fyrir ofan bæinn af fjallskriðum (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Holtssókn, 1840*).

– **Vaðlar:** ...Engjum spilla skriður árlega, og eykst þetta meir og meir. Engjarnar spillast og af Berjadalsá, sem þar rennur á og ber á grjót og aur. Hagarnir eru litlir mjög og spilltir af skriðum, og liggur þessi jörð uppá öðrum vetur og sumar. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Öfundarfjörður 1710*).

- **Vaðlar:** ...Fjallskriðum undirköstuð til stórra skemmda (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Holtssókn, 1840*).
- **Tröð í Bjarnardal:** ...Túninu spilla lækir, sem á bera aur í leysingum. Engjunum spilla skriður stórum og hafa nokkurn part aftekið. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Öfundarfjörður 1710*).
- **Kirkjuból í Bjarnardal:** ...Skógur hefur hér verið, er nú eyddur af skriðum. Engjunum hafa skriður spillt og spilla árlega, lækir bera þar og á aur og grjót. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Öfundarfjörður 1710*).
- **Kirkjuból í Bjarnadal:** ...Notagóð til beitar, en undirorpin skriðum og stórum árskemmdum (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Holtssókn, 1840*).
- **Mosvellir:** ...Engjum hafa skriður stórum spillt. Skriður falla hér og á pening, svo oft verður skaði að. Hagar jarðarinnar eru og af skriðum stórlega skemmdir. Engjunum öðrum megin spillir Bjarnadalsá, brýtur þær og ber á grjót. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Öfundarfjörður 1710*).
- **Mosvellir:** ...Góð slægnajörð, samt undirorpin fjallskriðum og árskemmdum (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Holtssókn, 1840*).
- **Vífilmýrar:** ...Mjög hagapröng er þessi jörð og liggur uppá nábúum sínum, ætti hún síns eigin lands að njóta, þá yrði peningur í engjum að ganga og yrði þá heyskapur miklu minni, svo hafa og skriður stórlega spillt því litla landi sem til var. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Öfundarfjörður 1710*).
- **Hóll:** ...Engjunum spilla heldur en ekki skriður, en sérdeilis fordjarfast þær af ám, sem brjóta þær og bera á grjót. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Öfundarfjörður 1710*).
- **Tunga:** ...Engjunum hefur og áin spillt og tekur af þeirra mikinn hluta. Í öðrum stað hafa skriður öldungis aftekið engið. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Öfundarfjörður 1710*).
- **Hestur:** ...Engjum jarðarinnar spilla skriður oftlega og hafa nokkurn part þeirra aftekið. Á spillir og engjunum og ber þar á aur og grjót. Högum jarðarinnar hafa og skriður stórum spillt. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Öfundarfjörður 1710*).
- **Hestur, Tunga, Kirkjuból, Veðraá:** ... (1695) Var vetrarfar víðast um allt Ísland mjög gott með snjóleysum og góðri veðuráttu upp á landið, en þó með stórfrostum á milli, svo fjörðu víða lagði, en fiskirí hindraðist og neysluvötn víðast heimantóku, mönnum og fénaði til бага. Einninn kom hafis fyrir allt Norður- og Vesturland og inn á firði um þorra og lá þar fram að sumri, ... Þessa ísa fraus svo saman, að ríða mátti nes af nesi yfir allar fjörður, einninn yfir flóann milli Flateyjar og meginlandsins, og langt þar út eftir, svo menn í mannaminum mundu ei því lík ísalög, og ei af sér eldri mönnum heyrt hefðu, af hverjum stórfrostum jörðin víða í sundur sprakk með stórsprungum svo sem gjár, hverjar dög og vatn í sig drukku, nær daggir og votviðri

um sumarið og haustið oft á dundu, því haustið varð mjög votviðrasamt með miklum hriðum, hvar ofan á um veturnætur og fram yfir allraheilagramessu komu frostleysu drifsnjóar, svo allt upp fyllti; þar ofan í komu stóreflisvatnshríðar, hverjar fram hleyptu mörgum og miklum skriðum víða um landið í brattlendi og hlíðum með skógum og landi í stórspildum í sjó ofan, svo margar jarðir hér í sýslu, sem og víðar, misstu mikið land, bæði af túnum, engjum, skógum og beititeigum, á meðal hverra var: Hattardalur báðir í Álftafirði, kóngsjarðir, Hestfjörður og aðrar fleiri. Í Öfundarfirði: Hestur, Tunga, Kirkjuból, Eyri hvar tún mestallt af tók, Veðrarár báðar. Í Dýrafirði: Hvammur og Hjarðardalur stóri, hvar tún öll að mestu aftók með öllum engjum, svo sú jörð fæst nú ei byggð. - Þessa árs sumar var þurrt og graslítið, því ei spratt sökum klaka, sem í jörðunni var, því ei var meir þétt en alin, 3 kvartil og hálf alin niður frá grasrót ofan að klaka um haustið snemma, þá lík grafín voru í kirkjugarð, og ei varð harðatorf (mór) til eldiviðar í torfgröfum skorið það sumar, sökum klaka (*Eyrarannáll*).

– **Efstaból:** ...Engjarnar eru af skriðum stórum skemmdar og eyddar á þriðjungi, svo spilla og engjunum lækir, sem bera á þær grjót og aur. Snjóflóð hafa hér nokkrum sinnum peningi grandað. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Öfundarfjörður 1710*).

– **Kroppsstaðir:** ...Engjunum spillir á, sem ber þar á grjót og eyðir þeim. Úthögunum þeim litlum sem eru, spilla skriður ár frá ári. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Öfundarfjörður 1710*).

– **Kirkjuból í Korpudal:** ...Skriður féllu á engjarnar fyrir um 4 árum (1706), og var þá landskuld aftur færð um eina vætt á þessum partinum, en á hinum hélst afgjaldið svo sem var. ...Engjar eru stórum fordjarfaðar af því að skriða hljóp í ána og stemmdi hana upp á engjarnar og bar hún þar svo á aur og leir. Flæður spillir og engjunum og bera á aur og grjót. Högum jarðarinnar hafa skriður stórlega spillt. Í einum hlut haganna þar sem hann er bestur, er stórum hætt fyrir snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Öfundarfjörður 1710*).

– **Kirkjubólshús:** ... (hjáleiga hjá Kirkjubóli) ...Um spillingu engjanna af flæði er sama að segja og um heimajörðina. Eins um spill haganna og skriðna áhlaup. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Öfundarfjörður 1710*).

– **Tannanes:** ...Skriða hefur á túnið hlaupið og nærri því á bæinn og hefur túninu stórum spillt, er hér og árlega skriðna von. Engjarnar eru spiltar og spillast árlega af skriðum og er nærri helmingur þeirra aftekinn. Hagarnir eru og stórum spilltir af skriðum og ærið mjög eyddir. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Öfundarfjörður 1710*).

– **Tannanes:** ...hefur liðið og liður stóran skaða af fjallskriðum (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Holtssókn, 1840*).

– **Ytri–Veðraá:** ...Enginu grandar til stórskaða skriður úr brattlendi og hafa eyðilagt þær meir en til helminga. Hætt er kvikfé á vetur fyrir sjávarflæðum og fyrir stórskriðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Öfundarfjörður 1710*).

- **Innri–Veðraá:** ...Túninu grandar Veðrará með grjótsáburði. Engjar spillast stórlega af skriðum og eru mjög af þeim fordjarfaðar. Landþröngt er og hrjóstrugt mjög og víða uppblásið og skriðufallið. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Öfundarfjörður 1710*).
  
- **Neðri–Breiðidalur:** ...Túninu grandar aurfok, er fyrir því mjög illt að vinna völlinn. Engjar spillast stórlega af skriðum og eyðilagðar að vísu til helminga. Hagar skemmast og svo af skriðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Öfundarfjörður 1710*).
  
- **Breiðidalur neðri, Breiðidalur fremri:** ...Báðar þessar jarðir eru fjallskriðum undirorpnar (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Holtssókn, 1840*).
  
- **Selakirkjuból:** ...Túninu grandar vatn, sem étur úr rótina. Engjar eru forskemmdar af skriðum og mikinn part eyðilagðar. Úthagar og svo mjög skriðurunnir og graslausir. Hætt er kvikfé fyrir snjóflóðum og sjávarflæðum, og hefur ábúandi misst fyrir 4 árum allt sitt fé út í sjó. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Öfundarfjörður 1710*).
  
- **Selakirkjuból:** ...Þessar jarðir eru mjög hrjóstrugar og líka undirkastaðar skriðum, einkanlega slægju- og beitalönd (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Holtssókn, 1840*).
  
- **Kaldá:** ...Engjar eru mestan part eyðilagðar fyrir skriðum. Úthagar eru og svo mjög hrjóstrugir. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Öfundarfjörður 1710*).
  
- **Kaldá:** ...Þessar jarðir eru mjög hrjóstrugar og líka undirkastaðar skriðum, einkanlega slægju- og beitalönd (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Holtssókn, 1840*).
  
- **Hóll á Hvilftarströnd:** ...Túnið er mjög grýtt og blæs upp. Engjar eru að kalla eyðilagðar fyrir skriðum. Úthagar og svo mjög skriðurunnir og í hrjóstur komnir. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Öfundarfjörður 1710*).
  
- **Hóll:** ...Þessar jarðir eru mjög hrjóstrugar og líka undirkastaðar skriðum, einkanlega slægju- og beitalönd (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Holtssókn, 1840*).
  
- **Hóll:** ...Hóll er talin 12 hndr. að dýrleika í jarðabókinni 1805. ...Þess er getið, að jörðin utan túns liggir undir skemmdum af skriðuföllum (*Ólafur Þ. Kristjánsson, Bændur í Öfundarfirði 1801. Í Gils Guðmundsson, Frá ystu nesjum, 1949*).
  
- **Hvilft:** ...Enginu grandar til stórskaða skriður úr brattlendi. Úthagar eru mjög litlir heima á jörðunni og mjög hrjóstrugir. Hætt er kvikfé stórlega fyrir sjávarflæðum, undir mósköflum og svo snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Öfundarfjörður 1710*).



– **Hvilft:** ...nefndar jarðir hafa góða beit og slægjur á Sauðanesi, en heima um sig fá þær fremur skaða af fjallsskriðum (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Holtssókn, 1840*).

– **Garðar:** ...Engið er mestan part eyðilaggt fyrir skriðum. Tóftarústir eru hér í túninu og hefur bærinn þaðan fluttur verið, þangað sem nú er hann fyrir manna minni og er sagt að því hafi ollað snjóflóð sem á bænum hafi gengið. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Öfundarfjörður 1710*).

– **Garðar:** ...Þessar jarðir eru mjög hrjóstrugar og líka undirkastaðar skriðum, einkanlega slægju- og beitalönd (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Holtssókn, 1840*).

– **Garðar:** ...Jarðabókin 1805 segir Garða 6 hundrað að dýrleika ...Þess er getið, að jörðin utan túns liggir undir skemmdum af skriðuföllum (*Ólafur Þ. Kristjánsson, Bændur í Öfundarfirði 180, í Gils Guðmundsson, Frá ystu nesjum, 1949*).

– **Eyri:** ...Túninu grandar mól og aur, sem rennur á það í vatnagangi og leysingu af holti því, er ofan völlinn er. Engjar mjög spilltar af skriðum, og fyrir því víðast eyðilagðar. Hætt er kvikfé fyrir sjávarflæðum og merkilega fyrir snjóflóðum, og hafa þessi snjóflóð stundum tekið hér bæði menn og fé út í sjó, og hesta, og gjört með því stórkostlegan skaða. Hætt er húsum fyrir stórveðrum og ekki sýnist bænum öldungis óhætt fyrir snjóflóðum, þó ekki hafi það hingað til mein gjört. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Öfundarfjörður 1710*).

– **Eyri:** ...nefndar jarðir hafa góða beit og slægjur á Sauðanesi, en heima um sig fá þær fremur skaða af fjallsskriðum (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Holtssókn, 1840*).

– **Eyri, Kálfeyri:** ...(1784) Í sömu sýslu (Ísafjarðarsýsla) gjörði svo mikið hríðarúrfelli nóttina millum þess 1. og 2. Júnii, að víða hlupu skriður úr fjöllum til stórra skemmda. Á Kálfeyri, verstöðu í Öfundarfirði, hljóp þá ein skriða úr bökkunum ofan yfir eina verbúð. Þar fórust inni 2 menn giftir og 1 ógiftur. Sá fjórði komst lífs út um þakið (*Vatnsfjarðarannáll yngsti*).

## Súgandafjörður

– **Súgandafjörður (alm.):** ...Skógur má heita gjöreiddur í Súgandafirði. Sjást nú einasta litlar eftirleifar af skógi á Botni, Gilsbrekku og Selárdal, hafa slíkri auðn mest valdið, að því menn til vita, skriðuhlaup og árennsli. Kann og hér til að hafa hjálpað óvarleg meðferð manna, seint og snemma. Eftir því sem áður er sagt um landslag í Súgandafirði, þá er það heldur þurrleitt en votleitt, þar víðast eru brattar hlíðar allt að fjöru fram. Er þar og allvíða þétt af gilja- og lækjafarvegum framhlaupnum af skriðum, en milli þessara farvega eru grasgeirar eða teigar, meira eður minna grýttir, í hverjum er þó bæði beitar og slægjuland, hvar af flýtur, að slægjur eru víðast bæði litlar ummáls og seinunnar, sem og að flestar jarðir hér liggja undir meiri eður minni áföllum af skriðum og snjóflóðum, og sumar hafa hér af töluvert af sér gengið frá því, er gamlir menn muna til (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Staðarsókn, 1839*).

– **Sauðanes:** ...Gengur Súgandafjörður inn að norðanverðu við nes þetta (Sauðanes), frá útvestri til austnorðurs. Myndar það (Sauðanes) yst í firðinum háa hlið, hveirrar efri partur að er samhangandi klettabelti, en þar fyrir neðan er hlið með grasteigum, hverjir árlega sæta töluverðum skemmdum af skriðuhlaupum (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Staðarsókn, 1839*).

– **Sauðanes:** ...Innan við það (Sauðanes) gengur í sjó fram skerjaklasi. Skerin heita Slotsker. ...Víkin innan við Slotsker heitir Hvalvík og gilið í fjallinu ofan við hana Manntapagil. Árið 1690 andaðist „fjarpiltur“ frá Stað af slysförum er hann lenti í skriðu eða snjóflóði. Líklegast er að sá manntapi hafi orðið hér (*Árbók FÍ, 1999*).

– **Staður:** ...(1690) Fjarpiltur varð fyrir skriðu á Stað í Súgandafirði (*Eyrarannáll*).

– **Staður:** ...Enginu grandar vatn, sem étur út rótina. Úthagar foreyðast af skriðum. Hætt er útigangspeningi mjög fyrir snjóflóðum og hefur oft að því stórskaði orðið. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Súgandafjörður 1710*).

– **Vatnadalur:** ...Túninu grandar skriða til stórskada og eyðileggingar og enginu í sama máta, svo fyrir því er mikill hluti slægnanna eyðilagður. Hætt er kvikfé fyrir grjóthruni. Hætt er bænum stórlega fyrir þessum skriðum og grjóthruni og hafa þær mjög að bænum gengið, en þó ekkert hús ennþá tekið, er hér þó mjög voveiflegt fyrir menn í bænum þegar vatnagangur er. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Súgandafjörður 1710*).

– **Vatnadalur:** ...þá er komið í túnið í Vatnadal. Fremsti parturinn í túninu var notaður til slæгна af Þorbirni Gissurarsyni á Suðureyri frá því fyrst ég man eftir. Voru það tvö hundruð og kallaður Partur. Sagt er að til forna hafi bær staðið þarna. ...Stór steinn er þar í einni tóftinni. Á hann að hafa runnið úr fjallinu á fjósið. Steinn þessi er um 2 m á hæð og 7 m ummáls. Upp af honum heitir Stórasteinshryggur og Stórasteinshvolf (*Arngr. Fr. Bjarnason, Vestfirskar sagnir III, 1946*).

– **Vatnadalur neðri:** ...Túni og engjum grandar skriðufall et supra. Hætt er kvikfé fyrir skriðum og grjóthruni. Vatnsvegur er mjög erfiður á vetur fyrir fannlögum. Hætt er bænum fyrir skriðum og grjóthruni, sem áður segir um Fremra Vatnadal. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Súgandafjörður 1710*).

– **Bær í Vatnadal:** ...Engjarnar hafa spillst stórlega af skriðum úr brattlendi, sem að áeykst árlega. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Súgandafjörður 1710*).

– **Bær:** ...Neðar í dalnum, sama megin, gegnt Stað, er jörðin Bær 24 hndr. að dýrleika. Hefur þar verið umhverfis og niður frá bænum að forngildu grösug hlið og slægjuland mikið, en sem nú er orðið mjög af sér gengið af skriðuföllum. Nær hlið þessi ofan til sjóar og endar við höfða þann er Spillir heitir (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Staðarsókn, 1839*).

– **Leifshús í Vatnadal:** ...Önnur eyðihjáleiga frá Bæ. Um hana er allt hið sama að skrifa og áður segir um Garðshorn (í eyði 60 ár) nema hvað hér eru enn meiri skriður yfirfallnar og má því ekki byggð setja. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Súgandafjörður 1710*).

– **Spillir:** ...Liggur vegurinn undir höfða þessum yfir þær svokölluðu Spillisfjörur, er það illur vegur yfirferðar og allhættulegur, bæði af snjóskriðum um vetur og aurskriðum um sumar sem og brimum á aðra síðuna, þá sjóargangur er (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Staðarsókn, 1839*).

– **Spillir:** ...En þar (undir Spilli) er bæði skriðuhætt og snjóflóðahætt, og brim gengur alveg upp í kletta, þegar illt er í sjó (*Árni Óla, Blárra tinda blessað land, 1949*).

– **Spillir:** ...Leiðin (undir Spilli) má kallast hættuleg, því að steinkast verður þar tíðum í votviðrum, og á veturnum falla oft snjóflóð úr Spilli. Engar sagnir eru þó um slys á þeirri leið, en oft hefur hurð skolið nærri hælum (*Árbók FÍ, 1951*).

– **Suðureyri:** ...Túninu granda skriður, sem mjög áeykst á báða partana. Engjarnar í sama máta eru forskemmdar af skriðum. Úthagar eru og svo mjög hrjóstrugir. Hætt er kvikfé fyrir sjávarflæðum og snjóflóðum. ...Hætt er báðum bæjunum fyrir skriðum úr brattlendi, og hefur fyrir 4 árum skriða tekið 3 hús skammt frá syðra bænum (1706). (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Súgandafjörður 1710*).

– **Suðureyri:** ...Inn frá Suðureyri er löng fláanda hlíð strandlengis með Súgandafirði, mjög graslítil og framhlaupin að lengd hér um 1/3 þingmannaleiðar (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Staðarsókn, 1839*).

– **Suðureyri:** ...Frá ómunatíð höfðu skriður og grjótkast úr hlíðinni valdið spjöllum á túninu. Varð Kristján fyrstur manna til að hefja varnir gegn því. Hann hóf byggingu grjótgarðs í hlíðinni ofan við túnið, byrjaði hann yst og byggði garðinn smátt og smátt inná við (Kristján Albertsson, bóndi á Suðureyri 1875–1909). (*Kristján Þorvaldsson, Kristján Albertsson bóndi á Suðureyri, Ársrit Sögufélags Ísfirðinga, 1962*).

– **Suðureyri:** ...„Túninu granda skriður, sem mjög eykst á báða part. Engjarnar í sama máta forskemmdar af skriðum. ..Hætt er báðum bæjunum fyrir skriðum úr brattlendi. Hefur og fyrir 4 árum (1706) skriða tekið 3 hús skammt frá syðri bænum“. ...Ekki mun ofmælt það, sem hér (í Jarðabókinni) er sagt um skemmdir túnsins af skriðum úr hlíðinni ofan við það. Augljós er einnig sú hætta, sem bæirnir voru í þar sem þeir voru þá, enda varð sú hætta til þess, að þeir voru fluttir þaðan. Enn er efri hluti túnsins í sömu hættu. Er það þó nokkur bót, að grjótgarður hefur verið hlaðinn ofann við mikinn hluta þess og hefur hann hlíft því fyrir smærri skriðum. ...Skriður á engjar jarðarinnar hafa vart átt sér stað nema á Hjöllunum. Þar renna aurskriður tíðum niður á slægjulendi, sem áður var, en þó hefur graslendið ekki minnkað til muna. Þar sem raklent er sökkuva skriðurnar niður og grær fljótt yfir þær. Í hlíðinni fyrir innan Kleif sjást engar menjar skriða, en einstaka steinar koma tíðum úr fjallinu niður á efstu slægjurnar en meiri hluti þess steinkasts stöðvast þó á hjöllunum í efri hlíðinni“. (*Gunnar M. Magnúss, Súgfirðingabók – byggðasaga og mannlíf, 1977*).

– **Suðureyri:** ...Sá sem fyrstur byggði upp á nýju bæjarstæði niðri á sjálfri eyrinni ...var Bjarni Brynjólfsson er hóf búskap á Suðureyri á árunum 1754–1762. Á sínum fyrstu búskaparárum bjó hann að sögn í gamla ytri bænum. Nokkrum áratugum fyrr (1706) hafði skriða tekið þrjú útihús í nánd við innri bæinn og þarf vart að efa að Bjarni hafi verið að forða sér og sínum undan hættunni af skriðuföllum er hann valdi sér nýtt bæjarstæði, fjær fjallinu (*Árbók FÍ, 1999*).

– **Kvíarnes:** ...Enginu grandar til stórkaða skriður úr brattlendi, sem hafa eyðilagð það meir en til helminga. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Súgandafjörður 1710*).

– **Botn:** ...Engjunum granda skriður úr brattlendi. Hætt er kvikfé fyrir snjóflóðum og sjávarföllum, sem oft verður mein að. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Súgandafjörður 1710*).

– **Botn:** ...en Pálmi og Sesselja fluttust þangað um aldamótin (1900) úr Keflavík. Skömmu eftir komuna þangað misstu þau Ólöfu dóttur sína, er fórst af steinkasti í Botnshlíðinni (*Gunnar M. Magnúss, Súgfirðingabók – byggðasaga og mannlíf, 1977*).

– **Botn:** ...Þessi stúlka dó af slysförum, þegar hún var á 17. ári. Hún var þá komin að Botni í Súgandafirði og var að smala. Féll þá skriða úr fjallinu og lenti steinn í höfði hennar og dauðrotaði hana (*Árni Óla, Blárra tinda blessað land, 1949*).

– **Botn:** ...Á rétt liðlega hundrað árum urðu hér í Botni þrjú banaslys. ...Haustið 1861 týndi hér lífi, þann 5. nóvember, „við voveiflegt tilfelli” ungur heimamaður í Botni, Sigmundur Jónsson að nafni, fæddur í Klúku 8. desember 1836. ...varð skriða eða snjóflóð úr norðurhlíðinni Sigmundi að bana. Þriðja slysið varð 12. júní 1902 er steinkast grandaði 16 ára stúlku sem var að smala „í hlíðinni, hinni nyrðri, á móti Botni”. Hún hét Ólöf, og var dóttir Pálma Lárentínusarsonar og konu hans er þá bjuggu hér í efri bænum, en áður í Keflavík (*Árbók FÍ, 1999*).

– **Selárdalur:** ...Engjar eru mestan part eyðilagðar fyrir skriðum og snjóflóðum. Hætt er kvikfé fyrir snjóflóðum og sjávarflæðum undir mósköflum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Súgandafjörður 1710*).

– **Selárdalur:** ...Stuttu fyrir innan Lásvík hefur skriða fallið hátt úr hlíðinni. Er hún mjó efst, en allbreið við sjóinn. Fyrir meir en 110 árum (1840) tók hún þarna spildu úr skógivaxinni hlíðinni, og enn sjást ekki aðrar plöntur en þær, sem kjósa urðir og aura fyrir dvalarstað. Sýnir þetta hve seint gróa sum sárin, sem gróðurlendið fær af völdum náttúrunnar (*Árbók FÍ, 1951*).

– **Selárdalur:** ...Rauðaskriða: Skriða inna við Graskollsvík, sem myndar nes fram í sjóinn. Skriðan hefur upptök sín upp undir hjallabrún og er þar mjó, en breikkar eftir því sem neðar dregur, og er allbreið neðst. Skriða þessi féll um vortíma, einhvern tíma á árunum 1835–40 í feikna rigningu. Hlíðin er þarna öll vaxin stórvöxnu birkikjarri, og svo mun hafa verið þegar skriðan féll. Á meira en 100 árum hefur náttúran ekki getað læknað sár þetta betur en svo, að enn í dag sést ekki í skriðunni, annar gróður en nokkrar plöntutegundir, sem aðeins vaxa í aur og skriðu. Smá jarðföll hafa runnið fyrir utan hana á síðari tímum, en eru nú að mestu gróin. ...Garðshryggur: Hryggur þvert yfir dalinn nokkru fyrir framan Miðbrekkuurð. Munnmæli segja, að þar hafi áður verið garður, og hafi geldneyti verið höfð fyrir framan hann. Ekki sér fyrir mannvirkjum, geta ef til vill hafa hulist skriðum. Svæði fyrir framan hann er lítið, sem hugsanlegt er að hafi verið notað til beitar, því klettagirðing takmarkar það algerlega að framan. Nú er þetta land að mestu urð og skriður. ...Hlaðsvíkurgil: Djúpt gil innan við Hlaðsvík, myndað af skriðuhlaupi. Skriðuhryggur gengur út gilinu fram í

sjó (Kr. G. Þorvaldsson frá Selárdal, *Örnefni í Súgandafirði. Í Arngr. Fr. Bjarnason, Vestfirskar sagnir III, 1946*).

– **Selárdalur:** ...Skammt fyrir utan landamerkin komum við að Rauðuskriðu sem einnig var nefnd Fletta og stundum Svunta. Upptök hennar eru hátt í hlíðinni. Hún er mjó efst en breiðkar síðan verulega. Að sögn kunnugra féll þessi mikla skriða í stórrigningu að vorlagi á árunum á milli 1830 og 1840 (*Árbók FÍ, 1999*).

– **Norðureyri:** ...Túninu grandar sandfok. Engjarnar spillast stórlega af skriðum og grjóthruni. Hætt er kvikfé stórlega fyrir snjóflóðum og sjávarflæðum. Vatnsból er lítið og hættulegt til að sækja fyrir snjóflóðum á vetur. Hætt er bænum mjög svo fyrir snjóflóðum, og hefur hann tekið tvisvar í manna minni, en þó menn lífs af komist í hvorttveggja sinn. Oftar hefur á bæinn hlaupið, sem gjört hefur ei allítinn skaða bæði húsum og heyjum, kvikfénaði og skipum. ...Munnmæli eru að bærinn hafi í fyrndinni staðið þar sem nú er stekkur frá Norðureyri, og sjást þar byggingarleyfar af tóftarústum, en ekki sést þar til girðinga, og segja sömu munnmæli að bærinn hafi þaðan fluttur verið undan skriðum og snjóflóðum, og fyrir því má hér ei byggð setja. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vidalíns, Súgandafjörður 1710*).

– **Göltur:** ...Leigukúgildi i, áður fyrir xiiii árum iii, því fækkað kúgildum og sett niður landskuld að skriða féll á túnið. ...Túninu hafa grandað skriður og tekið af því hér um bil þriðjung. Engjar eru að mestu leyti fyrir skriðum eyðilagðar. Hætt er kvikfé fyrir snjóflóðum og sjávarflæðum, sem oft verður mein að. Hætt er bænum fyrir snjóflóðum og skriðum, og hefur oftlega á bæinn hlaupið og ekki annað sýnilegra en hann mundi taka, þó hefur það ei skeð hingað til. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vidalíns, Súgandafjörður 1710*).

– **Göltur:** ...Bærinn Göltur stendur á háum hól utarlega í túninu. Fyrrum stóð bærinn nokkru innar en túnið nær nú, en mun hafa verið fluttur, af því að honum, var talin hætta búin af skriðum og sjóflóðum. Smáskriður úr klettunum spilla nú stundum túni, en ekki granda þær bænum, og snjóflóð hafa aldrei komið þar (*Árbók FÍ, 1951*).

– **Göltur:** ...Frá bakkabrúninni utan við Stórlág (um miðja veg milli Galtar og Norðureyrar) er skammur spölur út á Fornabæjarhrygg en utan við hann er stór og stærileg tótt sem menn hafa haldið að væri bæjarrúst frá fyrri öldum. ...Í munnmælum var hermt að skriða hefði lagt hinn forna bæ í rúst (*Árbók FÍ, 1999*).

– **Keflavík:** ...Engjar eru að mestu eyðilagðar fyrir skriðum og snjóflóðum. Hætt er kvikfé og þeim sem það vaktar bæði fyrir grjóthruni og snjóflóðum, og verður oft mein að. ...Skipsuppsátur er mjög illt, og hafa hér því tíðum skip farist og brotnað af grjóthruni, og þykir mönnum sýnilegt að fyrir því muni þetta heimræði um síðir af leggjast. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vidalíns, Súgandafjörður 1710*).

– **Keflavík:** ...Keflavík var sá bærinn, sem erfiðastar samgöngur átti. ...Frá Keflavík að Gelti voru þrjár leiðir. Keflavíkurfjörur og „yfir fjall“. Tíðast voru farnar fjörur. Er sú leið ill yfirferðar og hættuleg, og veldur því bæði sjór og skriður eða grjótkast úr fjallinu. Vitað er um tvo menn, sem hafa slasast á þessari leið, og beið annar bana af því. Það var í september 1841, að annar bóndinn í Keflavík fór vestur að Gelti. Kom hann heim um kvöldið, og gat hann ekki talað svo skildist og var mjög meiddur á höfði. Lifði hann nokkra daga en gat aldrei skýrt frá, hvernig hann hefði meiðst.

(Kristján G. Þorvaldsson, *Samgönguleiðir Súgfirðinga, Ársrit Sögufélags Ísfirðinga, 1983*).

## Norður Ísafjarðarsýsla

– **Ísafjarðarsýsla (alm.):** ...hvilket og faraarsager dend stedze varende steenkast oven fra fiældene eller fiældskreder, som fører altid steen og gruus neder paa denne lille sletta jord hvor af græset forderves aarligen saa dette Isefjordssyssel maa kaldes foeni inopia seu locus jejunus, macer et sterilis (*Sýslulýsingar 1744–1749, Sögurit 28, 1957*).

– **Ísafjarðarsýsla (alm.):** ...(1797). Engu að síður hefur vetur sá víða eftir sig látið stórar skemmdir bæði túna og engja fyrir óskaplegum ofsastormum, regnum, sjávar- og vatnagangi, sem orsakað hafa drjúgum grjótburð og skriðuhrun. Mér er sagt, að á nokkrum bæjum Ísafjarðars, hvar brattar voru fjallahlíðar, hafi vel helmingur túna undirorpist grjótskriðum. (*Benedikt Pálsson, Fréttir af Vesturlandi IV, Ársrit Sögufélags Ísfirðinga, 1986*).

## Skálavík

– **Meiribakki:** ...Engjunum spilla skriður sem á falla. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Bolungarvíkurhreppur 1710*).

– **Breiðaból:** ...Jörðin er víðslæg til engja en engjunum spilla stórum og hafa spillt skriður. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Bolungarvíkurhreppur 1710*).

– **Minnibakki:** ...Engjunum spilla skriður ár eftir ár meir og meir. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Bolungarvíkurhreppur 1710*).

– **Stigahlíð:** ...Stigahlíðin sjálf er nálægt 1½ mílu á lengd. ...Hún er meðal hinna hærri fjalla landsins og er gerð af reglulegum, þverhniptum hamrabeltum. Án þess nokkur veruleg fjara sé með sjónum, önnur en stórgrýtt urð, sem hrúnið hefur úr hömrnunum. ...Þó eru nauðlendingar í Hvassaleitis-, Miðleitis- og Grjótleitibót og enn fremur í Krossavík. Þar eru tóttarbot, sem sýna, að fyrrum hefur verið útræði þaðan, enda liggur hún nær fiskimiðum en Bolungarvík. ...það er einnig fullyrt að grjóthrun úr fjallinu spilli sífellt lendingunum (*Ólafur Olavíus, Ferðabók 1775–1777*).

## Bolungarvík

– **Meirihlíð, Geirastaðir:** ...(1672) Hvítasunnu sjálfa (26. maí) kom mikið veður með hríð, og gekk úr alla hátíðina, í hverju veðri að skriður hlupu á margar jarðir til stórra spjalla. Í Meirihlíð í Bolungarvík tók af hálf tónið, Geirastöðum í sömu sveit tók af þriðjung tóns, Hvammi á Barðaströnd, 30 hndr. jörð tók af allt tónið, svo sú jörð virtist ei meir en 10 hndr. Arnórsstaðir, 18 hndr., tók og skriða mikið af engjum. Í Hlíð, kirkjujörð frá Læk (Brjánslæk), fleytti burtu veggjum og húsum, svo fólk

naumlega undan komst, svo og skemmdust margar jarðir víða og fiskiföng af þessum votviðrum (*Eyrarannáll*). ... (1672) Um hvítasunnu (26. maí) komu veður mikil og vætur í hverjum víða fjöll runnu og gerðu löndum og bæjum mikinn skaða. Undir Meirihlíð í Bolungarvík tók af hálf túnið, ítem Geirastöðum í sömu sveit meir en þriðjung túns, ítem Hvammi á Barðaströnd tók af allt túnið (*Vatnsfjarðarannáll yngsti*).

– **Meirihlíð:** ...Jörðunni spilla stórum skriður, sem jafnlega falla á túnið. Engjunum spillir á, sem ber á þær grjót og aur. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vidalíns, Bolungarvíkurhreppur 1710*).

– **Meirihlíð:** ... Meirihlíðargrafir eru gamlar mógrafir frá ánni, heiman til við Hvolin. Hvol eða Meirihlíðarhvol eru grjóturðir eða stór, framrunnin skriða úr fjallinu (*Örnefnastofnun Íslands, Örnefnaskrá Norður-Ísafjarðarsýslu – Hólshreppur, Bolungarvík*).

– **Tröð:** ...Landskuld hefur að fornu verið 3 vættir á eyri, fyrir 6 árum féll skriða á túnið, var þá skuldin afturfærð um eina vætt (1704). ...Túninu spilla stórum skriður sem jafnlega á falla. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vidalíns, Bolungarvíkurhreppur 1710*).

– **Tunga:** ...Engjun beggja partanna spilla skriður til stórskaða. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vidalíns, Bolungarvíkurhreppur 1710*).

– **Hóll:** ...Jörðin er stórum af sér gengin frá því sem að fornu var, bæði af uppblæstri landsins, jafnaðarlegum skriðuföllum á landið og sérdeilis sandfoki úr melum fyrir ofan sjóinn, sem sterk norðanveður bera fram eftir syðri dalnum, og eykst þessi spilling af sandinum meir og meir ár eftir ár. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vidalíns, Bolungarvíkurhreppur 1710*).

– **Geirastaðir:** ...Á tún jarðarinnar hafa fallið og falla skriður, og þar fyrir eyðilagdist mikinn part jörðin, því túnið er svo að segja undirlagt. Svo er og bænum stórum hætt fyrir þessum skriðum. Engjarnar spillast og af skriðum, en sérdeilis eru þær fordjarfaðar af sandi. Jörðin er svo að segja landlaus orðin og gengur peningurinn mest í Heima-Hólslandi. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vidalíns, Bolungarvíkurhreppur 1710*).

– **Geirastaðir:** ...Tyrkjasteinar: Í Syðridal í Bolungarvík standa tveir stórir steinar á sléttum grundum nokkru fyrir neðan bæinn að Geirastöðum. Steinar þessir eru nefndir Tyrkir. Er sú sögn um nafn á steinum þessum, að þegar Tyrkir rændu hér við land í síðara sinn hafi tveir ránsmanna þessara verið sendir fram í Syðridal, til að ræna og rupla á bæjunum þar í dalnum, en þegar þeir voru komnir á leið fram í dalinn hafi steinar þeir, er fyrr getur, fallið úr fjallinu og ránsmennirnir orðið undir þeim. Sumir eigna atburð þenna guðs mildi, en aðrir segja að í þann tíð hafi kunnáttumaður búið að Hanhóli í Syðridal. Hann hafi vitað hvað Tyrkjunum leið og sent þeim sendingu þessa, svo að þeir kæmu ekki fram ódádum sínum. Millibilið milli Tyrkjasteinanna er lítið, líklega 4–5 faðmar. Annar steinninn er nokkru minni en hinn, en báðir eru þeir bjarg mikið (*Arngr. Fr. Bjarnason, Vestfirskar sagnir II, 1945*).

– **Geirastaðir:** ...Sú er sögn, að þegar Tyrkir rændu hér við land, hafi þeir komið til Bolungarvíkur. Segir ekki af athöfnum þeirra annað en að tveir þeirra ætluðu fram í Syðridal til að leita þar fanga. Héldu þeir gangandi fram dalinn. Kunnáttumaður einn í dalnum hafði veður af ferð þeirra og erindi. Kom hann því svo fyrir, að er þeir fóru hjá gili einu á vestanverðum Syðridal, ruddist þar fram skriða mikil. Tveir steinar, heljarstórir lentu sinn á hvorum Tyrkjanna og mörðu þá til bana. Átti fótur annars Tyrkjans að hafa staðið út undan öðrum steininum. Byggðamenn sluppu þannig frá ofbeldi ránsmannanna. Steinarnir, sem urðu Tyrkjunum að aldurtíla heita síðan Tyrkjar, og hinn minni steinninn Tyrkjabróðir, en gilið Tyrkjagil (*Jens E Nielsson, Heima í Bolungarvík, 1953*).

– **Geirastaðir:** ...Þá var á þessu ári, 1890, byggt nýbýlið á Skriðu á Geirastöðum. Það byggði Jón Tyrfingsson frá Hóli, og settist þar að um hríð. Þarna hafði Geirastaðabærinn áður staðið, en tók af í skriðufalli (byrjun 19. aldar) og vart þá fluttur utar. Skriða fór í eyði fljótlega (*Jóhann Bárðarson, Fortíð ágríp af þróunarsögu Bolungarvíkur. Í Gils Guðmundsson, Frá ystu nesjum, 1946*).

– **Geirastaðir:** ...Á merkjum Geirastaða og Miðdals er Geirastaðagil eða Skriðugil öðru nafni. ...Úr gilinu hafa oft fallið skriður, sem valdið hafa spjöllum á landi og húsum á Geirastöðum. ...Skriða féll þar síðast 1947. Úr gilinu rennur Skriðulækur, sem var vatnsból fyrir Geirastaðabæ og Skriðu. Grjótruðningur mikill, sem borist hefur fram úr gilinu, er nefndur Skriða. Á þessum skriðuhrygg var stuttu fyrir aldamót byggt íbúðarhús, enginn búskapur stundaður. Húsið var nefnt Skriða. ...Merkin (við Miðdal) eru um Geirastaðagil öðrum nafni Skriðugil. ...Skriða er yst í fjallinu. Skriðan kom úr Skriðugili og dreifði sér yfir í Miðdalsland líka. ...Þá var á þessu ári (1890), byggt nýbýlið á Skriðu á Geirastöðum. ...Þarna hafði Geirastaðabærinn áður staðið, en tók af í skriðufalli (byrjun 19. aldar) og var þá fluttur utar (*Örnefnastofnun Íslands, Örnefnaskrá Norður-Ísafjarðarsýslu – Hólshreppur, Bolungarvík*).

– **Miðdalur:** ...Engjunum spilla skriður. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Bolungarvíkurhreppur 1710*).

– **Gil:** ...Hætt er peningi fyrir grjóthruni úr fjalli. Skriður spilla engjunum ár eftir ár. Túnið brýtur á og spillir engjunum, brýtur þær og ber á aur og sand. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Bolungarvíkurhreppur 1710*).

– **Ós:** ...Landskuld hefur verið frá fornu 10 vættir á eyri inn til fyrir þremur árum, þá féll stór skriða á túnið, og var landskuld afturfærð, svo nú eru 6 vættir á eyri, 3 af hverjum ábúenda (1707). ...Túninu hafa stórum grandað skriðuföll og liggur þess hluti undir eyðileggingu af gili einu, sem þar árennur í vatnavöxtum. Sandur spillir og túninu sem þar áfýkur. Engjarnar eru stórum skemmdar af sandfoki og skriðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Bolungarvíkurhreppur 1710*).

## Óshlíð

– **Kálfadalur:** ...Í Óslandi undir Óshlíð milli Óss og Hnífsdals heitir Kálfadalur. Þar er verstaða, og standa nú 6 búðir, en ein, hin 7unda er nýlega af grjóthruni aftekin. Ekki er nú plássið stærra en upp verði sett 8 skip og þó er plássið ærið þröngt til verganga fyrir þau. Hætt er hér bæði skipum og búðum fyrir grjóthruni úr hliðinni og



hefur nokkrum sinnum skaði af orðið. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vidalíns, Bolungarvíkurhreppur 1710*).

– **Seljadalur:** ...Heitir (aðrir kalla Hömludal) í Hnífsdalslandi undir Óshlíð, þar eru tvönn skipsuppsátur, kallast annað Rómur, en annað Selvör. Í Rómnum eru 3 vermannabúðir, aðrar 3 eru af grjóti afteknar. Í Selvör 2. Vermenn sem þessar búðir brúka gefa landdrottinni sömuleiðis venjuligan toll. Í Rómnum er háski fyrir búðirnar sökum grjóthruns úr fjalli. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vidalíns, Skutulsfjörður 1710*).

– **Seljadalur:** ...Talsverð skriðuhætta er þar (Seljadalur) á vorin, og eitt sinn henti það (ca. 1910), að steinn féll úr fjallinu og niður í gegnum þakið á verbúð þeirri er skipshöfn sú, er Sigurður tilheyrði, hafði aðsetur sitt í. Í þetta skipti var búðin mannlau. Þegar hún var byggð upp aftur var steinninn hafður undir beitingarborðið (*Þorsteinn Matthíasson, Svipmynd gamallar sögu, Strandapósturinn, 1967*).

– **Óshlíð:** ...Annar vegur liggur út með sjó úr Hnífsdal til Bolungarvíkur. Þar er alfaravegur, en illfært gangandi manni, og hættulegur á vetrum fyrir snjóflóðum og grjótkasti ofan úr hlíðinni. ...Þjóðólfur varð að kletti og valt fram í sjóinn og lenti á klöpp, sem upp úr stóð. Sá klettur er jafnan alþakinn af fuglum og stóð þar þangað til 1836 um haustið. Hvarf hann þá í logni og ládeyðu eina nótt. Svo enginn vissi, hvað af varð (grjóthrun?) (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Eyrar- og Hólssókn, um 1840*).

– **Óshlíð:** ...Hlíðin frá Seljadal og inn Hnífsdal þótti löngum erfið yfirferðar, brattar skriður, sem urðu flughálar á vetrum, og stöðug hætta á grjóthruni og snjóflóði (*Jón Þ. Þór, Saga Ísafjarðar og Eyrarhrepps hins forna, I. bindi, 1984*).

– **Óshlíð:** ...Þá er Sporhamarsleiti, en þar er mjög hætt við steinkasti, sem kunnugt er. (*Páll Pálsson, Hnífsdal, Um Örnefni á Eyrarhlíð og Óshlíð, Ársrit Sögufélags Ísfirðinga, 1986*).

– **Óshlíð:** ...Aðal landleiðin til Bolungarvíkur lá með sjónum út frá Hnífsdal og var hin glæfralegasta með köflum. Björg eru við sjóinn, snarbrött og há skriða upp af þeim og gínandi há björg fyrir ofan. ...Þarna um miðja skriðuna lá vegurinn, einstigi mjótt og illt yfirferðar, og allt af viðbúið grjóthruni úr fjallinu eða skriðum, einkum í leysingum. En nú á að gera þarna bílveg, hvernig sem það gengur. ...Að vísu sé meiri hætta á að skriðuföll skemmi veginn til Bolungarvíkur og hann þurfti því meira viðhald (*Árni Óla, Landið er fagurt og frítt, 1944*).

– **Óshlíð:** ...Fleiri slys hafa orðið á þessum slóðum vegna ofanfalla, þó að eigi séu hér talin. Skriðuföll eru tíð á hlíðinni á vori og hausti, þótt eigi hafi slysum valdið í ríku mæli (*Árbók FÍ, 1949*).

## Hnífsdalur

– **Búð:** ...hjáleiga Hnífsdal. ...Tún hjáleigunnar er spillt af skriðu. Engjarnar eru af skriðum til helminga fordjarfaðar. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vidalíns, Skutulsfjörður 1710*).

– **Hnífsdalur neðri:** ...Túninu hefur skriða spillt fyrrum, er og hætt að oftar falli. Engjunum spilla skriður stórum árlega og hafa þriðjung þeirra burttekið. Hagar jarðarinnar eru stórlega af skriðum skemmdir. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Skutulsfjörður 1710*).

– **Hraun:** ...Túninu hefur skriða spillt fyrir nokkrum árum. Á engjarnar hefur og skriða fallið og þeim spillt. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Skutulsfjörður 1710*).

– **Fremri–Hnífsdalur:** ...Hætt er hér útigangspeningi fyrir snjóskiðum á vetur. Grjótskiður hafa engjunum spillt. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Skutulsfjörður 1710*).

– **Augnavellir:** ...þar upp frá voru Augnavellir, en skriða tók af bæinn allan og túnið (rétt snjóflóð 1818) (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Eyrar- og Hólssókn, um 1840*).

## Skutulsfjörður

– **Eyrarfjall:** ...Fjallið fyrir ofan Skutulsfjarðareyri heitir einu nafni Eyrarfjall. Hlíð þess er brött og skriðurunnin hið efra, en grasi vaxin neðan til. Hún heitir Bæjarhlíð, og er nafnið dregið af bænum Eyri, en ekki af Ísafjarðarkaupstað. Úr henni eru skriðuföll og snjóflóð tíð og hafa valdið mannsköðum og miklu eignatjóni. Upp af eyrinni eru tvær miklar skriður í fjallinu, en eru nú báðar orðnar allnokkuð góðar (*Jón Þ. Þór, Saga Ísafjarðar og Eyrarhrepps hins forna, I. bindi, 1984*).

– **Eyri:** ...Engjar hafa spillst af skriðum og grjóthruni og fyrir því eyðilagðar til þriðjunga. Úthagar eru og mjög víða í hrjóstur komnir fyrir skriðum og grjóthruni. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Skutulsfjörður 1710*).

– **Seljaland:** ...Túnið hefur spillst af Seljalandsá sem borið hefur á það grjót og gjört sér gegnum það farveg. Engjar hafa spillst stórlega af skriðum, sem að ennú áeykst árlega meir og meir. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Skutulsfjörður 1710*).

– **Hafrafell:** ...Hætt er kvikfé fyrir afætudýjum og svo fyrir grjóthruni og skriðum úr fjalli. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Skutulsfjörður 1710*).

– **Engidalur:** ...Túnið hefur spillst af vatni, sem hlaupið hefur undir völinn og spýtt upp stórum jarðstykkjum. Engjar spillast af jarðföllum og skriðum og Engidalsá, sem ber á þær grjót og sand. Hætt er bænum fyrir skriðufalli þó hefur það ekki hingað til mein gjört. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Skutulsfjörður 1710*).

– **Fossar:** ...Túninu hefur Fossá stórlega spillt með grjótsáburði. Enginu grandar gróthrun og skriður úr brattlendi. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Skutulsfjörður 1710*).

– **Kirkjuból:** ...Túnið spillist af skriðum til stórskaða. Engjarnar hafa spillst af skriðum í sama máta, og eyðilagt af þeim hér um þriðja partinn. Hætt er kvikfénaði fyrir snjóflóðum og sjávarflæðum á vetur þegar að fjörðinn ísar. Ekki er bænum óhætt fyrir snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Skutulsfjörður 1710*).

– **Kirkjubólshlíð:** ...Fyrrum reis grettistak mikið upp á endann, nálega á fremstu brúninni í botninum á Naustahviltf. Fóru ýmsir, þangað upp að skoða bjargið og klöppuðu sumir nöfnin sín á slétta framhlíð þess. ...Nú er eigi lengur hægt að sjá, hverjir þetta hafa verið, því fyrir 12 til 15 árum (1934–1937), kom mikil grjót- og aurskriða niður í hvilftina, sem olli því, að bjargið lagðist á hliðina og snúa nú nöfnin niður (*Árbók FÍ, 1949*).

– **Seljabrekka:** ...Túnið var lítið, nú að mestu eyðilagt vegna skriðufalls. Engið er eyðilagt fyrir skriðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Skutulsfjörður 1710*).

– **Seljabrekkur:** ...Utar með firðinum þeim megin, gegnt Eyraroddanum voru Seljabrekkur. Sá bær lagðist í eyði af skriðum (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins, Eyrar- og Hólssókn, um 1840*).

– **Seljabrekka:** ...Utan við Kirkjubæ var áður bær, Seljabrekka. Hann tók af á 18-19. öld vegna skriðufalla (*Örnefnastofnun Íslands, Örnefnaskrá Skutulsfjarðar, 1978*).

– **Fremri–Arnardalur:** ...Engjarnar hafa spillst stórlega af grjótsáburði úr Arnardalsá, svo og af smáskriðum úr brattlendi. Hætt er bænum fyrir snjóflóðum og hefur þetta snjóflóð fyrir 9 árum tekið 3 bæjarhúsið þó grandaði ei fólkinu. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Skutulsfjörður 1710*).

– **Neðri–Arnardalur, Ytrihús, Fremrihús:** ...Engjar hafa mjög fordjarfast af skriðum og Arnardalsá með landbroti og grjóts og sands áburði. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Skutulsfjörður 1710*).

## Álftafjörður

– **Súðavíkurhlíð:** ...Hlíðin þaðan (mynni Álftafjarðar) að Súðavík er mjög há og graslítill af lausagrjótshruna (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Ögurbingsprestakall og Eyrarsókn, 1854*).

– **Súðavíkurhlíð:** ...Hlíðin er mjög sundurgráfin giljum og farvegum eftir vatn, sem steypist þar niður í vorleysingum og haustrigningum, berandi með sér aur og grjót (*Árbók FÍ, 1949*).

– **Súðavíkurhlíð:** ...Við fórum yfir Arnardal, yfir Arnardalsháls í Álftafjörð. Er þar fremur slæmur vegur með hlíðinni (Súðavíkurhlíð), töluvert hefir verið gert við hann, en óðar hrapa skriður aftur í götuna (*Þorvaldur Thoroddsen, Ferðasögur frá Vestfjörðum sumarið 1887, Ferðabók II, 2. útg. 1958–60*).

– **Súðavík:** ...Túninu grandar vatnságangur, sem étur úr rótina. Enginu granda smálækir og aurskriður úr snarbröttu fjalli sem bera á slægjulandið leir og grjót til stórskaða og eyðileggingar. Hætt er kvikfé fyrir snjóflóðum og sjávarflæðum undir mósköflum á vetur og hefur oft að þessu stór skaði að orðið. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Eyrarsókn 1710*).

– **Tröð, Saurar:** ...hjáleigur. ...Kostir og ókostir sem áður segir um heimajörðina (Súðavík). (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Eyrarsókn 1710*).

– **Hlíð:** ...Engjar spillast af skriðum úr brattlendi. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Eyrarsókn 1710*).

– **Dvergasteinn:** ...Engjar spillast af skriðum úr brattlendi. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Eyrarsókn 1710*).

– **Svarthamar:** ...Túninu grandar skriður úr brattlendi. Enginu grandar í sama máta skriður úr brattlendi, sem áeykst árlega. Ekki þykir mönnum öldungis óhætt bænum fyrir skriðufalli, þó hefur það hingað til ekki að meini orðið. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Eyrarsókn 1710*).

– **Svarfhóll:** ...Túninu grandar skriður úr brattlendi. Enginu í sama máta til stórskaða og eyðileggingar. Hætt er kvikfé fyrir snjóflóðum, sé ei með góðri gætni við varðað. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Eyrarsókn 1710*).

– **Svarfhólshús:** ...Byggð við heimatúnið hér um fyrir 30 árum og er talið ic úr heimajörðunni. Þetta býli er áður talið með allri jörðunni, bæði til skulda og heyskapar. ...Ekki er þessum bæjarhúsum óhætt fyrir skriðufalli úr brattlendi, þó hefur það hingað til ekki að stórmeini orðið. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Eyrarsókn 1710*).

– **Seljaland:** ...Engjatak á jörðinni í Svarthamarslandi í takmörkuðu plássi, það hefur brúkast átölulaust, en í haust eð var féll skriða yfir þennan engjapart, svo hann er nú fyrir því allur óslægur (1709). (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Eyrarsókn 1710*).

– **Hattardalir, Hestfjörður í Hestfirði:** ... (1695) Var vetrarfar víðast um allt Ísland mjög gott með snjóleysum og góðri veðuráttu upp á landið, en þó með stórfrostum á milli, svo fjörðu víða lagði, en fiskirí hindraðist og neysluvötn víðast heimantóku, mönnum og fénaði til бага. Einninn kom hafís fyrir allt Norður- og Vesturland og inn á firði um þorra og lá þar fram að sumri, ... Þessa ísa fraus svo saman, að ríða mátti nes af nesi yfir allar fjörður, einninn yfir flóann milli Flateyjar og meginlandsins, og langt þar út eftir, svo menn í mannaminnum mundu ei því lík ísalög, og ei af sér eldri mönnum heyrt hefðu, af hverjum stórfrostum jörðin víða í sundur sprakk með stórsprungum svo sem gjár, hverjar dökk og vatn í sig drukku, nær daggir og votviðri um sumarið og haustið oft á dundu, því haustið varð mjög votviðrasamt með miklum hriðum, hvar ofan á um veturnætur og fram yfir allraheilagramessu komu frostleysu drifsnjóar, svo allt upp fyllti; þar ofan í komu stóreflisvatnshríðar, hverjar fram hleyptu mörgum og miklum skriðum víða um landið í brattlendi og hlíðum með skógum og landi í stórspildum í sjó ofan, svo margar jarðir hér í sýslu, sem og víðar, misstu mikið land, bæði af tünnum, engjum, skógum og beititeigum, á meðal hverra

var: Hattardalur báðir í Álftafirði, kóngsjarðir, Hestfjörður og aðrar fleiri. Í Önundarfirði: Hestur, Tunga, Kirkjuból, Eyri hvar tún mestallt af tók, Veðrarár báðar. Í Dýrafirði: Hvammur og Hjarðardalur stóri, hvar tún öll að mestu aftók með öllum engjum, svo sú jörð fæst nú ei byggð. - Þessa árs sumar var þurrt og graslítið, því ei spratt sökum klaka, sem í jörðunni var, því ei var meir þétt en alin, 3 kvartil og hálf alin niður frá grasrót ofan að klaka um haustið snemma, þá lík grafín voru í kirkjugarð, og ei varð harðatorf (mór) til eldiviðar í torfgröfum skorið það sumar, sökum klaka (*Eyrarannáll*).

– **Meiri–Hattardalur:** ...Engjarnar eru mikinn part eyðilagðar fyrir skriðum og jarðföllum úr snarbröttu fjalli, sem áeykst árlega.. (Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Eyrarsókn 1710).

– **Hattardalshús:** ...Engjarnar eru mikinn part eyðilagðar fyrir skriðum og jarðföllum úr snarbröttu fjalli, sem áeykst árlega.. (Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Eyrarsókn 1710).

– **Sjötúnahlíð:** ...Mælt er að Sjötúnahlíð heiti svo vegna þess að fyrrum hafi verið þar sjö býli (nú eru öll þessi býli í eyði, aðeins tvö í byggð skv. manntali 1703) ...Krummastaðir, þar er nú allt ein grjót- og aurskriða og gjá upp af í fjallinu, er nefnist Krummastaðagjá. Sagt er, að bærinn hafi farist af skriðuhlaupi úr gjánni (*Árbók FÍ, 1949*).

– **Kamsnes:** ...Túninu grandar mól og leir, sem rennur á það úr brattlendi. Enginu granda skriður og smálækir, sem bera aur og sand. Hætt er kvikfé fyrir grjóthruni og snjóflóði. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Eyrarsókn 1710*).

## Seyðisfjörður

– **Traðir:** ...Hjáleiga frá Eyri. Kostir og ókostir sem áður segir um heimastaðinn (Eyri) (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Eyrarsókn 1710*).

– **Eyri:** ...Engjar spillast stórlega af skriðum og grjóthruni úr snarbröttu fjalli og gjörir hvorttveggja merkilegan skaða. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Eyrarsókn 1710*).

– **Uppsalir:** ...Engjar spillast stórlega af vatni og aur í leysingum á vor úr brattlendi (skriður), og yfirgangi búfjár staðarins og sjálfrar jarðarinnar. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Eyrarsókn 1710*).

## Hestfjörður

– **Hestur:** ...Túninu grandar sjávangangur með grjóts og sands áburði að neðan, en af aur og sandi að ofan, hvorutveggja til stórskaða. Enginu grandar aur, sem rennur á það úr brattlendi. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Eyrarsókn 1710*).

– **Hestfjörður:** ...Túninu granda skriður úr brattlendi. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Eyrarsókn 1710*).

## Skötufjörður

- **Hvítanes:** ...Engjar eru að kalla eyðilagðar, sumpart fyrir skriðum og sumsstaðar blæs slægjulandið í grasleysu, mosa, svo það er nú varla til útheyja að tekju. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ögursveit 1710*).
- **Eyri:** ...Túninu grandar grjótsuppgangur, sem áeykst árlega. Enginu grandar og grjótsuppgangur sumsstaðar, sumsstaðar grjóthrun, sumsstaðar vatn, sem étur úr rótina. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ögursveit 1710*).
- **Kleifar:** ...Hætt er kvikfé fyrir skriðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ögursveit 1710*).
- **Borg:** ...Enginu granda skriður úr brattlendi til stórskaða. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ögursveit 1710*).
- **Kálfavík:** ...Enginu grandar grjóthrun og skriður úr brattlendi til stórskaða. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ögursveit 1710*).
- **Hjallar:** ...Munnmæli eru að hér hafi að fornu bænhús verið, og er hér ein tóft við bæinn utantil, sem kölluð er kirkjutóft og einn stór steinn hjá, sem kallast kirkjusteinn, sem sömu munnmæli segja að hrpað hafi úr fjalli og brotið þetta bænhús. ...Engjunum grandar grjóthrun. Hætt er kvikfé fyrir snjóflóðum og svo fyrir sjávarflæðum, sé ei með góðri gætni við varðað. Ekki þykir mönnum bænum óhætt fyrir snjóflóðum og skriðum, en þó hefur ei mein að því orðið til þessa, hvorki á húsum né túni. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ögursveit 1710*).

## Laugardalur

- **Laugaból:** Túninu grandar grjótsuppgangur og vatn, sem ber aur og möl úr brattlendi í vatnavöxtum. Engið spillist sumsstaðar af aur og sandi úr brattlendi. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ögursveit 1710*).

## Mjóifjörður

- **Heydalur:** ...Tóftarústir eru einar fyrir innan Heydalsgil, sem að ekkert visst nafn hafa, en munnmæli segja að Heydalsbær hafi að fornu staðið og hafi þaðan fyrir Heydalsgils ágangi fluttur verið á þær fornu tóftarústir er áður umgetur að bærinn í Heydal staðið hafi áður en hann var fluttur. Þetta pláss er nú allt eyðilaggt og í skriðu komið í kringum tóftarústirnar og má því ekki aftur byggja. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Vatnsfjarðarsveit 1710*).
- **Botn:** ...Enginu grandar skriður úr brattlendi til stórskaða og sumsstaðar vex víðir og fjalldrapi og skógur, sem og svo spillir slægjunni. Hætt er kvikfé fyrir snjóflóðum og að krpa á vetur úr snarbrattri hlið og klettum þegar að svell og harðfenni leggur í fjallið. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Vatnsfjarðarsveit 1710*).

## Ísafjörður

– **Arnarstapahlíð:** ...Vestan fjarðarins heitir Arnarstapahlíð. ...Arnarstapahlíð er nú mjög eydd af skriðum, en var áður grösug mjög. (*Arngr. Fr. Bjarnason, Vestfirskar sagnir III, 1946*).

– **Gervidalur:** ... (1666) Á þessu ári kom upp ein hafreyður undan ís í Gervidal í Ísafirði. Ítem féll þar ein mikil skriða, og tók stóran part af túninu (*Vatnsfjarðarannáll yngsti*). ... (1666) Á þessu ári kom upp hafreyður úr ís í Gervidal, en sama ár þar fyrir féll þar mikil skriða og tók stóran part af túninu (*Eyrarannáll*).

– **Gervidalur:** ...Túninu granda skriður og snjóflóð í vatnagangi á vetur og hefur þessi skriða mikinn part túnsins eyðilagt, er og bænum ekki óhætt fyrir þessum voveiflegum skaða, þó hingað til hafi ekki stór skaði að orðið. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Langadalsströnd 1710*).

## Langidalur

– **Langidalur:** ...Enginu grandar skriður af smálækjum úr brattlendi með grjóts og sands áburði til stórskaða. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Langadalsströnd 1710*).

– **Skeggjastaðir:** ...hér um fyrir hundrað árum (1610) er það sannsagt að hér hafi tún verið og heyjum saman komið um sumur, og hafi bóndinn hér heima látið gefa þar heyin á veturnar, svo túnið héldist við ræktina. Ekki má hér aftur byggja því túnið er allt komið í hola urð fyrir grjótburði þeim, sem eitt þvergil hefur borið á það úr snarbröttu fjalli. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Langadalsströnd 1710*).

– **Skeggjastaðir:** ...Skeggjastaðir fóru í eyði 1707, eyddist af skriðuhlaupum (*Ólafur Olavíus, Ferðabók 1775–1777*).

– **Skeggjastaðir:** ...Fyrir framan Flóðin var býlið Skeggjastaðir, sem nú er löngu farið í auðn. Fyrir framan og ofan Skeggjastaði hét Skeggjastaðahlíð. Bærinn Skeggjastaðir lagðist af með þeim hætti, að gil, sem rann rétt hjá bænum, stíflaðist af snjó, uppi á fjallinu. Stífluna braut lækurinn af sér með því að brjóta nýtt skarð í hjallann ofan við Skeggjastaði, og braut sér þar nýjan farveg. Bar lækurinn svo mikinn aur og grjót yfir túni á Skeggjastöðum, að það mátti heita í auðn. Einnig mun nokkuð af bæjarhúsunum þar hafa tekið af í þessum umbrotum (*Arngr. Fr. Bjarnason, Vestfirskar sagnir III, 1946*).

## Langadalsströnd

– **Melgraseyri:** ...Engjar öngvar nema á Hraundal, sem er óbærilega erfitt til að sækja, svo ekki verður farið nema til og frá á sama degi. Spillast og þessar fjallslægjur af smáskriðum og snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Langadalsströnd 1710*).

– **Skjaldfönn:** ...Engjar eru stórlega skemmdar af skriðum, sem falla úr bratti og vatni sem étur úr rótina. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Langadalsströnd 1710*).

## **Snæfjallaströnd**

– **Snæfjallaströnd (alm.):** ...Engir muna hér, að fjallskriður og snjóflóð hafi stórum skemmt land og gjört skóga– en einkum engja–nám (þýðir líklega að skriður hafi skemmt engi) (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Snæfjallaströnd, 1839*).

– **Lónseyri í Kaldalóni:** ...Enginu granda skriður úr brattlendi og sumpart Mórilla (áin) með sands áburði og er að því stór árskipti, því stundum er engið gott en þess í milli, þá skaðinn tilfellur, mjög gagnslítið. Hætt er kvikfé fyrir sjávarflæðum og svo fyrir snjóflóðum, sem oft verður mein af. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Snæfjallaströnd 1710*).

– **Lónseyri:** ...Af snjó– og fjallskriðum hefur þar land skemmdum mætt, en einkum gjörir sjórinn túninu skaða, sem brýtur það upp árlega, og mun vart helmingur þess við það áður var, eftir orðinn (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Snæfjallaströnd, 1839*).

– **Tyrðilmýri:** ...Enginu grandar stór fannlög og vatn þar undan, sem áður segir um Unaðsdal svo og hlaupa aurskriður úr fjalli í þetta slægjuland. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Snæfjallaströnd 1710*).

– **Æðey:** ...Engjar liggja allar á meginlandi og verður heyi á skipi til að flytja, fulla hálfviku sjávar þar sem lengst er til að sækja. Sumsstaðar er nokkuð skemmra og spillist þó þetta engi mjög af smáskriðum, snjóflóðum (og vatni) sem étur úr rótina. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Snæfjallaströnd 1710*).

– **Garður:** ...Mælt er, að þar (innst á Eyjahlíð) hafi í fornöld bær staðið, sem Garður hét, og þar kirkja verið, en eyðilagst sökum snjóflóða og grjóthruns úr þeim háu hengiklettum, sem fyrir ofan eru (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Snæfjallaströnd, 1839*).

– **Skarð:** ...Undan hyrnu þessari hlaupa stundum snjóflóð, og hafa þau eytt Skarðsbæ, svo nú er hann á öðrum stað en áður. ...Mikil veðrajörð er Skarð þetta, og mjög hefur land þess skaða liðið af snjóskriðum og grjóthruni úr klettum (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Snæfjallaströnd, 1839*).

– **Snæfjöll:** ...Enginu granda skriður úr brattlendi með snjóflóðum, hvoru tveggja til stórskaða. Hætt er kvikfé fyrir ofviðrum, snjóflóðum og nokkuð fyrir sjávarföllum, hefur oft merkilegur skaði að því orðið og svo manntjón einu sinni. (Gullhús–hjáleiga. Kostir og ókostir samir með heimajörðinni). (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Snæfjallaströnd 1710*).

– **Snæfjöll:** ...er á sumardag góð undir bú, hefur og verið allgóð til slægna og beitar, en er nú mjög af sér gengin með hvorutveggja skriðuföllum og vetrarnauð (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Snæfjallaströnd, 1839*).



– **Bjarnanúpur:** ...Hellar eru hér engir. Að sönnu er hér talað um Bjarnahelli í Bjarnanúpi. Hann hefi ég ekki getað fundið, hafi hann verið til, mun hrúnið fyrir op hans (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Snæfjallaströnd, 1839*).

– **Vébjarnarnúpur (Bjarnanúpur):** ...Milli Snæfjallastrandar og Grunnavíkur má fara með sjó fram, undir himingnæfandi hamrahlíðum Vébjarnarnúps. Kallast það að fara út fyrir Núp. Er það sérleg hættuleið á vetrardegi vegna snjóflóð. Einnig er hættu af steinkasti, þó að á öðrum árstíma sé (*Árbók FÍ, 1949*).

– **Vébjarnarnúpur (Bjarnanúpur):** ...Hægt er að ganga með sjó fyrir Vébjarnarnúp frá Grunnavík alla leið til Snæfjallastrandar. Vébjarnarnúpur, í daglegu tali nefndur Bjarnanúpur eða aðeins Núpurinn. Núpurinn, er í raun um 400 m hátt þverhnipt bjarg í fjöru á um þriggja km kafla. Stórgrýtisfjara er víða undir Núpnum og afar hætt við grjóthruni úr bjarginu (*Árbók Útivistar, 1999–2000*).

## Jökulfirðir

– **Kerlingarstaðir í Grunnavík:** ...Enginu grandar skriður úr brattlendi og vatnsgangur, sem gjörir grasleysu forræði víða í enginu. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Grunnavíkursveit 1710*).

– **Kjós í Leirufirði:** ...Enginu grandar snjóflóð og skriður úr snarbröttu fjalli til stórskaða. Hætt er kvikfé fyrir snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Grunnavíkursveit 1710*).

– **Ljótastaðir í Leirufirði:** ...Fornt eyðiból eftir því sem menn meina og sýnilegt er af tóftarústum, en enginn veit með fullri vissu að segja að hér hafi byggð verið, en takmark þetta og tóftir liggja í Kjósarlandi og brúkaðist þaðan til beitars meðan byggt var. Þessi bygging meinast að eyðilagst hafi fyrir skriðum og snjóflóðum og má því ekki aftur byggja. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Grunnavíkursveit 1710*).

– **Kvjar í Lónafirði:** ...Engjar spillast stórlega af skriðum og stórum fannlögum, sem liggja á stundum allt sumarið fram að hausti, og kaldvatn undan þessum fönnum, sem étur úr rótina, allt þetta til merkilegs skaða. ...Hætt er kvikfé fyrir snjóflóðum og sjávarflæðum undir stórfönnum sem liggja við sjóinn og sjór gengur upp undir og tekur féð, þá það rennur í fjöruna. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Grunnavíkursveit 1710*).

– **Steig í Veidileysufirði:** ...Enginu granda skriður og snjóvatn sem étur úr rótina og engjavegurinn langur og torsóttur í Karlstaðaland (eyðiból) og er þaðan flutt heidi jafnan á skipi. Hætt er kvikfé fyrir sjávarflæðum og snjóflóðum, sem áður segir um Kvjar. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Grunnavíkursveit 1710*).

– **Steig:** ...Mjög engjalítill og hættuleg af skriðum og snjóflóðum (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Grunnavíkursókn, 1840*).

– **Langeyri:** ...Nokkru innar en í miðjum firði gengur alllöng og breið eyri út frá suðausturströnd hans, heitir hún Langeyri. ...Ekki gat ég þó fundið tóttirnar, en ef til vill var það að kenna sótpöku, sem ekkert sást fyrir þar á staðnum, nema grjóthrúgur, sem hrúnið höfðu úr fjallinu og sýndu, að ekki hefur verið allt of tryggt að búa þar á eyrinni. ...allra síst á veturnum eða í stórrigningum, nema húsin stæðu alveg við sjóinn. ...en hins vegar skriðuhættara á Langeyri en Skipeyri (*Ólafur Olavius, Ferðabók 1775–1777*).

– **Steinólfsstaðir í Veiðileysufirði:** ...Enginu grandar skriður og snjóvatn, sem étur úr rótina. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Grunnavíkursveit 1710*).

– **Marðareyri í Veiðileysufirði:** ...Túnið spillist af grjóthruni. Engjar öngvar teljandi nema lítið hvað hent er úr úthögum. Hætt er kvikfé merkilega fyrir skriðum og snjóflóðum, og hefur einn maður í manna minni dáið í þessum háska og 4 áður að sagt er, sem gengið hafa að kvikfé hvor um sig, og hefur þar með oft stórkaði að orðið á kvikfénu. Hætt er bænum stórlega fyrir snjóflóðum og hafa þau stundum á bæinn og allt í kringum hann hlaupið, en þó ekki hingað til hús tekið eður mönnum að bana orðið. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Grunnavíkursveit 1710*).

– **Marðareyri:** ...Engjalaus með nokkrum útigangi og hættulegum skriðuföllum og snjóflóðum, þar fjallið er mjög hátt og bratt (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Grunnavíkursókn, 1840*).

– **Slétta í Jökulfjörðum** ...Túninu spillir sandfok árlega og enginu í sama máta, einnig grandar enginu skriður úr brattlendi og kaldavatn, sem étur úr rótina. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Aðalvíkursveit 1710*).

– **Ritur:** ...Utan Rituskarðs er svo Ritur, ysti útvörður Ísafjarðardjúps að norðan. Riturinn er formfagurt fjall og töluvert fuglabjarg. Fremst í honum að vestan er skriða og mikið blautt klettahvolf uppi yfir. Þarna nefnist Fall og má fá töluvert af eggjum á vorin í skriðunni og bergnefjum sitt hvoru megin við hana. En fara verður að öllu með gát vegna hættu á ofanhruni (*Árbók Útivistar, 1999–2000*).

## Aðalvík

– **Skáladalur:** ...Engjar eru að kalla eyðilagðar fyrir skriðum og stórum fannlögum og kaldavatni sem étið hefur úr rótina. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Aðalvíkursveit 1710*).

– **Skáladalur:** ...Þegar komið er utan frá Skáladal verður að klóra sig upp klett, um bandleið ferðamönnum til hægðarauka. Fram á síðustu ár var góð gata niður í fjöruna innan við klettinn, en nú hefur hún skemmst vegna jarðhruns. Í fremri klettinn var áður gat, en úr er bríkin yfir gatinu hrunin og hluti af klettinum hefir borist upp að efri klettinum og hefir því grynnað mjög fyrir framan hann (*Árbók FÍ, 1994*).

– **Sæból:** ...Enginu granda skriður úr brattlendi. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Aðalvíkursveit 1710*).

– **Gíslastaðir:** ...undir Lækjafjalli, hér um mitt á milli Lækjar og Sæbóls, munu hafa lagst niður vegna árennslis og nábylis. Nú eru þeir taldir með Sæbólslandi. ...nokkrar aldir munu síðan jörðin lagðist í eyði (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Staðarsókn, 1848*).

– **Staður:** ...Enginu granda jarðföll og lækir úr brattlendi, sem bera leir og grjót í slægjulandið (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Aðalvíkursveit 1710*).

– **Lækur:** ...Hjáleiga, kostir og óskostir sem og heimajörðin (Staður). (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Aðalvíkursveit 1710*).

– **Húsatún:** ...hjáleiga í heimalandi á Látrum, lagðist niður á 17. öld, líklega vegna árennslis á túnið (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Staðarsókn, 1848*).

– **Þverdalur:** ...Hreppamannaflutningur bæði langur erfiður og seinfær, sé fluttur sá vegur sem með hesta er fær kallaður, annars er á milli bæjanna annar vegur skemmri, og er hann heldur ófær en fær kallaður, því þar er farið með handvað fertugt bjarg upp og ofan, og er þetta hin mesta mannhætta bæði fyrir snjóflóðum og grjóthruni, og hafa því stundum menn slasast. Þessi torfæra heitir Hyrningsgata. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Aðalvíkursveit 1710*).

– **Þverdalur:** ...dalurinn gengur af sér af skriðum (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Staðarsókn, 1848*).

– **Hvarfnúpur:** ...Norðan við Hvarfnúp eru skriður stórar og illar yfirferðar til Miðvíkna. Skriðuföll eru þar tíð að vor- og haustlagi úr núpnum að norðan (*Árbók FÍ, 1949*).

– **Hvarfnúpur:** ...Hvarfsnúpur gengur sæbrattur fram milli Vestur–Aðalvíkur og Miðvíkna. ...Austurhlíð Núpsins er eitt samfellt bjarg, ofan í fjöru inn á Miðvíknasand og bið ég menn að dvelja ekki að óþörfu undir bjarginu, sökum hættu á steinkasti úr mörgum gilskorningum uppi í klettunum (*Árbók Útivistar, 1999–2000*).

– **Látrar:** ...Túninu grandar til stórskaða og eyðileggingar skriður úr brattlendi að ofan með vatni, sem étur úr rótina, og svo spillist túnið, svo að fyrir þessum skaða er eyðilagður þriðjungur vallarins, lítið meir eður minna. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Aðalvíkursveit 1710*).

– **Látrar:** ...Á Látrum er mjög skriðuhætt, og skemmdist túnið stórkostlega 1878 af skriðum (*Þorvaldur Thoroddsen, Ferðasögur frá Vestfjörðum sumarið 1887, Ferðabók II, 2. útg. 1958–60*).

## **Rekavík bak Látrum**

– **Rekavík bak Látrum:** ...Túnið er nær ekkert nema lítið í blautamýri. Enginu granda skriður úr brattlendi. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Aðalvíkursveit 1710*).

## Fljótavík

– **Tunga:** ...Enginu granda sandfok og lækir með skriðum úr brattlendi. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Aðalvíkursveit 1710*).

– **Kögur:** ...Austan að Fljótinu liggur Atlastaðahlíð og Kögur, brattur fjallaskragi. Austan undir Kögri, en ekki að vestan, er þrjár smávikur, Kagravík, Haugavík og Sandvík. ...Ekkert er frásagnarvert um Kagravík og Haugavík, sem eru mjög brimasamar, undirlendi nær ekkert og jarðvegur grýttur, en á Breiðhillu í Sandvík, sem heyrir undir Stað í Aðalvík, er surtarbrandur, sem stundum er tekinn þar, þegar lendandi er þar og þurrt í veðri. Annars er stórhættulegt að dveljast þar sakir þráláts grjóthrus (*Ólafur Olavius, Ferðabók 1775–1777*).

## Hlöðuvík

– **Hlöðuvík:** ...Fjallið Skálarkambur ...aðskilur Hlöðuvík og Hælavík, girðir á milli þeirra. ...Á fyrstu áratugum þessarar aldar voru götur ruddar í Skálabrekku og hlíðar kambins. Verkfærin voru auðvita skóflur og járnkarlar til að losa um stærstu steina og ryðja þeim úr vegi. Undir grassverði hlíðarinnar eru gamlar aurskriður, og þar reyndist fært að ryðja götu fyrir hestfætur. Hún var í löngum sneiðingum með mörgum beygjum (*Árbók FÍ, 1977*).

## Hornvík

– **Hornbjarg og Hælavíkurbjarg (alm.):** ...Í leysingu eða mikilli sólbráð þótti óvarlegt að fara undir bjarg eða jafnvel hinn mesti gapaskapur, væri leysing mikil. Oft var þó farið þótt nokkur leysing væri. Mátti þá búast við ofanfalli, bæði einstökum steinum og skriðum. Þess var þá gætt, að ganga sem næst berginu og hlífa sér þannig fyrir steinkasti, en þess var þó ekki kostur, nema meðan farið var milli skotstaða. Eins og áður er minnst á, var það oftast nauðsynlegt, að komast fram í fjöru til þess að fá hægari aðstöðu til miðunar á skotstaðina, en mjög var hætt við, að steinkast fylgdi fuglinum, þegar hann þyrptist fram við skotið. Var þá reynt að fá stóran stein í fjörunni til skjóls fyrir steinkastinu, því að allrar varúðar þurfti, enda því líkast að vera undir bjargi, þegar ofanfall var mikið, og vera á vígvelli. Þeir, sem sóttu að staðaldri undir björgin, lærðu að sínar varnir gegn steinkastinu, er urðu þeim með tímanum ósjálfráðar. Þeir voru fljótir að skynja fyrstu merki um ofanfall og eldfljótir að leita skjóls undir berginu eða stórum steinum fremst fram í flæðarmáli. Þeir gátu komist af, þótt allt í kringum þá væru eldglæringar frá brotnum steinum og steinflisar þytu í allar áttir eins og sprengjubrot í nútímahernaði. En hættan var alls staðar yfirvofandi. Komið gat það fyrir, að steinn kurlaðist fyrir fótum þess, sem var á gangi undir bjarginu, þegar hann átti þess síst von. Aðeins snöggt þyhljóð í lofti, og steinninn molaðist fyrir fótum hins gangandi manns, eitt fót mál milli lífs og dauða. Fyrir kom, að menn kæmu særðir úr þessum hildarleik, og jafnvel, að þeir segðu ekki frá tíðindum, fyndust fallnir á vígvellinum eða fyndust ekki, væru grafnir undir stórum skriðum, sem ómögulegt reyndist að ná þeim undan. En sjaldgæft mátti kalla að slys yrði, þótt djarflega væri sótt undir björgin. Þegar leysing og ofanfall var mikið, mátti eiga vís, að töluvert fyndist af döttum fugli, en svo var sá fugl nefndur, sem rotast

hafði af steinkasti eða misst flug og rotast í fallinu. Þegar fuglinn náðist, var hann oftast skemmdur af grjótkasti.

...Þegar festinni er bent til beggja hliða, má við því búast að hún bendist um steina í berginu, en þeir eru margir lausir og þurfa lítillar viðkomu til þess að hrynja. Fyglingurinn gefur því nákvæmar gætur, um leið og hann stekkur til, hvort nokkur steinn losni undan festinni. Sjái hann stein losna, stekkur hann eldsnöggt til hliðar, svo að hann fari fram hjá. Stundum sér hann ekki, þó að steinn losni. Hann heyrir þyt í lofti og lætur fallast inn að berginu, án þess að hyggja að hvaðan steinninn komi. Það getur kostað hann lífið að athuga um það. Þetta er ósjálfráð vörn vanins fyglinga, þegar enginn tími gefst til athugunar (*Þórleifur Bjarnason, Hornstrendingabók, 1943*).

– **Hælavíkurbjarg:** ...Hælavíkurbjarg er nálægt mílu á lengd, hátt og þverhnipt og næstum engin fjara undir því. ...fullt eins hættulegt og Hornbjarg sjálft, sakir þess hversu laust það er og grjótflog mikið, einkum í vætutíð (*Ólafur Olavius, Ferðabók 1775–1777*).

– **Hælavíkurbjarg:** ...Víða eru sig á því (bjarginu), en grjótið er mjög laust í því, einkum á brúninni, og er því hættu að síga, nema vandlega sé hreinsað (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Staðarsókn, 1848*).

– **Hælavíkurbjarg:** ...verður þetta oft svo mörgum hundruðum skiptir í hvert sinn, því í votviðrum losnar aur og grjót í björgunum og lemur fuglinn, bæði þann, sem í björgunum situr, og hinn, sem einlægt á víxl er á flugi hátt og lágt við bjargið, svo að sá fuglinn, sem ekki deyr þegar af skriðunum eða grjótkastinu missir þó flugið og deyr af fallinu eða lamast (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Staðarsókn, 1848*).

– **Hælavíkurbjarg:** ...Það var eitt sumar á túnslætti eftir 1870 (réttara um 1880). ...Undir miðju Hælavíkurbjargi gengur sker í sjó fram, og tekur bjargið þar austan meiri stefnu til suðausturs. Vestan skersins er djúpur vogur, allbreiður, og fellur þar sjór í berg, svo djúpur, að óvætt er þar yfir um. ...Strax og báturinn rann upp að skerinu, stukku þeir bræður upp, því að svo hafði ráðist, að þeir gengu bjargið, en þau feðgin, Ísleifur og Hjálmfríður, gættu bátsins. Er þeir bræður voru komnir upp á skerið, reru feðginin bátnum frá, en ekki voru þau komin meira en nokkur áratog út á voginn, er yfir skall grjóthrið allþétt. Bræðurnir komust óskemmdir út úr hrið þessari upp undir bergið, þar sem öruggt skjól var fyrir ofanfallinu. Grjóthriðin skall mest á skerinu og umhverfis bátinn, og var sem hann væri mitt í þéttustu drífunni. Þegar þau feðgin urðu ofanfallsins vör, vildu þau herða róðurinn og komast sem fyrst út úr hriðinni, en jafnskjótt féll steinn allstór niður með vanga Hjálmfríðar í hálsrúma og gegnum bátinn, svo að þegar féll inn kolblár sjór (allir komust þó lífs af) (*Þórleifur Bjarnason, Hornstrendingabók, 1943*).

– **Hælavíkurbjarg:** ...Niður af Festarskörðum er stór urð í sjó úti, úr klettabjörgum og stórgrýti, og kallast hún Heljarurð. Sú sögn er um hana, að eitt sinn, er menn voru í Festarskörðum, sá brúnafolk og svo fyglingar, að enskar duggur lágu þar út af bjarginu. Þegar verið var að draga upp seinustu fyglingana, sást að Englendingar settu út báta sína. Hélt síðan allt bjargfólkið niður í Hælavík, eins og vant var. Þegar það er að því komið að taka á sig náðir, heyrast ógurlegar drunur og brestir í bjarginu, eins og það sé allt að hrynja, svo að bærinn skelfur við. ... (skv. sögunni á Hallur á Horni

að hafa komið þessu hrúni af stað með göldrum og grafið undir því 18 Englendinga sem voru að ræna fugli í bjarginu) (*Árbók FÍ, 1949*).

– **Rekavík bak Höfn:** ...Engið spilltist af skriðum úr brattlendi. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Aðalvíkursveit 1710*).

– **Hornbjarg:** ...þar sem sjálft Hornbjarg er 1½ míla á lengd. Því síður geta þeir samtímis hagnýtt sér allan þann fugl, sem liggur í fjörunni undir bjarginu og rotast hefur af ofanfallinu eða grjóti því, sem hrynur úr bjarginu. Grjóthrun þetta er svo mikið, að menn verða að gæta sín við því, jafnvel þótt þeir séu í bát við ströndina (*Ólafur Olavius, Ferðabók 1775–1777*).

– **Hornbjarg:** ...verður þetta oft svo mörgum hundruðum skiptir í hvert sinn, því í votviðrum losnar aur og grjót í björgunum og lemur fuglinn, bæði þann, sem í björgunum situr, og hinn, sem einlægt á víxl er á flugi hátt og lágt við bjargið, svo að sá fuglinn, sem ekki deyr þegar af skriðunum eða grjótkastinu missir þó flugið og deyr af fallinu eða lamast (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Staðarsókn, 1848*).

– **Hornbjarg:** ...Það mun hafa verið á árunum kringum 1820 að fjórir bræður frá Atlastöðum í Fljóti, Þórður, Ólafur, Kári og Kjartan, voru eitt vor norður við Horn og hafa eflaust dvalið þar við eggjatöku og fuglveiðar. Bræður þessir voru allir milli tvítugs og þrítugs, synir Jóns Þorkelssonar, bónda á Atlastöðum. ...Þegar þeir bræður höfðu róið bátnum fram, urðu þeir þess varir, að fuglamergð mikil þyrptist fram úr bjarginu beint upp yfir þeim og varð þeim því litið upp í bjargið. Sáu þeir þá, að bergnef eitt mikið nær miðju bjargi sprakk fram beint yfir höfði þeirra bræðranna, sem í landi voru. Brátt skall grjóthrið í fjöru, en stærstu björgin féllu í sjó fram, ekki langt ofan báts þeirra, en skriðunni fylgdi reykur mikill, svo að bræður þeirra hurfu þeim sjónum, meðan eldglæringar og reykjarmökkur huldi fjöruna. Brátt dró úr þéttu grjótregni skriðunnar, og seinast féllu einstaka steinar á stangli. Þegar kyrrð var komin á, sáu þeir Þórður og Kári, að á allöngu svæði var fjaran hulin skriðu, sem náði í sjó fram og hafði hlaðist upp með berginu um nokkra faðma. ...Eftir nokkra leit um skriðuna fundu þeir Ólaf í útjaðri hennar. Lá hann þar limlestur og meðvitundarlaus, en þó með lífsmarki. ...Gröf Kjartans varð undir skriðunni, og eftir því sem Ólafur sagði frá, hvar þeir hefðu verið, þegar skriðan féll, hefur Kjartan lent í henni, þar sem hún var mest, og reyndi enginn til þess að velta þeim björgum í burtu sem huldu hann (*Þórleifur Bjarnason, Hornstrendingabók, 1943*).

– **Hornbjarg:** ...en 7 júlí 1846 fórst Elías Einarsson af steinkasti í bjarginu. ...Engar sagnir eru til um, hvernig slys þetta hefur orðið. ...Tími sá, er Elías fórst á, bendir til þess, að annað hvort hafi hann farist í fuglsigum eða undir bjarginu (*Þórleifur Bjarnason, Hornstrendingabók, 1943*).

– **Hornbjarg:** ...Á tímabilinu frá 1880 og fram yfir aldamót var mikið kapp lagt á að ná fugli vegna fiðurverslunarinnar. ...Gættu menn oft lítillar forsjár við bjargferðir sínar og fóru oft, þegar sjá mátti, að nær mundi ófært vegna ofanfalls, en þá var mest fengsvon. ...Á þessum árum fórust fjórir menn undir Hornbjargi við að ganga bjargið. Þeir voru: Jón Þorkelsson, bóndi á Seli í Bolungarvík á Hornströndum, Elías Guðmundsson, vinnumaður í Látravík, Plató Jakobsson úr Barðsvík og Guðmundur Einarsson frá Horni.

Jón Þorkelsson fórst niður undan svonefndu Gíslasmiðshöggi á Innstadal (um 1883). Var hann þar að tína saman dottinn fugl ásamt öðrum manni, Bæring Bæringssyni að nafni. Meðan þeir voru að tína fuglinn saman kom yfir þá skriða. Þegar Bæring varð hennar var, var hann staddur fremst í fjöru nálægt stórum stein og leitaði hann strax skjóls framan hans, meðan grjóthriðin lamdi fjöruna umhverfis hann, en aurrennsli mikið fyllt fjöruna og hlóðst upp með steininum, sem Bæring stóð undir. Rann skriðan beggja megin steinsins og hlóð upp að Bæring, svo að sagt er, að náð hafi honum í mitti og mjög að honum þjarmað. Þegar grjóthriðinni létti, átti Bæring erfitt mjög að ná sér upp úr aurleðjunni, ...en félagi hans Jón Þorkelsson, var með öllu horfinn.

...Elías Guðmundsson fórst undir Miðdal og hafði steinn komið í höfuð hans (milli 1880–1900). Fannst hann, þar sem hann hafði fallið fyrir sendingunni að ofan. Sagnir gengu um, að hann hefði deginum áður verið undir bjargi og hefði þá steinn nær hæft hann.

...Þeir Plató Jakobsson (fórst 1893) og Guðmundur Einarsson fórust báðir undir Miðdal, sinn í hvort skipti. Hafði steinn komið á þá og orðið þeim að band, en þeir fundust, þar sem þeir höfðu fallið. ...Guðmundur fórst 26 júní 1888 (*Þórleifur Bjarnason, Hornstrendingabók, 1943*).

– **Hornbjarg:** ...Sumar þetta, um messur, fórst sá maður undir Hornbjargi, er Jón hét Ólafsson, Miðfirðingur einn. ...En það varð með þeim hætti, að formaður hans lagði að bjarginu. Jón fór upp í fjöru og tók að tína saman fuglræfla. ...En nú hrundi úr bjarginu. Hljóp Jón þá undir stein og hugði að skýla sér, en það sáu félagar hans, að hann rauk úr af. Var hans þá vitja farið og hann örendur með öllu. Hafði steinn einn lítill kastast úr bjarginu á hattkoll hans, brotið gat á hausinn og numið staðar í heilanum. (Slys þetta varð 15 júní 1831. Jón átti þá heima í Ófeigsfirði). (*Gíslí Konráðsson, Strandamannabók, 1947*).

– **Hornbjarg:** ...Mest er eggja- og fuglatekja í bjarginu á Ystadal og Miðdal. Á Innstadal var sjaldan farið fyrrum, nema þá helst í fugl, en á seinni árum hefur einnig verið mikið sótt þangað fyrir egg. Er þar illt og langt uppgöngu og auk þess mjög hætt við grjóthruni. Svo er víðar í bjarginu og það í þeim mæli, að stundum fæst jafnmikið af fugli þeim, sem rotast af grjóthruni og fellur niður, eins og hinum, sem náð verður frá vað (*Árbók FÍ, 1949*).

– **Hornbjarg:** ...Fóstbræðra saga sú sem skráð var á kálfskinn í Flateyjarbók á 14. öld vitnar að hvanntekja hefir verið í björgum að fornu. „Það bar til um vorið eftir að þeir Þorgeir og Þormóður fóru norður á Strandir og allt norður til Horns. Og einn dag fóru þeir í bjarg að sækja sér hvannir og í einni tó, er síðan er kölluð Þorgeirstó, skáru þeir miklar hvannir; skyldi Þormóður þá upp bera, en Þorgeir varð eftir. Þá brast aurskriða undan fótum hans. Honum varð þá það fyrir að hann greip um einn hvannnjóla með grasinu og hélt þar niðri allt við rótina ella hefði hann ofan fallið. Þar var sextugt ofan á fjörugrjót (*Árbók FÍ, 1994*).

– **Hornbjarg:** ... (fjallað um gönguleið í Látravík) síðan er haldið sömu leið til baka austur í Almenningskarð og pokarnir axlaðir aftur. ...Austur úr Almenningskarði liggur hjalli milli bjargbrúnar og Dögunarfells. Um þennan hjalla sem nefnist Sigmundarhjalli liggur gatan. Þegar komið er af Sigmundarhjalla lækkar bjargbrúnin til austurs og er skýr gata meðfram bjargbrúninni í átt til Látravíkur. ...Tvær brekkur eru ofan í Látravík. Heitir sú vestari Stórabrekka, en sú austari Litlabrekka. Vestur úr

Stórubrekku, er hilla út í bjargið, sem hægt er að ganga eftir, en mikið er sigið úr þeirri hillu. Hún er grasi vaxin og nefnist Stórubrekkuhilla. Ekki er ferðamönnum ráðlagt að ganga vestur hilluna vegna hættu á ofanhruni (*Árbók Útivistar, 1999–2000*).

## Furufjörður

– **Furufjörður:** ...Það er lítil vík á nesinu milli Bolungarvíkur og Furufjarðar, en nesið nefnist Drangnes. ...Núpurinn uppi yfir nesinu nefnist Stekkjartrumba og er hömrum kringdur. Af nesinu liggur leiðin niður í fjöru og eftir henni undir Bolungarvíkurbjargi. Víða er fjaran stórgrýtt og hætta er á ofanhruni úr bjarginu, svo ekki er vert að telja á þessi leið (*Árbók Útivistar, 1999–2000*).

## Paralátursfjörður

– **Paralátursfjörður:** ...Ekki ætla menn að þessi eyðijörð muni aftur byggjast, því að slægjur eru mjög af sér gengnar fyrir skriðum og grjóti (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Grunnavíkursveit 1710*).

## Strandasýsla

### Árneshreppur

– **Árneshreppur (alm.):** ...Sú breyting hefur hér orðið á landslagi síðan á landnámstíð, að margar af fjallahlíðum þeim, sem þá voru grasivaxnar, eru nú tómar skriður. Undirlendi er hér víða lítið, en fjöllin há og klettótt mjög, og eyða fjallaskriður hér árlega engjum og góðum búfjárhögum. Þó hef ég oft furðað mig á því, hversu mikið gras hér er víða innan um kletta og skriður, og af því víða er votlent hér á láglendi hverfa skriðurnar, sem árlega falla á, furðanlega fljótt í jörðina, og kemur þar upp að fáum árum gott gras (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Árnessókn, 1852*).

– **Skjaldabjarnarvík:** ...Hestar og fé kann að detta úr fjalli, líka deyja af grjóthruni úr fjallinu. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Trékyllisvíkurhreppur 1706*).

– **Drangar:** ...Landið smáspillist af skriðum, sem úr fjöllunum renna. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Trékyllisvíkurhreppur 1706*).

– **Drangar:** ...Þarna (við bæinn Dranga í byrjun sept. 1754, hrun úr Bæjarfjalli) lentum við í stórmikilli hættu. Veður var bálhvasst með hellirigningu, og einkum blésu snöggir svípvindar með hlíðinni, þar sem bærinn stendur og við höfðum tjaldað. Vindar þessir ollu hruni úr fjallinu (Bæjarfjall), því þeir rifu steina úr hlíðinni. Fólkið sagði okkur frá, að stundum féllu stóreflisbjörg niður úr hlíðinni og fylgdi þeim mikið skriðuhrun. Rétt þegar verið var að segja frá þessu, heyrðust ægilegir skruðningar úr



fjallinu líkt og ótal fallbyssuskot. Fjallshlíðin var hulin reyk eða réttara sagt rykmekki, sem gaus upp af fallandi skriðum. Allir þustu út á bersvæði, og fólkið sem allan daginn hafði verið slegið skelfingu, sá að klettur hafði losnað úr hlíðinni. Fyrst í stað sást ekkert fyrir rykmekkinum, en af hljóðinu frá bjarghruninu heyrðum við, að það var mjög nærri. Gagnslaust var að flýja, því að enginn vissi, hvar öruggt bæli var að finna. Loks sást bjargið hendast fram úr þokumekkinum. Þær fáu skepnur, sem voru þar, og einkum hestar okkar, trylltust og hlupu fram og aftur. En til allrar hamingju rakst bjarg þetta í einu loftkasti á jarðfastan klett skammt fyrir ofan tjald okkar og brotnaði þar í mola (*Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar, 1752–57*).

– **Drangar:** ...og er það landgæða lítil jörð, og mjög slægna lítil, með því hún liggur undir áföllum af skriðum úr Drangafjalli og gengur hún heldur af sér (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Árnessókn, 1852*).

– **Drangavík:** ...árlega gengur jörðin heldur af sér af skriðuföllum (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Árnessókn, 1852*).

– **Engjanes** ...Engines (eyðibýli), kirkjujörð frá Stafholti. Eyddist af skriðu (*Ólafur Olavius, Ferðabók 1775–1777*).

– **Ingólfsfjörður:** ...Skriðuhætt er sumsstaðar. Skriður spilla landinu. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Trékyllisvíkurhreppur 1706*).

– **Eyri í Ingólfsfirði:** ...Engjar og hagar spillast nokkuð af skriðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Trékyllisvíkurhreppur 1706*).

– **Miðhús í Ingólfsfirði:** ...Miðhús í Ingólfsfirði. Fór í eyði 1750–59. Eyddist af skriðum og snjóflóðum. Byggileg, ef bær væri fluttur (*Ólafur Olavius, Ferðabók 1775–1777*).

– **Munaðarnes:** ...Engjar spillast af leir og grjóti. Snjóflóðahætt um vetur. Jörðin spillist jafnlega af skriðum og snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Trékyllisvíkurhreppur 1706*).

– **Munaðarnes:** ...en fremur er jörðin landlétt og gengur mjög af sér af skriðum og snjóflóðum, og tún er þar bæði lítið og slæmt (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Árnessókn, 1852*).

– **Munaðarnes, Eiðshús, Miðhús:** ...Í Munaðarneslandi hafa verið tveir bæir, sem nú eru í eyði nefnilega Eiðshús og Miðhús, og hafa bæir þessir staðið vestan við Munaðarnesbæinn langan veg, sunnanvert við Ingólfsfjarðarmynni. Menn segja, að jarðir þessar hefi lagst í eyði af snjóflóði, sem tekið hafi bæina af (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Árnessókn, 1852*).

– **Fell nyrðra:** ...Jörðin spillist víða af skriðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Trékyllisvíkurhreppur 1706*).

– **Fell:** ...jörðin gengur heldur af sér af skriðum (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Árnessókn, 1852*).

- **Krossnes í Norðurfirði:** ...Tún spillist mjög af sandfoki og kulda, líka kemur upp í því grjót. Engjar hafa spillst nokkuð af leir og grjóti, sem á hefur runnið. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Trékyllisvíkurhreppur 1706*).
- **Krossnes:** ...er það léttvæg bújörð, með því útheyslægjur, eru þar reytingssamar og hætt við skriður falli á þær, en túnið er eitthvert hið besta hér í sveitinni (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Árnassókn, 1852*).
- **Norðurfjörður:** ...Landlítil er hún og hætt við að skriður falli á hana (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Árnassókn, 1852*).
- **Melar:** ...Á engjarnar renna skriður og hafa nokkurn part þeirra fordjarfað. Hætt er pening fyrir snjóflóðum et cetera. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Trékyllisvíkurhreppur 1706*).
- **Melar:** ...en mjög liggur jörðin undir áföllum af skriðum og gengur árlega úr sér þess vegna (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Árnassókn, 1852*).
- **Hlíðarhús:** ...Tún sem þar er, fordjarfast stórkostlega af sandfjúki. Allt annað hefur hún sameiginlegt með heimajörðinni (Melar). (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Trékyllisvíkurhreppur 1706*).
- **Hlíðarhús:** ...Hlíðarhús og er það í Melalandi. Það er nú brúkað fyrir stekk frá Melum, og segja menn, að bærinn hafi lagst í eyði af snjóflóði og skriðum, því hann hefur staðið rétt undir fjallinu og klettur fyrir ofan bæinn (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Árnassókn, 1852*).
- **Trékyllisvík:** ...Við víkurbotninn eru víðlendar mýrar og sjávargrundir, en sunnan og austan við þær rís Finnbogastaðafjall. ...Á mýrunum undir því er klettur einn mikill og einstakur, sem nefnist Kleppa. Upp af honum í fjallsbrúninni er stórt skarð og sérkennilegt, eins og geysistört V í laginu. Um klettinn og skarðið er þessi munnmælasaga sögð: Kleppa, tröllkona sú, er bjó á Kleppustöðum í Staðardal, var í góðum kunningsskap við Finnboga ramma., þegar hann bjó á Finnbogastöðum í Trékyllisvík. Einhverju sinn kom þó upp misklið á milli þeirra, og beið Kleppa lægri hlut í deilunni. Reiddist kerling þá ákaflega og hugðist launa Finnboga lambið gráa. ...heldur fór hann að baki Kleppu á fjall upp og spyrnti þar fram bjargi miklu með svo miklum tröllsskap, að kletturinn lenti á Kleppu, þar sem hún var á mýrunum við iðju sína, og beið hún þegar bana. En mýrarnar hafa jafna þótt votlendar síðan. Kletturinn, sem varð Kleppu að bana, er þarna enn á mýrunum og ber nafn hennar, en skarð er í fjallið, þar sem sprakk fram undan sparki Finnboga (*Árbók FÍ, 1952*).
- **Árnes:** ...Túnið er stórum fordjarfað af harðindum. Engjar sem áður voru mjög litlar eru stórum fordjarfaðar af leir og grjótskriðum. Hagar sumir í sama máta skemmdir. ...Sterkviðri og skriður fordjarfa hér landið smám saman. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Trékyllisvíkurhreppur 1706*).
- **Árnes:** ...að sönnu er hætt við skriðum úr Árnesfjalli, en ekki skemma þær mjög engjar (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Árnassókn, 1852*).

- **Bær í Trékyllisvík:** ...Engjar og hagar spillast stórlega af skriðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Trékyllisvíkurhreppur 1706*).
- **Finnbogastaðir:** ...Engjar fordjarfast af vatnsaga, líka hafa skriður sumt af þeim fordjarfað. Veturhart mjög. Hætt fyrir kvikfénað af skriðum, lækjum og djújum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Trékyllisvíkurhreppur 1706*).
- **Finnbogastaðir:** ...heyskaparjörð í betra lagi en landlétt og landþröng, og liggur hún undir áföllum af skriðum úr Finnbogastaðafjalli, sem mjög skemma engjarnar, en túnið er gott og er þó hætt við, að sandur fjúki á það (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Árnassókn, 1852*).
- **Litla-Ávík:** ...Hætt fyrir pening af skriðum og flæðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Trékyllisvíkurhreppur 1706*).
- **Kjörvogur:** ...Hætt er fyrir fénað af snjóflóðum, djújum, skriðum og klettum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Trékyllisvíkurhreppur 1706*).
- **Kjörvogur:** ...er það allgöð jörð, því þar er nægilegur heyskapur og góðir búfjárhagar, en mjög liggur jörðin undir áföllum af skriðum úr Sætrafjalli (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Árnassókn, 1852*).
- **Kjörvogur:** ...Utan við kleifina tekur Kjörvogshlíð við og nær út að Kjörvogi. Hún er löng, mjög brött og víða skriðurunnin. Þar er mikil skriðu- og snjóflóðahætta. Í stórrígingum á sumrin hlaupa oft aurskriður fram og taka veginn í sundur (*Árbók FÍ, 2000*).
- **Naustavík í Reykjarfirði:** ...Landið spillist mjög af skriðum jafnaðarlega. Hætt fyrir kvikfénað af snjóflóðum, skriðum og flæðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Trékyllisvíkurhreppur 1706*).
- **Reykjafjörður:** ...Engjar spillast af skriðum og lækjum, sem á bera leir og grjót. Vetrhart vegna snjóa. Hætt er kvikfénaði af snjóflóðum, skriðum, flæðum, pyttum og lækjum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Trékyllisvíkurhreppur 1706*).
- **Kambur í Veiðileysufirði:** ...Engjar eru skemmdar, sumpart af skriðum en sumpart af vatnsaga. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Trékyllisvíkurhreppur 1706*).
- **Kambur:** ...túnið er gott og slægjur nægilegar, en heldur er þar skriðuhætt úr Kambinum (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Árnassókn, 1852*).
- **Byrgisvík í Veiðileysufirði:** ...Engjar spillast af skriðum, sem jafnlega á þær renna. Hagar fordjarfast með sama slag. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Trékyllisvíkurhreppur 1706*).
- **Byrgisvík:** ...Jörðin er 8 hndr. að dýrðleika, en gæðalítill, því hún liggur undir áföllum af skriðum og skemmist árlega (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Árnassókn, 1852*).

– **Kolbeinsvík:** ...Kolbeinsvík er syðsta ábýlisjörð í Árneshreppi. ...Þegar komið er norður fyrir Spenann taka við sléttar grundir, sem ná heim að túngarði sem hlaðinn er úr grjót. Það er gömul sögn, að skriða hafi fallið úr fjallinu á túnið og stöðvast þar, en bóndinn sem þá bjó í Kolbeinsvík hafi tekið stærsta grjótið og hlaðið garðinn sem enn stendur. ...upp að Hrauni, en svo nefnist fylla ein mikil er runnið hefur úr fjallinu og bærinn stendur undir. Um það er fyllan rann úr fjallinu er eftirfarandi sögn: Í Kolbeinsvíkurfjalli bjó skessa ein ...skessan tók það til bragðs að sprengja stykki úr fjallinu og láta það falla yfir bæinn. ...heyra þeir dunur og mikinn hávaða úr fjallinu. Þeir fara út úr bænum sem fljótast og sjá þá bergfylluna æða niður bratta hlíðina og stefna á bæinn. Guðmundur góði breiddi þá út faðminn móti skriðunni og stöðvaðist hún nokkra faðma frá bænum. ...eins er með fylluna sem Guðmundur góði stöðvaði að aldrei hefur fallið steinn úr henni, í átt til bæjarins þó grjótið sýnist hanga laust framan í henni (*Ingi Guðmonsson, Eyðibýlið Kolbeinsvík, Strandapósturinn, 1981*).

– **Kolbeinsvík:** ...Kolbeinsvík er syðsta jörðin í Árneshreppi. ...Kolbeinsvík var rýrðarkot og aðþrengt. Rétt innan við bæinn sést móta fyrir hlöðnum grjótgarði. Hann var hlaðinn í upphafi aldarinnar sem skriðuvarnargarður og sést vel að skriður hafa fyllt upp að honum sunnan megin (*Árbók FÍ, 2000*).

– **Kolbeinsvíkurdalur:** ...Skammt fyrir sunnan Kolbeinsvíkurbæ er fjallsöxl sú eða urðarhjalli, er Speni heitir. Er hann frálaus brúninni á meginfjallinu og hvolft eða hvilft upp af. Segir sagan, að tröllskessa ein, er byggð átti í fjallinu, hafði ímugust mikinn á bóndanum í Kolbeinsvík og byggð hann svo nær sér. Leitaði hún margra bragða til að fjarlægja búsetu hans, ella fyrirkoma bónda og öllu hans hyski, ef þess mætti fremur auðið verða. Nótt eina verður það því tiltæki hennar, að hún sest sér sem hægast á fjallseggjarnar og hyggst spyrna fram vænni sneið af fjallinu niður yfir bæinn, svo enginn þyrfti um að binda, ef fyrir yrði. En kerla varaði sig ekki á því, að þessa sömu nótt var Gvendur biskup hinn góði nætursakir í Kolbeinsvík. Vaknaði hann skjótt við grjóthrunið, er fjallshlíðin fór að skriða fram, og vindur sér út úr bænum. Sér biskup þegar, hvers kyns er. Breiðir hann þá út faðminn móti hrapandi fjallinu og segir. „Hjálp þú nú, drottinn, eigi má veslingur minn“. Á sömu stundu og biskup mælir þetta, stöðvast grjóthrunið, og landsigið sest að, þar sem nú er, og hefur eigi hreyfst síðan. Er það böllturinn Speni, milli Skreflna og Kolbeinsvíkur (*Árbók FÍ, 1952*).

## Kaldbaksvík

– **Kaldbakur** ...Engjar spillast af jafnaðarlegum snjóflóðum á vetrum með grjóti. Hagarnir spillast í sama máta. Snjóflóð ganga jafnaðarlega úr fjallinu norðan fram, sem fordjarfa bæði engjar og haga, og með þeim falla grjótskriður. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Kaldaðarneshreppur 1706*).

– **Kleifar:** ...Enginu spillir grjót, sem á rennur úr fjallinu, þær eru og mjög votlendar. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Kaldaðarneshreppur 1706*).

–**Kaldbaksdalur:** ...Munnmæli segja að hann (Önundur tréfótur) sé heygður frammarlega í dalnum, ásamt fleiri ættingjum sínum, enda segir Grettissaga, að Önundur liggi í Tréfótshaugi. Skriður kvað nú hafa fallið ofan í dalinn, þar sem

haugarnir voru, og hulið þá að nokkru. Eitthvað kvað þó sjást þar fyrir fornlegum mannvirkjum (*Pétur Jónsson frá Sökkum, Strandamannabók, 1947*).

– **Kaldbaksdalur :** ...Innst á dalnum eru Önundarhaugar og telja munnmæli, að Önundur tréfótur sé heygður þar. Skriðuföll hafa nú grafið haugana að nokkru og raskað þeim, frá því sem áður var, en þó telur alþýða, að þar sjái enn til mannverka (*Árbók FÍ, 1952*).

– **Kaldbakskleif:** ...Torfæra mesta í sókninni er svo kölluð Kaldbakskleif, sem (er) bæði löng og líka hættuleg. Fjallið Kaldbakshorn mænir ofan við hliðina. Oft kemur steinn þar ofan yfir, eins og honum væri kastað úr háa lofti, því brún fjallsins beygist fram yfir klettana, og úr henni hrynur grjótið helst. Kleifin má ryðjast haust og vor með miklum erfiðismunum, sakir stórbjarga, sem falla úr Kaldbakshorni ofan yfir veginn (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Kaldrananessókn, 1840*).

– **Kaldbakskleif:** ...að lokum er þess skemmst að minnast, að Jóhannes Jónsson frá Asparvík hefur sagt mér frá stórum steini, með glitflögum og eflaust útlendum, sem hann man vel eftir í fjörunni norðan Slitranef undir Kaldbaksvíkurkleif. Sá steinn hvarf um 1930, og hefur sennilega hrunið yfir hann úr Kleifinni (*Guðmundur Kjartansson, Um stutt kynni af landslagi á Ströndum og um steinninn í Stóru-Ávík, Strandapóstinn, 1970*).

## Balar

– **Balar (alm.):** ...á bak við talin fjöll eru graslaus holt, urðir og í einstökustað eyðisandur. Undirlendið eru hrjóstrugar hliðar, svo brattar, að flestir steinar, sem hrynja úr fjöllum, falla í sjó niður (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Kaldrananessókn, 1840*).

– **Eyjar:** ...Jörðin spillist jafnaðarlega af skriðum, sandfjúki og uppblæstri. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Kaldaðarneshreppur 1706*).

– **Eyjar:** ...Eyjar, Asparvík, á Bølum kallað. ...En bæir að norðanverðu við Bjarnarfjörð, – á Bölunum – eru undirkastaðir miklum skemmdum af skriðum, og er þar yfir lítill heyskapur, þá túnin eru undantekin (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Kaldrananessókn, 1840*).

– **Asparvík:** ...Túnið spillist af sandfoki og harðindum. Engjar spillast af grjóthruni og snjóflóðum. Hagarnir af sama og af skriðum (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Kaldaðarneshreppur 1706*).

– **Asparvík:** ...Eyjar, Asparvík, á Bølum kallað. ...En bæir að norðanverðu við Bjarnarfjörð, – á Bölunum – eru undirkastaðir miklum skemmdum af skriðum, og er þar yfir lítill heyskapur, þá túnin eru undantekin (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Kaldrananessókn, 1840*).

– **Brúará:** ...Engjar eru litlar og á dreif. Þær spillast af leirskriðum og lækjum sem bera grjót á. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Kaldaðarneshreppur 1706*).

– **Reykjarvík:** ...Landið allt smáblæs upp og spillist af aurlækjum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Kaldaðarneshreppur 1706*).

## **Bjarnarfjörður**

– **Klúka:** ...Engjar ganga úr sér af grjóti og skriðum. Hagar í sama máta spillast. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Kaldaðarneshreppur 1706*).

– **Svanshóll:** ...Landinu og engjaparti er hætt við fordjörfun af skriðum og snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Kaldaðarneshreppur 1706*).

– **Goðdalur:** ...Engjar spillast af grjótskriðum úr fjallinu. Landið spillist mjög með sama móti. Vetrarhart mjög. Hætt fyrir fénað af snjóflóðum og skriðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Kaldaðarneshreppur 1706*).

– **Tungukot í Goðdal:** ...Kostir og ókostir eru allir hinir sömu og með heimajörðinni (Goðdal) nema snjóflóðahættara, skriðuminna og vatnsból verra. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Kaldaðarneshreppur 1706*).

## **Steingrímsfjörður**

– **Gilsstaðir í Selárdal:** ...Tún engjar og hagar skemmast oft af aurlækjum (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Staðarhreppur 1709*).

– **Geirmundarstaðir í Selárdal:** ...Jörðin spillist smámsaman af aurlækjum. Jarðföll hafa þar og stórum skemmt. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Staðarhreppur 1709*).

– **Staður:** ...Tún er stórlega fordjarfað af grjótskriðu úr gili einu, og hætt af sama gili meiru af túninu, jafnvel staðnum og kirkjunni. Engjar spillast af skriðum og snjóflóðum. Hagar í sama máta af skriðum og uppblæstri. ...Hætt er fé sumsstaðar fyrir snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Staðarhreppur 1709*).

– **Staður:** ...Tún staðarins er slétt og sæmilega grasgefið, en engjar skemmast árlega af skriðuföllum og aurárennsli. (*Johnsens Jarðatal, 1847*).

– **Kolbjarnarstaðir í Staðardal:** ...Eyðihjáleiga í heimalandi Staðs. ...Tún er slæmt og lítið, sumpart komið í skriðu. Hagar sömu með heimajörðinni (Staður). (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Staðarhreppur 1709*).

– **Hólar í Staðardal:** ...Engjar grýttar og spillast bæði af skriðum go landbroti af ánni. Hagar spillast af skriðum og jarðföllum. Snjóflóðahætta bæði fyrir menn og fénað. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Staðarhreppur 1709*).

– **Kirkjuból í Staðardal:** ...Landskuld lxxx álnir til forna, en nú í þrettán ár hefur hún verið, síðan þar hljóp skriða, og er enn nú lx álnir (1696). ...Engjar mestallar af og er slegið á dreif og er mjög grýtt. Hagar spillast jafnlega af skriðum og grjótfalli úr klettum. Snjóflóðahætt mjög. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Staðarhreppur 1709*).

– **Kleppustaðir í Staðardal:** ...Hjáleiga Staðs. ...Engjar grýttar, votar og spillast af skriðum og snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Staðarhreppur 1709*).

– **Aratunga í Staðardal:** ...Hjáleiga Staðs. ...Tún og engjar er í meðallagi ef bygðist. Annað er sama með heimajörðinni (Staður). (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Staðarhreppur 1709*).

– **Víðivellir í Staðardal:** ...Tún er stórum skemmt og sumpart eyðilaggt af sandi leir og skriðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Staðarhreppur 1709*).

– **Bjarnarvík:** ...Skammt fyrir innan bæinn Ós í Steingrímsfirði er svonefnd Óskleif, þar sem klettatangi gengur nokkuð í sjó fram. Rétt fyrir innan kleifina er dálítill vík, svonefnd Ósvík (Bjarnarvík). Til forna hefir auðsýnilega stór skriða fallið niður í botn vikurinnar. Hefir skriðan fallið úr svonefndum Ósborgum fyrir ofan víkina. Innan til við skriðu þessa sést enn móta fyrir fornlegu garðbroti og fylgja þau munnmæli, að þarna hafi eitt sinn býli verið og hafi það tekið af með þeim atburðum, sem hér greinir. Einhvern tíma til forna bjuggu þarna hjón, sem ekki voru við alþýðuskap og þóttu illa kristin. Unglingsstúlka nokkur var í vist hjá þeim hjónum, og er ekki getið fleiri manna þar á heimili. Stúlka þessi hafði það fyrir vana að gefa heimahröfnunum af mat sínum og urðu þeir svo spakir, að þeir nærri tíndu mat úr lófum stúlkunnar. Svo bar við einn morgunn, þegar stúlkan ætlaði að gefa hröfnunum, að þeir vildu ekki taka við matnum, heldur flögruðu frá henni og krunkuðu í ákafa. Stúlkunni þótti þetta kynlegt og fór í humátt eftir þeim með matinn. En hrafarnir vildu ekkert sinna matnum og létu stúlkuna elta sig allt út undir túngarð. Þegar stúlkan var komin út undir túnjaðar brast skriða úr fjallinu yfir bæinn og tók hann af og mest allt túnið, og þar fórust þau karl og kerling (*Helgi Guðmundsson og Arngr. Fr. Bjarnason, Vestfirskar sagnir II, 1945*).

– **Bjarnarvík:** ...Annað eyðikotið, sem talið er, að staðið hafi undir norðurhorni fellsins og orðið þar undir skriðu, hafi heitið Bjarnarvík (*Pétur Jónsson frá Sökkum, Strandamannabók, 1947*).

– **Bjarnarvík:** ...Þar sem fellin eru hæst og bröttust, er stórgrýtisurð allt í sjó og kallast þar Kleif eða Óskleif. Innan til við urð þá er vík, er nefnist Bjarnarvík. Munnmæli eru það gömul, að þar hafi fyrrum verið býli, er eyðst hafi vegna grjóts og skriðufalla úr Fellunum. Hvað svo sem líður sennileik þeirrar sagnar, er svo mikið víst, að greinilega sér fyrir garði, er hverfur undir urðina (*Árbók FÍ, 1952*).

– **Skeljavík:** ...Engjar spillast af skriðum og leir. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Staðarhreppur 1709*).

- **Vatnshorn í Þiðriksvalladal:** ...Á engjar ber áin sumsstaðar sand, en sumsstaðir spillast þær af skriðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Staðarhreppur 1709*).
- **Arnkötlustaðir:** ...Engjar votar og þær bestu langt burt og skriðuhættar. Skriðuhætt víða. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Tröllatunguhreppur 1709*).
- **Tröllatunga:** ...Jörðin spillist stórum af skriðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Tröllatunguhreppur 1709*).
- **Tröllatunga:** ...hún hefir nóg og grasgefið landrými en útheyslægjur fara ár frá ári minnkandi af skriðuföllum og eins túnið af ánni. (*Johnsens Jarðatal, 1847*).
- **Hlíðarsel á Tungudal:** ...Þessi hjáleiga kann ekki byggjast, því bæði tók skriða af tún og engjar og vegg eins af bænum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Tröllatunguhreppur 1709*).
- **Hlíðarsel:** ...Hlíðasel (eyðihjáleiga frá Tröllatungu), eyddist af skriðuföllum (*Ólafur Olavíus, Ferðabók 1775–1777*).
- **Hlíðarsel:** ...Hlíðarsel (framar í dalnum (Tungudal) hefur eyðilagst af skriðum, nær vita menn ekki (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Tröllatungu– og Fellssóknir, 1839*).
- **Tungudalur:** ...yfirhöfuð eru allar daljarðir í báðum sóknunum, ár frá ári, að ganga úr sér, vegna skriðufalla úr bröttum hlíðum sérdeilis Tungudalur, hvern bæði skriður og landbrot af ánni og árennsli yfir eyrar, hafa að mestu eyðilagst af slægjum, sem áður voru miklar og góðar, en beitarnland er þar enn þá nægjanlegt. Þar næst Heydalur, sem og svo er líkum skaða undirorpinn, þó ei eins. Hinir slægnadalirnir hafa meira flatlendi og ei eins brattar eða háar hlíðar, skemmast því minna, þó nokkuð sé (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Tröllatungu– og Fellssóknir, 1839*).
- **Miðdalsgröf:** ...Engjar spillast jafnlega af skriðum og vatnauppgangi. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Tröllatunguhreppur 1709*).
- **Tindur í Miðdal:** ...Jörðin spillist í högum jafnlega af skriðum. Snjóflóð framarlega í dalnum koma oft á vetur. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Tröllatunguhreppur 1709*).
- **Miðdalur, Hallruni:** ...að fjallvegurinn Hallruni, sem liggur úr Miðdal að Brekku í Gilsfirði í Garpdalskirkjusókn, er nú vega ófæru af skriðum fyrir nokkru aflagður (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Tröllatungu– og Fellssóknir, 1839*).
- **Geststaðir í Miðdal:** ...Túnið spillist af skriðu sem gil ber á, sem rennur um túnið. Engjar eru á dreif, ósamheldar, votsóttar, spillast af skriðum og vatnsgangi, og illt til að sækja. Hagar spillast af skriðum og snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Tröllatunguhreppur 1709*).



– **Heydalsá:** ...Engjar öngvar nálægt, hinar lengra frá mikinn part af teknar af skriðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Tröllatunguhreppur 1709*).

– **Heydalur:** ...yfirhöfuð eru allar daljarðir í báðum sóknunum, ár frá ári, að ganga úr sér, vegna skriðufalla úr bröttum hlíðum sérdeilis Tungudalur, hvern bæði skriður og landbrot af ánni og árennsli yfir eyrar, hafa að mestu eyðilaggt af slægjum, sem áður voru miklar og góðar, en beitarland er þar enn þá nægjanlegt. Þar næst Heydalur, sem og svo er líkum skaða undirorpinn, þó ei eins. Hinir slægnadalirnir hafa meira flatlendi og ei eins brattar eða háar hlíðar, skemmast því minna, þó nokkuð sé (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Tröllatungu– og Fellssóknir, 1839*).

– **Hvalsá:** ...Landskuld hefur fyrrum verið 1x álnir, en fyrir nærri 20 árum bar áin skriðu uppá völlinn (um 1690). (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Tröllatunguhreppur 1709*).

## Kollafjörður

– **Hlíð:** ...Engjar spillast af skriðum og aurlækjum. Hagar í sama máta. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Bitruhreppur 1709*).

– **Ljufustaðir:** ...Túnið er hart og snögggt og liggur undir jafnaðarhluta af gili einu, jafnvel kynni bærinn af því í hættu að vera. Engjar spillast af skriðum úr fjallinu og aurlækjum, einnig af grjóti og sandi úr ánni. Hagar spillast í sama máta. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Bitruhreppur 1709*).

– **Steinadalur:** ...Túnið fordjarfast af gili einu, líka hleypur jafnan vatn úr því undir bæinn. Engjar eru flestar langt í burtu og erfitt til að sækja. Þær spillast sumsstaðar af vatnsaga, skriðum og snjóflóðum. Hagar spillast í sama máta. Snjóflóðahætt fyrir fé og hesta. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Bitruhreppur 1709*).

– **Fell:** ...Kirkjan og bærinn eru í hættu af gili einu, sem hlaupið hefur bæði inni kirkjuna og bæinn. Túnið hefur stórum fordjarfast og er í hættu af sama gili. Hagar spillast af skriðum, jarðföllum og flóðum. Hætt er fénaði af mógröfum gömlum, snjóflóðum, skriðum og hrapar úr klettum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Bitruhreppur 1709*).

– **Hamar:** ...Túnið spillist af aurlækjum, annað er sama með heimajörðinni (Felli). (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Bitruhreppur 1709*).

– **Hamar:** ...bæði er þessi jörð (Þrúðardalur) og Hamrar undirornar skaða, þá til vill af skriðum og snjóflóðum (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Tröllatungu– og Fellssóknir, 1839*).

– **Þrúðardalur:** ...Túnið skemmist stundum nokkuð af skriðu. Engjar fordjarfast af skriðum úr fjallinu. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Bitruhreppur 1709*).

– **Þrúðardalur:** ...bæði er þessi jörð (Þrúðardalur) og Hamrar undirorpnar skaða, þá til vill af skriðum og snjóflóðum (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Tröllatungu- og Fellssóknir, 1839*).

– **Þorsteinsstaðir:** ...Annað er sama með heimajörðinni (Þrúðardalur). (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Bitruhreppur 1709*).

## Bitrufjörður

– **Ennishöfði:** ...Annar og sjaldfærari vegur er frá Broddadalsá í kringum Ennishöfða við Skriðnesenni, sem er ysti bær í Bitru, vestan megin. ...Bitru megin vikurinnar er forvaði, og fellur þar sjór í berg um flóð, svo að ófært er jafnvel gangandi mönnum, en nokkuð uppi í hamrinum er einstigi, sem nú er fært hestum. Áður var þverhníptur klettur í eystri enda einstigsins, sem lokaði því á þann veginn. Varð því að hafa þar stiga, svo að gangandi menn kæmust þar leiðar sinnar hvernig sem stóð á sjó. Af því dró höfðinn nafn og var stundum kallaður Ennisstigi og kletturinn Stigaklettur. Fyrir nokkrum árum hrundi kletturinn, sem lokaði einstiginu. Var þá lagður hestavegur yfir forvaðann (*Pétur Jónsson frá Sökkum, Strandamannabók, 1947*).

– **Skriðnesenni:** ...Snjóflóðahætt sumsstaðar. Skriður fordjarfa þar landið stórum og jafnlega. ... (fornt býli í landi Skriðningsennis, nafn óþekkt): Í landinu sjást girðingar, meinast hafa verið gamalt býli. Er allt komið í grjót og skriðu. Kann ómögulegt að byggjast. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Bitruhreppur 1709*).

– **Brekka:** ...Túnið spillist af grjóti og sandi úr gili einu. Engjar spillast af aurlækjum. Hagar í sama máta af aurskriðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Bitruhreppur 1709*).

– **Hvítahlíð:** ...Hagar spillast lítilfjörlega af aurlækjum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Bitruhreppur 1709*).

– **Gröf:** ...Túnið spillist af gili, sem jafnvel hefur nokkurn part þar af tekið. Engjar spillast í sama máta af gili einu. Hagar af aurlækjum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Bitruhreppur 1709*).

– **Einfættingsgil:** ...Hætt fyrir fénað af lækjum, foröðum og snjóflóðum. Túnið fordjarfað og brýtur gil stórt þar hjá. Engjar spillast af leir, sandi og grjóti úr Krossá, giljum og aurlækjum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Bitruhreppur 1709*).

– **Skáney:** ...Kann ei að byggjast fyrir gili einu, sem mikinn part hefur túnstæðið af brotið, og fyrir ófönnum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Bitruhreppur 1709*).

– **Óspakseyri:** ...Engjar fordjarfast af aurlækjum úr fjallinu og líka af Tunguá. Snjóflóðahætt er þar sumsstaðar. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Bitruhreppur 1709*).

- **Kjóastaðir:** ...Jörðin fordjarfast árlega á engjum og høgum af aur, sandi, grjóti, vatnságangi, skriðum, snjóflóðum og sterkviðrum, svo líklegt sýnist að innan skamms muni eyðileggjast. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Bitruhreppur 1709*).
  
- **Hóll:** ...Tún er að segja ekkert. Engjar mjög lítilfjörlegar. Allt annað er eins og á Kjóastöðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Bitruhreppur 1709*).
  
- **Brunngil:** ...Engjar fordjarfast af grjóti úr tveimur ám. Hagar af skriðum og snjóflóðum og mörgum jarðföllum og af þessu er fénaður í hættu. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Bitruhreppur 1709*).
  
- **Brunngil:** ...Ókostajarðir eru einkum Þóroddsstaðir (Þórustaðir) og Brunngil, því þær liggja undir fjallskriðum (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Prestbakka– og Óspakseyrarsóknir, 1844*).
  
- **Þórustaðir/Þóroddsstaðir:** ...Leigukúgildi hafa fyrrum verið iii, en þar eftir i fækkað vegna stórkostlegar skriðu, sem á féll, voru síðan langvarandi iii. ...Túnið liggur á skriðum og mýrlent á milli, en skemmist af aurlækjum. Engjar á dreif, skemmast sumar af leir, sandi og grjóti úr Tunguá, en sumar af vatnsaga. Hagar eru stórum árlega að fordjarfast af skriðum, og skriðujarðfall sýnist yfir vofa í fjallinu upp undan bænum, hætt fyrir bæinn og túnið. Snjóflóð renna oft úr fjallinu, hætt fyrir fénað. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Bitruhreppur 1709*).
  
- **Þórustaðir/Þóroddsstaðir:** ...Ókostajarðir eru einkum Þóroddsstaðir (Þórustaðir) og Brunngil, því þær liggja undir fjallskriðum (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Prestbakka– og Óspakseyrarsóknir, 1844*).
  
- **Þambárvellir:** ...Engjar eru slæmar, votlendar, dreifðar, langt burt og heyslæmar og spillast af aur og vatni, og heyvegur langur og vondur. Hagar af grjóti, skriðum og jarðföllum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Bitruhreppur 1709*).